



Rannsóknarstöð þjóðmála
Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Hvernig haga einstæðir foreldrar fæðingarorlofi

eftir

Guðnýju Björk Eydal og Rannveigu Sigríði Ragnarsdóttir

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Inngangur.....	4
1. Löggjöf um fæðingarorlof.....	6
Réttindi einstæðra foreldra.....	9
2. Hvaða áhrif hefur fjölskyldustaða á nýtingu fæðingarorlofs?.....	13
3. Framkvæmd.....	18
Val á rannsóknaraðferð.....	18
Undirbúningur úrtaks.....	19
Pátttakendur.....	20
Viðtalsvísir.....	22
Gagnaöflun.....	22
Skráning og úrvinnsla gagna.....	23
4. Niðurstöður.....	24
4.1 Fyrir fæðingu barns.....	24
Samband foreldra fyrir fæðingu.....	24
Viðbrögð við frétt um þungunina.....	27
Meðgönguferlið.....	30
Pekking á fæðingarorlofsréttinum.....	33
Þörf fyrir ráðgjöf varðandi fæðingarorlof.....	35
4.2. Fæðing og fæðingarorlof.....	41
Samband foreldra eftir fæðingu barns.....	41
Tilhögun fæðingarorlofsins.....	46
Samband barns og foreldris.....	55
Ábyrgðartilfinning.....	59
Hlutverk foreldra í fæðingarorlofi.....	62
Áhrif fæðingarorlofs á tekjur.....	64
Brjóstagjöf.....	66
Umönnun barns eftir fæðingarorlof.....	68
4.3 Viðhorf foreldra til fæðingarorlofs.....	71
Lengd fæðingarorlofsins.....	72
Samþykki móður.....	75
Niðurstöður og umræða.....	80
Heimildir.....	87
Viðauki 1. Viðtalsvísir.....	91
Viðauki 2. Upplýst samþykki.....	95

Útdráttur

Megintilgangur rannsóknarinnar er að öðlast þekkingu og skilning á aðstæðum foreldra sem ekki fara sameiginlega með forsjá til fæðingarorlofstöku. Rannsóknin byggir annars vegar á greiningu fyrirbyggjandi meginlegra gagna og hins vegar á eigindlegri viðtalsrannsókn þar sem tekin voru ellefu viðtöl.

Helstu niðurstöður meginlegu rannsóknarinnar benda til þess að fjölskyldustaða hefur áhrif á nýtingu feðra á fæðingarorlofi, en marktækur munur var á fæðingarorlofstöku feðra sem bjuggu með barnsmóður og þeirra sem ekki bjuggu með börnum sínum.

Niðurstöður eigindlegu viðtalsrannsóknarinnar veita innsýn í þær fjölbreytilegu aðstæður sem barnafjölskyldur búa við. Samband viðmælanda var misjafnt á meðgöngu og það átti einnig við eftir fæðingu barns. Hjá nokkrum mæðrum var lítið samband við föður fyrir fæðingu barns og það breyttist ekki eftir fæðingu. Þessir feður eiga það sameiginlegt að hafa ekki tekið virkan þátt í meðgönguferlinu, né verið viðstaddir fæðinguna eða tekið fæðingarorlof. Í öðrum tilvikum voru feður í góðu sambandi við börn sín, tóku fæðingarorlof og ræktu umgengni við þau.

Foreldrar höguðu fæðingarorlofi nær allir á þann veg að mæður tóku 6 mánuði en mjög mismunandi var hversu langt fæðingarorlof feður tóku, allt frá engu upp í 6 mánuði. Ástæður þess að feður tóku ekki fæðingarorlof voru misjafnar, lítil samskipti á milli foreldra á meðgöngu, sambandsslit sem endaðu illa, áhugaleysi föður og í einu tilviki þekkti faðir ekki rétt sinn. Í einu tilviki neitaði móðir að skrifa undir orlofstöku þar sem hún efaðist um að faðirinn myndi sjá um barnið og í öðru átti faðir ekki rétt á fæðingarstyrk nema að hann færi með forsjá barns, en þeirri tilhögun hefur nú verið breytt. Viðtölin veittu innsýn í hversu flókið verkefni það er fyrir foreldra, sem ekki þekkjast vel eða hafa nýlega verið í parsambandi sem ekki hefur gengið, að þróa gott samband og traust til hvers annars sem foreldrar. Það er niðurstaða rannsóknarinnar að með markvissri fjölskyldu- og félagsráðgjöf væri hægt að styðja foreldra sem ekki búa saman í að takast á við mörg þau úrlausnarefni sem þeir þurfa að fást við á fyrstu ævímánuðum barns.

Inngangur

Lög um fæðingar-og foreldraorlof (nr. 95/2000) hafa vakið mikla athygli á alþjóðavettvangi fyrir það hversu mikinn sjálfstæðan rétt þau veita feðrum til fæðingarorlofs. Til að forsjárlaust foreldri geti nýtt sér rétt til fæðingarorlofs þarf það samþykki þess foreldris sem fer með forsjá barnsins, til að forsjárlausa foreldrið geti haft umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlof stendur yfir. Hérlendis er hlutfall þeirra barna sem búa hjá einu foreldri með því hæsta sem gerist á Vesturlöndum. Talsvert hefur verið unnið að rannsóknum á nýtingu orlofsins en engin rannsókn hefur beinst sérstaklega að því hvernig einstæðir foreldrar haga fæðingarorlofinu.

Megintilgangur rannsóknarinnar er að öðlast þekkingu og skilning á aðstæðum foreldra sem ekki fara sameiginlega með forsjá til fæðingarorlofstöku. Hvernig semja foreldrar sem ekki búa saman um tilhögun orlofsins? Hvaða áhrif telja þeir að tilhögun orlofstöku hafi á samband barns við foreldra sína? Vitað er að mæður nýta í nær öllum tilvikum rétt til fæðingarorlofs en hvaða ástæður liggja að baki ákvörðunum feðra um að taka eða taka ekki fæðingarorlof? Eru það mæðurnar sem ekki veita samþykki sitt eða treysta feður sér ekki til að nýta rétt sinn, og ef svo af hverju?

Þekking á högum þessara fjölskyldna og hvernig löggjöfin nýtist þeim er mikilvæg bæði fyrir íslenskt þjóðfélag og eins þau lönd sem hyggjast taka upp löggjöf sem byggir á hinni íslensku fyrirmynd.

Til að afla þessar þekkingar var aflað bæði megindlegra og eigindlegra gagna. Annars vegar var um að ræða fyrirliggjandi gögn úr rannsókn umsjónarmanns sem veittu upplýsingar um hvernig foreldrar sem eignuðust fyrsta barn sitt árið 2003 höguðu orlofstöku. Þau gögn veita m.a. upplýsingar um hvernig feður sem ekki búa með börnum sínum nýta fæðingarorlofið borið saman við feður sem búa með börnum sínum. Hins vegar var framkvæmd viðtalsrannsókn meðal einstæðra foreldra til að afla gagna um þau atriði sem hin megindlegu gögn ná ekki að veita. Tilgangurinn með því að beita eigindlegum rannsókn aðferðum er að öðlast dýpri skilning á lífi og aðstæðum fárra

einstaklinga, með því að fá upplýsingar út frá þeirra sjónarhorni (Taylor og Bogdan, 1998). Tilgangur viðtalsrannsóknarinnar var að fá innsýn í fjölbreytilegar aðstæður barnafjölskyldna og skilning á því hvernig foreldra sem ekki búa saman taka ákvörðun um tilhögun orlofsins. Tekin voru ellefu hálfopin viðtöl, sem byggðu á viðtalsvísi en jafnframt var þátttakendum gefin kostur á að tjá sig um atriði sem þeir óskuðu eftir að ræða.

Nýsköpunarsjóður námsmanna veitti 2 mánaða styrk til rannsóknarinnar. Einnig var sótt um mótframlag til Félags- og tryggingamálaráðuneytisins sem veitti styrk í einn mánuð. Þeim er hér með þakkaður stuðningur við rannsóknina. Einnig eru viðmælendum sem tóku þátt í rannsókninni færðar bestu þakkir.

Rannveig S. Ragnarsdóttir, nemi á þriðja ári í BA námi í félagsráðgjöf vann hina eigindlegu viðtalsrannsókn undir handleiðslu og í samvinnu við umsjónarmann verkefnisins, Guðnýju Björk Eydal, dósent í félagsráðgjöf við HÍ. Námsmaður sá um undirbúning, hönnun og framkvæmd hinnar eigindlegu rannsóknar undir leiðsögn umsjónarmanns. Námsmaður tók öll viðtöl og afritaði. Þá vann námsmaður að mestu sjálfstætt að greiningu viðtalanna og skrifaði þann hluta skýrslunnar í samvinnu við umsjónarmann. Umsjónarmaður hefur undanfarin ár unnið að umfangsmikilli rannsókn á fæðingar- og foreldraorlofi og vann hann að þeim hluta rannsóknar sem beinist að greiningu á stefnu og meginlegum gögnum. Þá unnu námsmaður og umsjónarmaður saman að lokaskýrslu. Verk-og tímaáætlun stóðst í öllum aðalatriðum.

Í meðfylgjandi skýrslu er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknarinnar. Í fyrsta kafla verksins er rætt um löggjöf um fæðingarorlof með áherslu á réttindi einstæðra foreldra. Í öðrum kafla er gerð grein fyrir nýtingu foreldra á fæðingarorlofi og sérstök áhersla lögð á að skoða fjölskyldustöðu í því sambandi. Þá er gerð grein fyrir framkvæmd hinnar eigindlegu viðtalsrannsóknar og að lokum gerð grein fyrir helstu niðurstöðum hennar. Skýrslunni lýkur með stuttri samantekt og umræðu um þýðingu niðurstaðna.

1. Löggjöf um fæðingarorlof

Hérlendis tóku fyrstu lög um algildan rétt foreldra til greiðslu fæðingarorlofs gildi árið 1981 (Lög um fæðingarorlof nr. 91/1980). Á sjöunda og áttunda áratugnum breyttu öll Norðurlönd gildandi löggjöf um fæðingarorlof í því skyni að veita feðrum möguleika á þátttöku í fæðingarorlofi. Þrátt fyrir þetta nýttu feður þessi réttindi í mjög takmörkuðum mæli (Leira, 2002). Þá hófst umræða um að breyta lögnum í þá veru að feður öðluðust sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs sem ekki væri hægt að millifæra til móður. Með sjálfstæðum rétti er átt við réttindi sem feður hafa sjálfir fullan ráðstöfunarrétt yfir (Guðný Björk Eydal, 2006b).

Tillögur um slíkan sjálfstæðan rétt voru fyrst kynntar í Noregi 1988-1989, en Noregur varð fyrsta landið til að innleiða slíkt feðraorlof árið 1992. Þá fengu feður í Noregi sjálfstæðan rétt til fjögurra vikna feðraorlofs. Breytingin á norsku lögnum var ekki gerð vegna þrýstings frá feðrum, heldur var henni ætlað að hafa áhrif á hegðun feðra hvað varðar þátttöku í fæðingarorlofi. Yfir 70% feðra í Noregi nýttu sér þessi nýju réttindi (Leira, 1999). Danir veittu feðrum slík réttindi í takmarkaðan tíma en þau voru afnumin í kjölfar ríkisstjórnarskipta árið 2002 (Rostgaard, 2002; Finch, 2006). Svíar veittu feðrum sjálfstæðan rétt í einn mánuð árið 1996 og árið 2002 var tímabilið lengt í tvo mánuði. Norðmenn hafa bætt fimmtu vikunni við sjálfstæðan rétt feðra frá og með árinu 2006 (Finch, 2006).

Ekkert Norðurlandanna hefur gengið jafn langt og Ísland í þessum efnum en íslenska löggjöfin frá árinu 2000 tryggir móður og föður jafnan sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs, þrjá mánuði hvoru, auk sameiginlegra þriggja mánaða (Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000). Um markmið laganna segir í 2. gr.: „Markmið laga þessara er að tryggja barni samvistir bæði við föður og móður. Þá er lögum þessum ætlað að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.“ Mikilvæg breyting er að fyrirkomulagið, sem lögin frá 1980 byggðust á varðandi greiðslur, var aflagt og foreldrar, sem hafa verið í launuðu starfi tiltekinn tíma fyrir fæðingu barns, fá 80% af

fyrri launum samkvæmt ákveðnum reglum (Ingólfur V. Gíslason, 2007; Lög um fæðingar- og foreldraorlof).

Á sama tíma og þessar breytingar hafa átt sér stað varðandi réttindi feðra í fæðingarorlofi og áherslu á þátttöku þeirra í umönnun ungra barna sinna hefur áhersla á lagalegan rétt barna til umönnunar beggja foreldra farið vaxandi. Öll Norðurlöndin hafa t.d. breytt sifjalöggjöf sinni þannig að foreldrar geti farið áfram með sameiginlega forsjá barna sinna, þó þau slíti sambúð eða skilji eins og sjá má í meðfylgjandi töflu 1.

Tafla 1. Norðurlönd: Yfirlit yfir atriði í sifjarétti sem hafa áhrif á hlutverk og stöðu feðra.


	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Sameiginleg forsjá meginregla við skilnað	Já	Já	Já	Já	Já
Mögulegt að dæma foreldra til að fara sameiginlega með forsjá	Já	Já	Já	Já	Já
Mögulegt að taka tillit til umgengni þegar meðlag er ákvarðað	Nei	Já	Nei	Já	Já

(Guðný Björk Eydal, 2006a)

Á sama tíma hefur verið mótuð á öllum Norðurlöndum jafnréttisstefna og aðgerðir til að tryggja að hlutur kvenna og karla á vinnumarkaði sé sambærilegur. Þannig hefur hugmyndum um hefðbundna verkskiptingu foreldra smám saman verið varpað fyrir róða og áhersla lögð á jafnrétti bæði innan heimilis og utan (Sjá t.d. Ellingsæter og Leira, 2006; Eydal og Satka, 2006; Guðný Björk Eydal, 2006a; Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson, 2008; Sigrún Júlíusdóttir og Nanna Sigurðardóttir, 2005). Mikilvægt er að skoða réttindi barna til umönnunar beggja foreldra í þessu ljósi, um leið og áhersla er lögð á að tryggja þau er tilgangur laganna einnig að stuðla að jafnstöðu mæðra og feðra á vinnumarkaði.

Tiltölulega stutt er síðan sameiginleg forsjá var lögfest hérlendis, eða 1992 og 2006 var hún gerð að meginreglu við skilnað (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna Sigurðardóttir, 2005; Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson, 2008). Meðfylgjandi mynd

frá Hagstofu Íslands (2007) sýnir glögglega hversu hröð þróunin hefur verið á undanförunum árum.



Mynd 1: Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um forsjá barna úr lögskilnað

Þessar tölur sýna glögglega þá breytingu sem orðið hefur á hlutverki feðra, en á skömmum tíma hefur þróunin orðið sú að þeir fara í langflestum tilvikum sameiginlega með forsjá barna sinna.

Tölur frá Hagstofu Íslands yfir hjúskaparstöðu mæðra sýna einnig að talsverður hluti barna er fæddur utan hjónabands. Í flestum tilvikum eru foreldrar í sambúð en ákveðin hópur foreldra er ekki í sambandi við fæðingu barns eins og tafla 2 sýnir.

Tafla 2. Lifandi fæddir eftir hjúskaparstöðu mæðra

Fæðingarár	Í hjónabandi %	Í óvígðri sambúð %	Foreldrar ekki í sambúð %
1986-1990	47,7	43,0	9,3
1991-1995	41,5	48,3	10,1
1996-2000	36,4	50,8	12,6
2001-2005	36,3	48,0	15,5

(Hagstofa Íslands, 2007).

Talsverð aukning verður á tímabilinu á hlutfalli þeirra barna sem hvorki fæðast í hjónabandi né í óvígðri sambúð. Á tímabilinu 1986-1990 voru rúmlega 9% foreldra ekki í sambúð, borið saman við 15.5% á tímabilinu 2001-2005. Árið 2005 fæddust 631 barn af 4280 utan hjónabands og sambúðar.

Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að fjöldi barna sem býr með einu foreldri hefur farið vaxandi. Árið 1996 bjuggu 16.8% íslenskra barna hjá einu foreldri en þetta hlutfall hefur hækkað jafnt og þétt og árið 2006 var það orðið 23.1% (*Hagstofa Íslands*, 2007).

Tafla 3, Norðurlönd Hlutfall fjölskylda einstæðra foreldra með börn sem hlutfall af öllum fjölskyldum árið 2003.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
% af fjölskyldum sem eru einstæðir foreldrar með börn 0-17 ára	20	20	27	20	24
% sem eru einstæðir feður	14	13	8	14	21
% sem eru einstæðar mæður	86	87	92	86	79

(*Social Security in the Nordic Countries* 2003).

Þessar tölur sýna glögglega að hér er um stóra hópa barna að ræða og það staðfestir mikilvægi þess að huga sérstaklega að því hvernig foreldrar sem ekki búa saman við fæðingu haga fæðingarorlofi.

Réttindi einstæðra foreldra

Um réttindi einstæðra foreldra til fæðingarorlofs segir í 8. grein:

“Réttur foreldris til fæðingarorlofs er bundinn því að það fari sjálfst með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar taka fæðingarorlofs hefst, sbr. þó 6. mgr ...[sem hljóðar svo] Forsjárlaus foreldri á rétt til fæðingarorlofs liggja fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjánnu um að forsjárlausa foreldri hafi umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlof stendur yfir.“

Í greinargerð með frumvarpinu segir um þessa tilhögun:

“Meginregla frumvarpsins er að réttur foreldris sé bundinn við það að það fari sjálf með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar taka fæðingarorlofs hefst, sbr. þó 6. mgr. Í þessu sambandi er litið til þess að mikilvægt er að gott samkomulag ríki á milli foreldra og að skilningur sé á gildi sameiginlegra ákvarðana er varða barnið, einkum í ljósi þess hvað barnið er ungt á þessum tíma og því verulega háð foreldrum sínum. Þessar forsendur eru meðal annars hafðar til hliðsjónar þegar samningur um sameiginlegt forræði er staðfestur hjá yfirvöldum auk þess sem litið er til hags og þarfa barnsins... Að vel athuguðu máli þótti ekki ástæða til að útiloka forsjárlausa foreldra frá rétti til fæðingarorlofs enda liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlof stendur yfir. Slíkt samþykki leiðir af inntaki forsjár sem skv. 29 gr. barnalaga, nr. 20/1992, með síðari breytingum, felur forsjá barns í sér rétt og skyldu forsjáraðila til að ráða persónulegum högum barnsins. Þó ber að vekja athygli á að samkvæmt sama ákvæði ber foreldri sem fer eitt með forsjá barns síns, að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt nema umgengni sé andstæð hag og þörfum barns að mati lögmæts stjórnvalds“ (*Alþingistíðindi*, 1999-2000: þskj. 1065).

Þessar skýringar í greinargerðinni sýna glögglega hvernig höfundar frumvarpsins leggja áherslu á að hagsmunir barns séu hafðir í fyrirrúmi og ef þess sé kostur eigi barnið rétt á umönnun beggja foreldra. Sú staðreynd að stjúpfórelrar eiga ekki rétt til fæðingarorlofs sýnir að það er ætlun löggjafavaldsins að barnið eigi rétt á að kynnst báðum foreldrum á unga aldri.

Eina undantekning sem gerð er í frumvarpinu varðandi framsal á rétti til fæðingarorlofs er ef um andlát foreldris sem fer með forsjá er að ræða áður en barn nær 18 mánaða aldri og hið látna foreldri hefur ekki tekið út rétt sinn að fullu. Við slíkar aðstæður er mögulegt að eftirlifandi foreldri nýti rétt hins látna (sama heimild).

Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 tóku síðast breytingum 1. júní 2008. Við það breyttust margar greinarnar og þar á meðal 18. og 19. gr. laganna er fjallar um fæðingarstyrk foreldra sem eru utan vinnumarkaðar og í fullu námi. Fyrir breytinguna var réttur foreldris til fæðingarstyrks háður því skilyrði að það færi sjálf með forsjá barnsins eða hefði sameiginlegt forræði með hinu foreldrinu þegar greiðslan hæfist. Eftir breytingu er hins vegar mögulegt fyrir forsjárlaust foreldri að fá fæðingarstyrk hafi forsjáforeldri veitt samþykki fyrir umgengni þess fyrrnefnda við barn sitt, þann tíma sem fæðingarstyrksgreiðan stendur yfir (*Alþingistíðindi*, 2007-8: þskj. 631).

Þessi lagabreyting hafði í för með sér töluverðar úrbætur til ákveðna hópa foreldra t.d. á rétti þeirra forsjárlausra foreldra sem eru í námi. Fyrir breytingar stóðu forsjárlausir foreldrar nokkuð höllum fæti samanborið við forsjárforeldra eða þá sem höfðu sameiginlega forsjá. Forsjárlaust foreldri átti ekki rétt á fæðingarstyrk en með breytingunni er honum veittur rétturinn að því tilskyldu að forsjárforeldri samþykki umgengni hans við barnið. Ef aðstæðurnar voru þannig að foreldri var forsjárlaust og í námi eða utan vinnumarkaðar, naut það þar að leiðandi ekki sama réttar og forsjárlausir foreldrar sem voru á vinnumarkaði, því þeir gátu fengið fæðingarorlof gegn samþykki forsjárforeldris vegna umgengni. Í dag gilda því sömu skilyrði fyrir báða hópana, hvort sem um er að ræða fæðingarorlof eða fæðingarstyrk.

Það hefur sætt gagnrýni að börn einstæðra foreldra sem ekki ná samkomulagi um tilhögun fæðingarorlofs af einhverjum ástæðum eigi rétt á umönnun foreldra í færri mánuði en börn þeirra foreldra sem bæði fullnýta sjálfstæðan rétt sinn. Á Alþingi 2007-2008 fluttu þrjú þingmenn frá Vinstri-grænum frumvarp um breytingu á lögunum og lögðu m.a. til að í þeim tilvikum sem forsjárlaust foreldri nýtti ekki rétt sinn gæti forsjárforeldri sótt um sérstakan aukastyrk úr fæðingarorlofssjóði sem samsvaraði til fæðingarorlofs í þrjú mánuði. Ljóst var af afdrifum frumvarpsins að þessi tillaga naut ekki stuðnings Alþingis og Ragnheiður E. Árnadóttir sagði í þingræðu við þetta tækifæri “Ef leyft yrði að framselja réttinn þá tel ég víst að það hefði einungis í för með sér lengingu fyrir mæður og væri því að mínu mati skref aftur á bak með tilliti til þessara jafnréttismarkmiða” (Ragnheiður E. Árnadóttir, í *Alþingistíðindi*, 2007-8, fyrsta umr. vegna 387. máls).

Gerðar voru árið 2008 lítilsháttar breytingar á möguleikum til framsals á rétti til fæðingarorlofs/fæðingarstyrks í tilvikum þegar foreldrar eru ófærir um að annast barn sitt fyrstu átján mánuði eftir fæðingu vegna sjúkdóms, afleiðingar slyss eða afplánunar refsivistar (*Alþingistíðindi*, 2007-8; þskj. 631). Fyrirkomulag forsjár hefur engin áhrif á þessa möguleika. Með þessum breytingum hafa stjórnvöld í raun staðfest að mjög alvarlegar aðstæður, svo sem slys, andlát eða fangelsisvist þurfa að koma til, ef samþykkja á framsal réttinda til fæðingarorlofs.

2. Hvaða áhrif hefur fjölskyldustaða á nýtingu fæðingarorlofs?

Staðtölur almannatrygginga sem og rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið á áhrifum laga um fæðingar- og foreldraorlofi frá 2000 staðfesta að langflestir feður taka fæðingarorlof og að flestir þeirra nýta sér rétt sinn til þriggja mánaða orlofs (sjá t.d. Ingólfur V. Gíslason, 2007; Bryndís Jónsdóttir, 2007). Árið 2006 voru umsóknir feðra 88.6% af umsóknum mæðra og voru þeir að meðaltali 99 daga í orlofi (Tryggingastofnun Ríkisins, 2007). Þetta er gífurleg breyting, því áður en feður öðluðust sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs voru það nokkrir feður á ári sem tóku fæðingarorlof (Ingólfur V. Gíslason, 2007). Rannsóknir sýna að fáir feður sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs nota þeir hann í langflestum tilvikum, bæði íslensk tölfræði og frá öðrum Norðurlöndum staðfestir þetta eins og meðfylgjandi tafla sýnir.

Tafla 4. Norðurlönd, hlutfall heildarfjölda daga í fæðingarorlofi sem eru notaðir af feðrum 2000-2005

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
2000	5,5	4,1	3,3	7,2	13,7
2001	5,7	4,3	11,5	8,3	15,0
2002	5,5	4,8	19,6	8,6	16,6
2003	5,1	5,3	27,6	8,6	18,3
2004	55	57	318	90	197
2005	59	55	327	93	205

Heimild: *Social Security in the Nordic Countries 2005, 2007.*

Á töflunni má sjá hvernig hlutdeild íslenskra feðra eykst í réttu hlutfalli við vaxandi rétt þeirra. Hlutdeild feðra í Danmörku og Finnlandi er lág, en þar er sjálfstæður réttur þeirra minnstur miðað við önnur Norðurlönd. Í Noregi eiga feður rétt á 6 vikum, en á því tímabili sem hér er skoðað 5 vikum og það skilar þeim 10% hlutdeild. Sænskir feður eiga sjálfstæðan rétt til 2 mánaða fæðingarorlofs og þar er heildarréttur foreldra hvað mestur.

Hlutdeild sænskra feðra hefur vaxið í takt við aukningu á sjálfstæðum réttindum þeirra (Guðný Björk Eydal, 2006b).

Erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós að talsverður munur er á því hvernig ólíkir hópar feðra nýta rétt til fæðingarorlofs og full ástæða er til að ætla að það eigi einnig við hér á landi. Það er mikilvægt að skoða sérstaklega aðstæður þeirra feðra sem ekki sækja um fæðingarorlof. Líklegt er að börn feðra sem ekki geta tekið fæðingarorlof njóti ekki eins mikla samvista við báða foreldra og lögin bjóða til. Bent hefur verið á að hér sé einkum um að ræða m.a. feður sem ekki búa með börnum sínum. En hvaða feður nýta / nýta ekki rétt sinn til fæðingarorlofs og hefur fjölskyldustaða þeirra áhrif á nýtingu orlofsins?

Til að svara þessum spurningum verður einkum stuðst við niðurstöður rannsóknar sem hafði það að markmiði að meta áhrif laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 með því að bera saman hvernig foreldrar ungra barna höguðu atvinnuþátttöku og umönnun barna annars vegar áður en lögin tóku gildi og hins vegar eftir að þau tóku að fullu gildi árið 2003 (Guðný Björk Eydal, 2007).¹ Til að afla gagna í ofangreindri rannsókn voru framkvæmdar tvær spurningakannanir. Hér er um þýðisrannsóknir að ræða og var þýðið sótt í þjóðskrá. Árið 2001 voru sendir 1551 spurningalistar til foreldra sem höfðu eignast fyrsta barn sitt árið 1997 þar sem spurt var um hvernig þau höfðu hagað atvinnuþátttöku og umönnun barna sinna þar til það náði 3ja ára aldri. Listinn var sendur á lögheimili mæðra barnanna en spurt var um hagi beggja foreldra og foreldrum var í sjálfsveld sett hver svaraði listanum. 890 svör bárust og svarhlutfall varð 57%. Þýðið í seinni könnunni voru allir foreldrar sem eignuðust fyrsta barn árið 2003 og var svipað að stærð og í fyrri könnun eða 1572. Listi til þeirra var sendur út 2007-8 og bárust 874 svör alls, svarhlutfall var 56%. Til að ná sambærilegu svarhlutfalli og 2001 var foreldrum einnig boðið að svara á veraldarvefnum (rafrænt) og 39% svarenda kusu að nýta sér þann möguleika. Svarhlutfall verður að teljast ásættanlegt miðað við umfang listans og aðferð

¹ Ofangreind rannsókn var styrkt af Rannsóknasjóði Rannsóknaráðs Íslands og Jafnréttisjóði. Auk þess hafa Rannsókn- og Aðstoðarmannasjóður Háskóla Íslands styrkt rannsóknina. Ofangreindum aðilum, þátttakendum og öllum sem hafa starfað eða aðstoðað við rannsóknina eru færðar bestu þakkir. Sérstakar þakkir frá Ásdís Arnalds og Heiður Hrund Jónsdóttir sérfræðingar á Félagsvísindastofnun og Jón Karl Arnason sérfræðingur hjá Capacent Gallup fyrir aðstoð við úrvinnslu gagna.

við öflun gagna. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sá um framkvæmd kannanna, innslátt á gögnum og gerð tölulega frumskýrslu úr gögnum árið 2007 en Gallup Capacent vann tölulega frumskýrslu úr gögnum frá 2001. Hefðbundin brottfallsgreining var unnin af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og leiddi í ljós að almennt var ekki greinanlegur munur á svarendum og þýðinu, nema hvað herra hlutfall svara barst í báðum könnunum af landsbyggðinni sem er almenn tilhneiging í könnunum hérlendis (Eydal, 2008).

Svarendur voru beðnir um að fylla út töflur um atvinnustöðu, þar með talda fæðingarorlofstöku, ári fyrir fæðingu barnsins og þar til barnið náði þriggja ára aldri. Þeir sem merktu ekki við fæðingarorlof í þessum töflum eru hér taldir með þeim sem ekki taka orlof og þeir sem ekki merktu við neinn svarmöguleika falla undir flokkinn *svara ekki*. Í rannsókninni reyndist hlutfall þeirra sem segjast hafa tekið fæðingarorlof vera lægra en fram kemur í gögnum fæðingarorlofssjóðs. Möguleg ástæða fyrir því gæti verið að um ónákvæmni í svörum sé að ræða og að hluti svarenda hafi ekki hirt um að fylla út umbeðna töflu. Þá er einnig mögulegt að færri í þessu tiltekna þýði hafi tekið fæðingarorlof en foreldrar sem eiga fleiri börn gera (Eydal, 2008).

Tafla 5. Orlofstaka feðra barna fæddra 2003 hlutfall sem hefur tekið fæðingarorlof

Orlofstaka	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-
Taka ekki orlof	166	208	28
Taka eitthvað orlof	634	793	28
Alls	800	100	
Upplýsingar vantar/svarar ekki	74		
Svarar alls	874		

(Eydal, 2008)

Þrátt fyrir að flestir feður nýti sér rétt sinn til fæðingarorlofs hafa Norrænar rannsóknir leitt í ljós að talsverður munur er á hvernig ólíkir hópar feðra nýta réttinn. Samkvæmt sænskum rannsóknum (t.d. Bygren og Duvander, 2006; Haas, 1992) hefur aukið menntunarstig bæði feðra og mæðra og trygg atvinnustaða haft jákvæð áhrif á töku fæðingarorlofs feðra. Þá sýndi rannsókn Duvanders og Sundström (2000) að feður með tekjur yfir meðaltali (allt að hámarksgreiðslum) nýttu frekar rétt sinn til töku

fæðingarorlofs en þeir sem höfðu lægri tekjur. Þá hafa aðstæður á vinnustað og eðli starfa einnig áhrif á töku orlofs (sjá nánar Bygren og Duvander, 2006; Ingólfur V. Gíslason, 2006; 2007). Áhrif fjölskyldustöðu hafa minna verið rannsökuð og Kiernan (2005; 2006) og O'Brian (2007) benda á að flestar rannsóknir á umönnun ungra barna og fæðingarorlofi beinist að fjölskyldum þar sem tveir foreldrar búa á heimilinu og að í raun sé fyrir hendi mjög takmörkuð vitneskja um hlutdeild foreldra sem ekki búa með ungum börnum sínum í umönnun þeirra. Good Gingrich (2008) bendir ennfremur á að athygli rannsakenda á sviði velferðarrannsókna beinist einkum að þátttöku einstæðra foreldra á atvinnumarkaði en á sama tíma sé umönnunarhlutverki þeirra minni gaumur gefin.

Þegar skoðuð var þátttaka feðra barna fæddra 2003 í fæðingarorlofi, kom í ljós marktækur munur á milli þeirra fjölskyldna þar sem móðir bjó ein með barni sínu en þar höfðu 59.6% feðranna tekið orlof borið saman við 81.9% fjölskyldna þar sem tveir foreldrar bjuggu á heimilinu.

Nokkuð algengara er að feður taki orlof þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá en örlítið vantar á að munurinn sé marktækur, en 72% (n=50) feðra sem fara sameiginlega með forsjá með móður taka orlof borið saman við 53.2% (n=47) þegar móðir fer ein með forsjá. Sem sagt, rétt rúmlega helmingur feðra þeirra barna sem ekki fara með forsjá hafa tekið fæðingarorlof.

Mikilvægt er að staldra við þessar niðurstöður því rannsóknir sýna fram á ákveðin tengsl milli fæðingarorlofstöku og þátttöku í umönnun barnanna eftir að orlofi lýkur (t.d. Hook, 2006; Nepomnyaschy & Waldfogel, 2007; Tanaka & Waldfogel, 2007). Það er erfitt að kveða upp úr um orsakatengsl, en ekki er hægt að útiloka að við töku fæðingarorlofs skapist sterkari tengsl milli barns og föður en ella hefði verið og því hafi fæðingarorlofstakan í sjálfu sér ákveðin áhrif.

Niðurstöður íslensku rannsóknarinnar sýndu einnig marktækan mun á þátttöku feðra sem tóku fæðingarorlof, samanborið við þá sem tóku það ekki allt til þriggja ára aldurs (Eydal, 2008). Þessi munur á hlutdeild feðra í umönnun barna sýnir að þrátt fyrir áherslu löggjafans á að tryggja börnum samvistir við báða foreldra þá njóta börn sem ekki búa með feðrum einkum umönnun mæðra sinna fyrstu æviárin. Þessar niðurstöður eru í

samræmi við aðrar íslenskar rannsóknir t.d. rannsóknir Sigrúnar Júlíusdóttur og Nönnu Sigurðardóttur (2000;2006).

Eins og áður var nefnt, er lítið vitað um fæðingarorlofstöku einstæðra feðra í öðrum löndum og því ekki hægt að bera þátttökutölur íslensku feðranna saman við önnur lönd. Hægt er að túlka þessa niðurstöður á tvo nokkuð ólíka vegu. Annars vegar er hægt að segja að það sé mjög góður árangur að tæp 60% þeirra feðra sem ekki búa á heimili barna sinna taki fæðingarorlof og rúm 50% feðra sem ekki fari með forsjá taki fæðingarorlof þegar það er haft í huga að forsjárlaust foreldri á einungis rétt til fæðingarorlofs ef fyrir liggur samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlof stendur yfir (sbr. 8 gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof). En það má líka kjósa aðra túlkun og segja að niðurstöðurnar staðfesti að lögin nái ekki nægjanlega vel markmiði sínu fyrst rúm 40% feðra sem ekki deila lögheimili með börnum sínum taka ekki fæðingarorlof. En hvernig sem menn kjósa að túlka þessar niðurstöður þá er það staðreynd að fjölskyldustaða feðranna virðist hafa nokkur áhrif á möguleika barnanna til að njóta umönnunar beggja foreldra. Þessar niðurstöður kalla á nánari skoðun svo hægt sé að greina ástæður þess að feður nýta síður rétt til fæðingarorlofs í þeim tilvikum þar sem þeir búa ekki með mæðrum barna sinna.

Ekki var spurt sérstaklega um viðhorf einstæðra mæðra til töku fæðingarorlofs feðra, í ofangreindri rannsókn en í víða mikilli rannsókn Bryndísar Jónsdóttur(2007) á orlofstöku og viðhorfum foreldra barna fæddra 2001-2004 voru viðmælendur spurðir hversu langt þeir teldu að lögbundið og launað fæðingarorlof feðra eigi að vera. Í ljós kom marktækur munur milli foreldra í sambúð og þeirra sem bjuggu með einu foreldri.

Tafla 6. Hversu langt telur þú að lögbundið og launað fæðingarorlof feðra eigi að vera?

	Í hjúskap/sambúð	Ekki í hjúskap/sambúð
Mínna en 3 mánuðir	49	38
3 mánuðir	348	229
4 mánuðir	88	70
5 mánuðir	28	19

6 mánuðir	323	420
7-11 mánuðir	54	76
12 mánuðir eða meira	110	146
N	2140	157

(Bryndís Jónsdóttir, 2007)

Taflan sýnir glögglega að einstæðir foreldrar myndu vilja sjá lengra fæðingarorlof feðra en foreldrar sem eru í sambúð kjósa. Það er ekki hægt að sjá af birtum gögnum hvort viðhorf einstæðra mæðra og feðra eru ólík en athyglisvert væri að skoða það nánar.

3. Framkvæmd

Í eftirfarandi kafla er gerð grein fyrir aðferðum og gögnum eigindlegu viðtalsrannsóknarinnar þ.e. rannsóknaraðferðum, undirbúningi, þátttakendum, gagnasöfnun auk skráningu og úrvinnslu gagna.

Val á rannsóknaraðferð

Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á nýtingu fæðingarorlofs en engin rannsókn hefur verið framkvæmd sem skoðar sérstaklega hvernig einstæðir foreldrar haga fæðingarorlofinu (Sjá t.d. Bryndís Jónsdóttir, 2007; Guðný Björk Eydal, 2007; Ingólfur V. Gíslason, 1997, 2007; Þorgerður Einarsdóttir, 1998; Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2004). Rannsóknin er því fyrsta rannsókn sinnar tegundar hérlendis. Þar sem fyrirbyggjandi gögn um nýtingu orlofsins gáfu til kynna að einstæðir feður nýttu í minna mæli rétt sinn en feður sem voru í sambúð eða hjónabandi með barnsmæðrum, var ákveðið að framkvæmda eigindlega viðtalsrannsókn, þar sem ætlunin var að öðlast innsýn í einstaklingsbundna reynslu þátttakanda. Viðtöl hentuðu vel í því skyni að veita innsýn í fjölbreytilegar aðstæður barnafjölskyldna og dýpri skilning á því hvernig foreldrar sem ekki búa saman taka ákvarðanir um tilhögun fæðingarorlofsins.

Eigindlegar rannsóknaraðferðir byggja á því að afla þekkingar á upplifun einstaklinga og á þeim skilningi og merkingu sem þeir leggja í líf sitt og aðstæður.

Rannsóknaraðferðin byggir á lýsandi rannsóknargögnum þar sem rannsakandinn aflar gagna, greinir þau og túlkar merkingu þeirra (Esterberg, 2001). Niðurstöðurnar endurspeglar því aðstæður eða viðhorf þátttakenda á þeim tíma er rannsóknin var framkvæmd og hefur ekkert alhæfingagildi. Þessi aðferð við gagnaöflun var valin með tilgang rannsóknarinnar í huga sem er að varpa ljósi á þann fjölbreytileika sem býr að baki þeim talnagögnum sem aflað hefur verið um hvernig foreldrar haga fæðingarorlofi.

Undirbúningur úrtaks

Undirbúningsvinna rannsóknarinnar hófst í júní 2008 en rannsóknin stóð til ágústloka 2008. Undirbúningurinn fólst meðal annars í því að útbúa viðtalsvísa fyrir eigindleg viðtöl, afla tilskilinna leyfa, útbúa upplýst samþykki og finna þátttakendur.

Viðtalsvísir var útbúinn á grundvelli fyrirliggjandi þekkingar á sviðinu og byggt var á bæði erlendum og innlendum rannsóknum við vinnslu hans. Viðtalsvísir var lagður til grundvallar í viðtölunum til að tryggja að það efni sem rannsakandi óskaði eftir kæmi fram og jafnframt sem leiðarvísir í viðtalinu. Nemandi og umsjónarmaður unnu saman að gerð viðtalsvísis. Hann var síðan forprófaður í tveimur viðtölum, og endurskoðaður í samræmi við þá reynslu sem nemandi öðlaðist í þeim viðtölum.

Rannsóknin var tilkynnt til persónuverndar, en eftir samráð við ritara siðanefndar Félagsvísindadeildar HÍ reyndist ekki þörf á að óska eftir leyfi frá siðanefnd deildarinnar.

Upphaflega átti úrtakið að vera valið með snjóboltaúrtaksaðferðinni (stundum nefnt veltiúrtak) þar sem hver þátttakandi er beðinn um að benda á annan mögulegan þátttakanda. Þessi aðferð skilaði ekki tilsettum markmiðum, meðal annars vegna þess að sex feður neituðu þátttöku eða uppfylltu ekki skilyrði fyrir þátttöku eftir að á þá hafði verið bent. Einnig voru fjórir af þeim feðrum sem leitað var til einstæðir í skilningi laganna (þ.e. voru ekki í skráðri sambúð), en bjuggu engu að síður með barnsmóður. Því var brugðið á það ráð að finna þátttakendur með markvissu úrtaki, þar sem leitaðir voru uppi þátttakendur sem uppfylltu skilyrði fyrir þátttöku. Skilyrðin voru eftirfarandi;

- að þátttakendur ættu barn sem væri fætt árið 2003 eða síðar en það ár tóku lög um fæðinga- og foreldraorlof að fullu gildi;
- að þeir hefðu ekki búið með barnsmóður/föður eftir fæðingu barns;
- að um fyrsta barn væri að ræða, til að fá fram sem skýrasta mynd af tilhögun orlofs og samskiptum foreldranna, því ef um fleiri systkini hefði verið að ræða væri flókið að meta þá breytingu sem eitt barn veldur.

Einnig var leitast við að finna viðmælendur sem bjuggu við ólíkar aðstæður, t.d. með tilliti til menntunar, atvinnustöðu og aldurs, til að fá sem mesta innsýn í þær fjölbreytilegu aðstæður sem barnafjölskyldur búa við.

Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni voru sex konur og fimm karlmenn á aldrinum 17 til 40 ára þegar börn þeirra fæddust. Fimm þátttakendur voru í fullu starfi, tveir í vinnu samhliða námi, tveir í námi og tveir atvinnulausir. Níu þátttakendur tóku fæðingarorlof og tveir tóku ekkert fæðingarorlof.

Aðgengi að þátttakendum fyrir viðtalskönnunina var misgott. Auðvelt reyndist að ná til mæðra sem uppfylltu ofangreind skilyrði. Hins vegar reyndist þrautinni þyngri að komast í kynni við feðurna. Eftir mikla leit, sem skilaði einungis þremur feðrum, var ákveðið að auglýsa eftir viðmælendum hjá *Félagi um foreldrajafnrétti* og skilaði sú leit tveimur viðmælendum. Rannsakandi náði sambandi við sex viðmælendur með aðstoð kunningja sem þekktu til skilgreinds markhóps, einn með aðstoð umsjónarmanns, tveir viðmælendur fengust með snjóboltaúrtaksaðferðinni og tveir vegna auglýsingar hjá *Félagi um foreldrajafnrétti*.

Öllum nöfnum og persónugreinanlegum upplýsingum sem komu fram í rannsókninni hefur verið breytt, til að viðhalda nafnleynd þátttakenda. Hafa ber í huga að í rannsókninni var ekki rætt við báða foreldra barnanna og því er hér um að ræða lýsingar eins foreldris á sambandi og samskiptum vegna fæðingarorlofs og uppeldis barns.

Eftirfarandi tafla sýnir gervinöfn viðmælenda, aldur þeirra við fæðingu barns, stöðu þeirra fyrir fæðingu barns, fjölda mánuði sem þau tóku í fæðingarorlof/styrk, og menntunarstöðu þeirra þegar rannsóknin fór fram.

Tafla 7. Gervinöfn, aldur foreldris við fæðingu barns, staða foreldris fyrir fæðingu barns, fæðingarorlof foreldris í mánuðum og menntunar staða foreldris þegar rannsóknin fór fram.

Nafn	Aldur	Staða fyrir fæðingu	Fj. Mánuðir	Menntun
Anna	18 ára	Atvinnulaus	6 mánuðir +	Grunnskólapróf og er í framhaldsnámi
Bylgja	25 ára	Í námi og hlutastarf	6 mánuðir	2 ár við HÍ
Dagný	20 ára	Í námi og hlutastarf	6 mánuðir	1 ár við HÍ
Elísa	21. árs	Í fullri vinnu	6 mánuðir	Grunnskólapróf
Fjóla	18 ára	Atvinnulaus + sjúkradagpeninga	6 mánuðir	Grunnskólapróf
Guðrún	33 ára	Í fullri vinnu	8 mánuðir	BA gráða frá HÍ
Haukur	25 ára	Í námi	Ekkert	BA gráða og er í mastersnámi
Ingi	40 ára	Í fullri vinnu	3 mánuðir	Grunnskólapróf
Jóhann	26 ára	Í fullri vinnu	1 mánuður	BA gráða og er í viðbótarnámi
Karl	38 ára	Í fullri vinnu	6 mánuðir	Grunnskólapróf
Leifur	17 ára	Í námi	Ekkert	Grunnskólapróf og stutt framhaldsnám

Viðtalsvísir

Í rannsókninni var viðtalsvísir hafður að leiðarljósi í viðtölunum til að tryggja að ákveðnir þættir sem töldust mikilvægir fyrir rannsóknina kæmu fram en jafnframt til að tryggja ákveðið samræmi á milli viðtala. Viðtalsvísir var þannig byggður upp að fyrst var byrjað á bakgrunnspurningum, því næst voru spurningar um eftirfarandi meginþætti: Samskipti á meðgöngu; fæðingarorlofið sjálft; samskipti að fæðingarorlofi loknu; samband föður og móður fyrir og eftir fæðingu barns; samband föður/móður við barn og að lokum, viðhorf þeirra til laganna og fleiri atriða.

Gagnaöflun

Gagnaöflun fór þannig fram að eitt viðtal var tekið við hvern þátttakanda. Viðtölin voru hálf opin þar sem þau byggðust á ofangreindum viðtalsvísi en jafnframt var

viðmælendum gefin kostur á að tjá sig nánar um annað sem þeir töldu mikilvægt. Meginmarkmið viðtalanna var því að afla upplýsinga um reynslu og skoðanir viðmælenda. Viðtölin fóru fram á tímabilinu júní til ágúst 2008. Á þessu tímabili voru tekin ellefu viðtöl við sex konur og fimm karlmenn. Flest viðtöl voru tekin á heimili viðmælenda, eða sex, eitt fór fram á heimili rannsakanda, tvö á vinnustað viðmælenda og tvö á skrifstofu umsjónarmanns. Rannsakandi upplýsti þátttakendur um markmið og tilhögun viðtals og um gang rannsóknarinnar ásamt því að þeim var tjáð um nauðsyn þess að viðtalið yrði tekið upp. Viðtölin stóðu yfir í um það bil 40 – 60 mínútur í senn. Viðmælendurnir skrifuðu undir upplýst samþykki og samþykktu þar af leiðandi þátttöku sína í rannsókninni, vitandi um hvað hún snérist og að þeim væri frjálst að hætta þátttöku á hvaða stigi rannsóknar sem væri. Jafnframt staðfesti yfirlýsingin að forsenda þátttöku væri að fyllsta trúnaðar yrði gætt.

Skráning og úrvinnsla gagna

Viðtölin voru öll tekin upp á segulband og síðan afrituð orðrétt. Eftir að allra gagna hafði verið aflað og skráningu þeirra lokið hófst úrvinnsla og greining, sem var með þeim hætti að viðtölin voru marglesin yfir, til að greina meginþemu. Því næst var farið í gegnum gögnin og einblítt á þau þemu sem höfðu verið greind og þau flokkuð. Alls voru flokkuð þrjú yfirþemu, sem sett voru upp í hugarkort til að varpa skýrari ljósi á þemu skýrslunnar. Þau atriði sem helst stóðu upp úr að greiningu lokinni skiptast í eftirfarandi meginþemu: samband foreldra fyrir fæðingu, viðbrögð við frétt um þungunina, meðgönguferlið, þekking á fæðingarorlofsréttinum, þörf fyrir ráðgjöf varðandi fæðingarorlof, samband foreldra eftir fæðingu barns, tilhögun fæðingarorlofsins, samband barns og foreldris, ábyrgðartilfinning, hlutverk foreldra í fæðingarorlofi, áhrif fæðingarorlofs á tekjur, brjóstgjöf, umönnun barns eftir fæðingarorlofs, lengd fæðingarorlofs og samþykki móður. Ákveðið var að skipuleggja niðurstöðukafla í tímaröð til að gera niðurstöður aðgengilegri. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þessum meginþemum og greiningin studd með beinum tilvitnunum frá viðtölunum til að rödd þeirra skili sér sem best til lesanda. Áhersla er lögð á að gera nokkuð ítarlega grein fyrir svörum viðmælenda til að tryggja

áreiðanleika niðurstaðna. Staðreyndir varðandi aðstæður viðmælanda og svör eru dregin saman í yfirlitstöflur á stöku stað til að auðvelda lesendum að hafa yfirlit yfir aðstæður viðmælanda.

4. Niðurstöður

4.1 Fyrir fæðingu barns

Í þessum kafla er gerð grein fyrir sambandi foreldra fyrir fæðingu, viðbrögðum þeirra við fréttum um þungunina, meðgönguferlinu, þekkingu þeirra á fæðingarorlofsréttinum og þörf fyrir ráðgjöf í því sambandi.

Samband foreldra fyrir fæðingu

Misjafnt var hvernig sambandið milli viðmælendanna og barnsmóður/föður var háttað fyrir fæðingu barnsins. Í þeim tilfellum þar sem viðmælendur höfðu verið í parsambandi slitnaði uppúr þeim á meðgöngunni í öllum tilfellum nema einu. Hjá sumum viðmælendum enduðu parsamböndin með ósætti paranna sem höfðu áhrif á samband þeirra sem verðandi foreldra á meðgöngu. Hjá öðrum höfðu sambandsslit ekki slík áhrif og verðandi foreldrar lögðu áherslu á að byggja upp gott samband með hagsmuni barnsins í huga.

Sambönd paranna áttu sér mislanga sögu. Dagný var búin að vera með barnsföður sínum í um það bil eitt og hálf ár, en þau voru búin að þekkjast frá því að þau voru unglingar. Samband þeirra var hins vegar frekar stormasamt á meðgöngunni og þau slitu því. Fjóla og barnsfaðir hennar voru búin að vera saman í örfáar vikur áður en hún varð þunguð. Eftir að í ljós kom að hún væri þunguð flutti hann erlendis og voru samskiptin lítil eftir það. Guðrún þekkti barnsföður sinn ekki mikið, þau voru búin að vera saman í þrjá mánuði þegar hún varð þunguð og hættu svo saman þegar hún var komin fjóra mánuði á leið. Þrátt fyrir að þau hættu saman héldu þau góðum samskiptum sín á milli.

Ástæður fyrir slitum á parsamböndum voru einnig ólíkar, Anna og barnsfaðir hennar voru búin að vera saman í þrjá mánuði áður en hún varð þunguð, þau bjuggu saman og voru bæði í óreglu. Þegar hún komst að því að hún væri þunguð þá fannst henni sambúðin ekki ganga lengur upp þar sem barnsfaðir hennar var ekki tilbúinn til að hætta í óreglu eins og hún gerði. Eftir það voru samskipti þeirra lítil sem engin. Haukur og barnsmóðir hans slitu samvistum áður en hann vissi að von væri á barni, en þau höfðu verið í föstu sambandi í hálf tveimur árum og ætluðu sér að fara að leigja saman. Hann átti mjög erfitt með að sætta sig við sambandsslitin. Samskipti þeirra voru mjög lítil á meðgöngunni en alveg í lokin áttu þau gott samtal.

Samskipti foreldra á meðgöngu voru mjög misjöfn. Dæmi um foreldra sem lögðu rækt við foreldrasambandið þrátt fyrir að parsambandinu lyki voru Elísa og barnsfaðir hennar. Elísa hafði þekkt barnsföður sinn lítið áður en hún varð þunguð þar sem þau voru nýbyrjuð saman. Þau hættu saman þegar hún var komin sjö mánuði á leið og fannst henni þau þekkjust ágætlega þegar dóttir þeirra fæddist. Eftir að þau hættu saman hittust þau lítið eða um það bil einu sinni í viku og gistu þá saman, hún segir um ástæður þess:

[...] Ég var eiginlega svona meira að hugsa það út af því að mér langaði til þess að hann myndi kynna bumbunni þú veist ... Mér fannst hann vera einhvern veginn vera að fjarlægast barnið og það þannig að ég var svona að reyna að halda í það svo að ... ég veit ekki alveg ... það er kannski ekkert rétt hjá mér maður var kannski að vona það...

Dæmi voru um að samband foreldra hafi verið ágætt en ósamkomulag kæmi upp þegar fór að reyna á föðurhlutverkið. Ingi og barnsmóðir hans voru búin að vera saman í um það bil árum, en slitu parsambandinu á meðgöngunni, en héldu sambandi fram að fæðingu en eftir hana versnaði sambandið aðallega vegna mismunandi skoðana á föðurhlutverkinu.

Foreldrarnir þekktust líka mismikið. Jóhann var ekki beint í sambandi við barnsmóður sína, heldur höfðu þau verið að hittast aðeins og þekktust ekki mjög mikið og segir hann: „Þetta var ekkert sem að, sem að ég held að hafi neitt verið hægt að byggja neitt á sko.“

Karl hafði þekkt barnsmóður sína í þrjú og hálf ár, en þau höfðu ekki verið í parsambandi þann tíma, heldur þekkt ágætlega.

Eftirfarandi yfirlitstafla sýnir gervinöfn viðmælanda, hvort þeir hafi verið í parsambandi eða ekki við barnsmóður/föður og ef svo er hvenær það slitnaði.

Tafla 8. Sambönd viðmælanda og slit þeirra.

Nöfn	Parsamband	Slitnaði uppúr sambandi
Anna	Já	Stuttu eftir þungun
Bylgja	Já	Á 7. mánuði meðgöngunnar
Dagný	Já/nei*	Á meðgöngunni**
Elísa	Já	Á 7. mánuði meðgöngunnar
Fjóla	Já	Stuttu eftir þungun
Guðrún	Já	Á 4. mánuði meðgöngunnar
Haukur	Já	Rétt fyrir tíðindi um þungun
Ingi	Já	Á meðgöngunni**
Jóhann	Nei	Ekki samband
Karl	Nei	Ekki samband
Leifur	Já/nei*	Rétt eftir fæðingu barns

* Voru saman og ekki saman á meðgöngunni

** Kom ekki nákvæmlega fram í gögnunum

Lýsingar foreldranna sýna að í sumum tilvikum hafði parsambandið og slit þess áhrif á foreldrasambandið. Augljóslega er það flókið verkefni að eiga von á barni með einstaklingi sem samband er erfitt við. Því getur skipt miklu máli fyrir verðandi foreldra að mynda góð tengsl á meðgöngunni til að leggja grunn að því sameiginlega verkefni sem þeir eiga fyrir höndum og í flestum tilvikum varir út lífið. Einstaka foreldrar lýstu mjög markvissri vinnu í þessa veru, t.d. í tilfalli Elísu og barnsföður hennar sem gistu saman öðru hverju eftir að þau enduðu parsambandið til að faðirinn fengi að kynnast “bumbunni”. Í þessu tilviki leggja foreldrar vinnu í að efla samband þeirra beggja við

barnið á meðgöngu til að styrkja tengsl beggja við barnið eftir fæðingu. En dæmin um foreldra sem ekki náðu að vinna sjálfir í þessum anda vekur upp spurningar um þörf fyrir ráðgjöf á meðgöngu. Af lýsingum foreldranna má ráða að markviss fjölskylduráðgjöf gæti nýst foreldrum í þessari stöðu vel, bæði til að vinna með parsambandið, og ef þörf krefur lok þess, og einnig til að leggja grunn að foreldrahlutverkinu.

Viðbrögð við frétt um þungunina

Viðmælendurnir voru spurðir af því hver hefðu verið viðbrögð þeirra þegar þeir fréttu um þungunina. Fyrstu viðbrögð viðmælenda við fréttum um að þeir væru að verða foreldrar, voru misjöfn. Fréttirnar komu flatt upp á suma og ollu ákveðnu áfalli til að byrja með. Einn viðmælandinn hugleiddi fóstureyðingu, en hjá öðrum viðmælendum kom hún ekki til greina.

Fjóla talaði um að hún hafði verið mjög ánægð með það að vera þunguð, en aftur á móti hafi barnsföður hennar fundist þetta vera hræðilegt. Hann átti fjögur börn fyrir og lýsir hún áhugaleysi hans þannig:

[...] hafði mjög takmarkaðan áhuga á þeim öllum og þetta var náttúrulega ekkert að bæta neitt fyrir hann skilurðu að fara að eignast annað barn og vera gjaldþrota og þetta var bara peninga vesen fyrir honum ... ég skil hann svo sem vel að því leiti sko.

Þegar Bylgja komst að því að hún væri þunguð var henni brugðið, þar sem hún segir að þetta hafi verið algert slys, en viðbrögðin voru fljót að breytast eins og hún segir: „*En ég var náttúrulega bara glöð sko svona tveim dögum seinna, átti ekki að geta orðið ólétt og ég var bara mjög ánægð.*“ Barnsfaðir hennar var hins vegar aldrei ánægður, hann taldi að hún hefði verið að veiða sig í gildru og kenndi henni alfarið um þungunina. Áhugi hans var enginn og Bylgja segir: „*[...] hann sagði það við mig að hann bað um hann en hann bað ekki um hana og átti hann þá við son sinn sem hann átti fyrir.*“

Anna talaði um að hún hafi haldið að barnsfaðir hennar hafi ætlað að vera með sér í því sem framundan væri, þar sem hann hafði sagt við sig að hann vonaðist eftir því að þetta yrði strákur. Hún taldi að hann vildi greinilega eignast barnið og því hafi hún einnig

viljað það. Þótt að aðstæðurnar breyttust (barnsfaðir hélt áfram í neyslu) og virkni hans væri ekki eins og hún hafði búist við breytti það ekki afstöðu hennar að eignast barnið eins og hún segir: „[...] En ég vildi aldrei fara í fóstureyðingu því ég er á móti fóstureyðingu til að byrja með. Ég meina ef þú stundar kynlíf þarftu að taka afleiðingunum og það eru börn.“

Dagný talaði um að hún hafi verið kærulaus og ekki áttað sig á því að hún væri þunguð fyrr en hún var komin 8 vikur á leið, en þó eins og hún segir:

[...] ég held að ég hafi vitað þetta innst inni en bara setti upp einhverja grímu og þú veist ... held það svona eftiráhyggja en ég held að ég hafi bara strax þegar ég vissi að ég væri ólétt alveg með vissu, ég held að ég hafi bara orðið glöð, spennt (hlátur) Ég var ekkert stressuð á því og það kom ekki til greina að fara í fóstureyðingu og fólk var alveg að spyrja mig ætlar þú ekki í fóstureyðingu og ég alveg nei (hlátur)

Dagný segist hafa verið mjög sátt við sjálfa sig og barnið, en hafi fundist leiðinlegt að barnsfaðir hennar sýndi þessu ekki áhuga eins og hún segir: „[...] æ mér fannst það voðalega leiðinlegt en vissi að við tvær yrðum góðar saman og að ég myndi alveg plumma mig vel án hans.“

Það voru einnig dæmi um feður sem tóku tíðindunum um erfingja af gleði og sátt. Elísa varð mjög ánægð þegar hún vissi að hún var þunguð og sömuleiðis barnsfaðir hennar, enda upphaflega hugmyndin að þau ætluðu að fara í gegnum þetta saman. Hann hafði mest alla meðgönguna verið mjög ánægður og klappandi „bumbunni“ en undir lok meðgöngunnar breyttist þetta.

Guðrún var himinlifandi með það að verða þunguð, enda 33 ára gömul og fyrsta barn. Hún og barnsfaðir hennar leiddu aldrei hugann að fóstureyðingu eða að þetta væri eitthvað sem þau höfðu ekki óskað eftir, heldur tóku hlutunum eins og þeir gerðust.

Aðrir feður lýstu meiri erfiðleikum. Til að byrja með tók Jóhann tíðindunum frekar þunglega, brá rosalega og segist hafa fengið svolítið sjökk þar sem þetta hafi ekki alveg verið það sem hann hafi ætlað sér. Þá komu fregnirnar á mjög óheppilegum tíma. Viðhorf hans breyttist þegar líða tók á. Hann sagðist vita það að barnsmóðir sín hefði

verið ánægð með þungunina enda orðin 35 ára og segir: „[...] kona sem verður ólétt verður ánægð, það er eðlilegt bara.“

Þegar Haukur fékk fréttirnar af því að hann ætti von á barni segir hann það hafa verið rosalegt sjokk. Sérstaklega í ljósi þess að þau voru nýhætt saman. Hann segist þá strax hafa farið að hugsa að þetta væri eitthvað sem hann ætlaði sér aldrei að gera eins og hann segir:

[...] þú veist minn draumur var bara að eignast konu og tvö börn og bara ... bara þannig sko... en það hefur ekki ennþá gengið upp hjá mér einhvern veginn og draumarnir fóru þarna bara út í vaskinn, þannig lýsir sjokkið sér ... (andvarp) svo bara sætti maður sig við þetta og hugsar bara ok, þetta verður bara svona, svona og svona og ...og þú veist ég er alveg sáttur í dag með það að hérna að ... tilkomulagið sé svona þó að oft hugsar maður sko ... um það hvernig væri ef við værum bara saman og að allt væri lige glad sko.

Aðrir feður lýstu sátt og gleði yfir fréttunum. Ingi var alveg sáttur við það að hann ætti von á barni. Það hafði búið fósturbarn hjá honum, sem hann saknaði, þannig að hann var sáttur við að takast á við föðurhlutverkið að nýju. Karl sagði að það hefði bara sagt sig sjálf að hann hefði verið ánægður, þar sem hann væri tæplega fertugur og hló.

Aðrir lýstu neikvæðum fyrstu viðbrögðum sem smá saman breyttust í sátt. Fyrstu viðbrögð Leifs voru hræðsla, þegar hann vissi að barnsmóðir sín væri þunguð, eins og hann segir: „Ég vildi fara í fóstureyðingu og var bara mjög hræddur vissi ekkert hvað ég hafði komið mér í ... en núna er ég mjög ánægður með drenginn minn og stoltur faðir.“

Þegar líða tók á meðgönguna breyttist tilfinning hans og þegar sonur hans fæddist var hann mjög ánægður og stoltur faðir sem hlakkaði til að eiga tíma með barninu sínu.

Í ljósi þess að ákvörðun um barneign er bæði stór og afdrifarík er eðlilegt að foreldrar bregðist misjafnlega við fréttum um þungun, sérstaklega ef hún hefur ekki verið á dagskrá og er óvænt. Mæðurnar lýstu í viðtölunum meiri sátt og gleði en feðurnir gerðu. Feður lýstu einnig jákvæðum viðbrögðum barnsmæðra sinna til þungunar. Viðbrögð feðranna virðast neikvæðari en mæðranna, en neikvæð afstaða feðranna breytist oftast þegar leið á meðgöngu en þó ekki í öllum tilvikum. Líðan feðra á meðgöngu hefur hlotið

takmarkaða athygli en þessar niðurstöður benda til að þörf sé á meiri stuðningi við feður á þessu tímabili. Það gæti að sjálfsögðu einnig átt við feður í sambúð. Mæður fá stuðning hjá heilsugæslu í sambandi við mæðravernd en lítið skipulagt starf hefur verið með feðrum á meðgöngu. Þá eru heilsugæslustöðvar misjafnlega í stakk búnar til að veita félagsráðgjöf og sálfræðipjónustu.

Meðgönguferlið

Feðurnir voru spurðir um þátttöku í meðgönguferlinu og mæðurnar um hvort barnsfeður þeirra hafi tekið þátt og þá hvernig. Mjög mismunandi er hversu mikinn þátt feðurnir tóku í meðgönguferlinu. Bæði mæður og feður lýstu tilvikum þar sem feður tóku nær engan þátt í ferlinu. Á sama hátt lýstu bæði mæður og feður tilvikum þar sem feður tóku mjög virkan þátt í meðgönguferlinu, mættu með móður í skoðanir og sónar og voru að lokum viðstaddir fæðingu barna sinna.

Nokkrar mæðranna lýstu mjög takmarkaðri þátttöku feðranna. Dæmi um barnsföður sem tók lítinn þátt í ferlinu var barnsföður Önnu. Hann kom einu sinni með henni í sónar. Í tilfelli Bylgju kom barnsfaðir hennar með henni í tuttugu vikna sónarinn, en hún telur að hann hefði ekki komið ef hún hefði ekki beðið hann um það. Hún vildi hafa hann með eins og hún segir: „[...] Þú veist ég var svo mikið að rembast við að hafa þetta allt svona ... ótrúlega fjölskyldulegt, en það var ekkert að ganga.“ Hann var ekki viðstaddur fæðinguna, var úti á landi, en kíkti á hana þegar dóttir þeirra var tveggja daga gömul. Barnsfaðir Dagnýjar kom með henni í snemmsónarinn, en vildi ekki koma með inn heldur beið frammi og telur hún sig hafa þurft að neyða hann með sér. Hann tók ekki meiri þátt í ferlinu. Hann var ekki viðstaddur fæðinguna, þar sem hún lét hann ekki vita að hún væri komin með hríðar, heldur var mamma hennar viðstödd fæðinguna. Barnsfaðir hennar Fjólu tók engan þátt í meðgönguferlinu né var viðstaddur fæðinguna. Hann flutti úr landi og hafði mjög lítið samband við hana.

Aðrar mæður lýstu mikilli þátttöku barnsfeðra í meðgönguferlinu. Barnsfaðir Elísu tók þátt í meðgönguferlinu með henni. Hann kom með henni í foreldrafræðsluna og mætti með henni í sónar. Hann fór þó ekki með henni í mæðraskoðun, en hún sagðist

heldur ekkert hafa viljað að hann hefði gert það. Í lok meðgöngunnar þurfti hún aðeins að pressa á hann. Eins og kom fram í kaflanum um samband foreldra á meðgöngu þá slitu þau þarsambandi en gistu áfram saman einu sinni í viku því Elísu fannst mikilvægt að hann fjarlægðist ekki barnið eins og hún sagði: „[...]að hann myndi kynnast bumbunni þú veist.“ Barnsfaðir Elísu var viðstaddur fæðinguna og sýndi mikinn áhuga fyrstu vikuna. Hjá Guðrúnu og barnsföður hennar var það úthugað að hann myndi taka þátt í ferlinu og þar af leiðandi tengjast betur barninu, sem hún telur hann hafa gert. Aðspurð um ástæður fyrir þessu getur hún ekki svarað en segir: „[...] kannski er það líka bara hans karakter en ég held að það hafi alla vega ekki skemmt fyrir.“ Barnsfaðir Guðrúnar kom með henni í allar skoðanir og var viðstaddur fæðinguna. Hún segist hafa tekið meðvitaða ákvörðun um að gera miklar kröfur á hann á meðgöngunni og í orlofinu.

Feðurnir lýstu upplifunum sínum af meðgönguferlinu einnig með mjög ólíkum hætti. Sumir feðurnir tóku lítinn þátt. Haukur segist hafa verið boðaður í fyrstu mæðraskoðunina og svo í 20 vikna sónarinn, en fyrir utan það hafi hún útilokað hann gjörsamlega frá öllu meðgönguferlinu. Hann fékk ekki að vera viðstaddur fæðinguna og var óvelkominn þangað. Móðir barnsmóður hans hringdi í hann þegar hún var komin upp á spítala og lét hann vita að nú væri komið að þessu, en hann beðinn um að bíða. Eftir dálitla stund ók hann engu að síður af stað upp á spítala og fékk þá hringingu og lýsir því svo:

[...] þá var hringt og þá var ég akkúrat að leggja bilnum á fæðingardeildinni þannig að ... þá var hringt í mig og drengurinn fæddur þannig að ég sá hann svona hálf tíma eftir fæðingu, það var mjög notalegt. [...] Mér fannst það náttúrulega ömurlegt sko mér fannst ... fannst sko leiðinlegt fyrir það fyrsta að við hefðum hætt saman og allt það og bara ennþá leiðinlegra að fá ekki að taka þátt, eins mikinn þátt og ég vildi í meðgönguferlinu þú veist ég var boðaður kannski í eina mæðraskoðun, fyrstu mæðraskoðunina svo bara búið eiginlega og svo þessa sónar.

Hauki fannst það mjög miður að hafa ekki fengið að vera viðstaddur fæðinguna né að taka eins mikinn þátt í meðgönguferlinu eins og hann vildi, en samband þeirra var ekki gott á meðgöngunni og töluðust þau lítið við.

Aðrir feður tóku virkari þátt í meðgönguferlinu en voru ekki viðstaddir fæðinguna. Hjá Inga reyndist erfiðara fyrir hann að taka þátt í meðgönguferlinu þar sem barnsmóðir hans flutti út á land. Hann fór með henni í sónar og hringdi vikulega í hana til að fylgjast með hvernig gengi.

Þá voru feður sem tóku mjög virkan þátt í meðgönguferlinu og voru viðstaddir fæðingu barna sinna. Jóhann segist hafa tekið virkan þátt í meðgönguferlinu þegar líða tók á meðgönguna. Hann fékk að fylgjast vel með á meðgöngunni og fór með henni í sónarinn. Jóhann var á sjúkrahúsinu þegar hún átti og lýsir því á eftirfarandi hátt:

Ég er rosalega ánægður með það sjálfur að hafa þó fengið tækifæri til þess að vera ... vera viðstaddur fæðingu og þannig lagað ... þurfti að vísu að fara fram á gang því það var svo mikið af fólki inni (hlátur) en að fá að vera þarna um kvöldið og ég bara þetta var alveg þvilíkt að fá að upplifa þetta tilfinningar gagnvart barninu. Ég hélt á henni nýfæddri bara nokkrar mínútu gamalli og ég bara hugsaði þetta er barnið mitt og ég bara ... ég grét alveg eins og bara ... þú veist ég bara grét bara þvilíkum tárurum ... ég er bara svona, bara sorry það er bara en ég meina það er bara vegna þess að ég var bara þú veist það voru bara þvilík sko álag sko ... tilfinningarnar ég alveg bara, ég elska þetta barn og ég söng fyrir hana og ég man þetta alveg ennþá og það er bara það að það eru rosa góð tengsl á milli okkar, mín og hennar.

Karl segist hafa tekið þátt eftir því sem við átti og hægt hafi verið að koma við. Hann fór með í sónarinn og var viðstaddur fæðinguna og segist ekki hafa viljað missa af því. Leifur segist ekki hafa tekið mikinn þátt í meðgönguferlinu. Hann fór með barnsmóður sinni í sónarinn og eina heimsókn til ljósmóður eða hjúkrunarfræðings og var viðstaddur fæðinguna.

Eftirfarandi yfirlitstafla sýnir gervinöfn viðmælenda, hvernig viðbrögð mæðra/ barnsmæðra voru fyrst eftir að þær vissu að þær væru þungaðar, hvernig viðbrögð fedra/ barnsfedra voru við frétt um þungunina og hversu mikla þátttöku feður/barnsfedur sýndu í meðgönguferlinu.

Tafla 9. Gervinöfn, viðbrögð mæðra við þunguninni, viðbrögð feðra við þunguninni og hversu mikla þátttöku feður sýndu í meðgönguferlinu.

Nöfn	Viðbrögð mæðra við þunguninni	Viðbrögð feðra við þunguninni	Þátttaka feðra í meðgönguferlinu
Anna	Ánægð	Ánægður	Lítill, sónar
Bylgja	Ánægð fljótlega	Ekki ánægður	Lítill, sónar
Dagný	Ánægð	k.e.f.*	Lítill, sónar
Elísa	Ánægð	Ánægður	Ágæt, sónar og foreldrafræðsla
Fjóla	Ánægð	Ekki ánægður	Engin
Guðrún	Ánægð	Ánægður	Ágæt, var viðstaddur allt
Haukur	k. e. f.*	Áfall	Lítill, sónar og 1. mæðraskoðun
Ingi	k.e.f.*	Ánægður	Góð, sónar og hringdi oft**
Jóhann	Ánægð	Áfall	Góð, sónar og reglul. Samband
Karl	k.e.f.*	Ánægður	Góð, sónar og reglul. Samband
Leifur	k.e.f.*	Hræðsla	Lítill, sónar og 1. mæðraskoðun

* Kom ekki fram í gögnunum

** Barnsmóðir fluttist út á land

Af frásögnum viðmælanda má glögglega sjá að ýmsir þættir hafa áhrif á þátttöku feðra í meðgönguferlinu. Það eru ákveðnar væntingar gerðar til feðra sem eru í sambandi við barnsmæður en væntingar til hlutverks feðra sem ekki búa með barnsmæðrum á meðgöngu eru óljósari. Mögulega gætu bæklingar eða stutt myndbönd með dæmisögum um foreldra sem tekist hafa á við að undirbúa sig undir að verða foreldrar án þess að vera í parsambandi verið leiðbeinandi fyrir foreldra í þessum aðstæðum.

Þekking á fæðingarorlofsréttinum

Viðmælendur voru spurðir hvort þeir hefðu þekkt rétt sinn til fæðingarorlofs, og hvaðan þeir hefðu fengið upplýsingar. Viðmælendurnir öfluðu sér þekkingar á meðgöngutímabilinu. Netíð var sá upplýsingagjafi sem flestir viðmælendurnir notuðu en einn viðmælandi fékk upplýsingar frá félagsráðgjafa. Greiðlega gekk hjá flestum að sækja um fæðingarorlofið fyrir utan einn. Nær allir viðmælendurnir tóku fæðingarorlof.

Einungis einn viðmælenda hafði fengið upplýsingar frá félagsráðgjafa á meðgöngu. Anna gekk til félagsráðgjafa á meðgöngunni, þar sem hún hafði verið í óreglu fyrir meðgönguna. Félagsráðgjafinn veitti henni stuðning við að breyta um lífsstíl og hætta neyslu. Jafnframt upplýsti hann hana um réttindi hennar og hjálpaði henni með umsóknaferlið. Hún segist hafa verið meðvituð um réttindi sín og eins og hún segir: „Ég var alveg með þetta á hreinu sko.“

Viðmælendur virtust aðallega nota netið til að leita upplýsinga um fæðingarorlofið. Bylgja kynnti sér réttindi sín á netinu og á Tryggingastofnun Ríkisins. Hún lagði áherslu á að kynna sér réttindin í þaula þannig að ekkert færi fram hjá henni eins og hún segir: „ég lág alveg yfir þessu sko (hlátur) ég ætlaði sko ekki að fara á mis við neitt, stúdera allt bara til að geta framfleytt manni.“

Dagný, Elísa, Guðrún, Karl og Haukur notuðu öll netið sem aðal upplýsingagjafa en Haukur hringdi einnig á Tryggingastofnun Ríkisins og skoðaði heimasíðuna hjá ábyrgum feðrum. Guðrún spurðist einnig fyrir hjá vinkonum sínum sem voru að eiga á svipuðum tíma, því hún sagðist stundum hafa verið í vafa um hvort hún vissi allt sem hún þurfti að vita: „maður vissi ekki alveg 100% hvort maður vissi 100% þú veist ... þannig að.“

Fjóla var meðal þeirra viðmælenda sem kynnti sér réttindi sín á netinu ásamt því að spyrja annað fólk, en hún segist ekki hafa fengið nein svör hjá Tryggingastofnun Ríkisins. Ekki hafi gengið greiðlega fyrir hana að sækja um fæðingarorlofið, þar sem hún hafði verið atvinnulaus, á sjúkradagpeningum og einhverjar tvær vikur hafi vantað uppá. Hún lýsir umsóknaferlinu með hryllingi, þar sem hún hafi fjórum til fimm sinnum fengið neitun og segist ekki hafa fengið réttar upplýsingar varðandi pappírana, þar sem það hafi alltaf eitthvað vantað upp á, eins og hún segir:

Ég fékk ekki að vita neitt og í hvert einasta skipti þegar ég kom þarna niður eftir þá sögðu þau við mig sko hérna sko ... og spurðu hvort ég væri með alla pappíra eða hvort það vantaði eitthvað þá sko var alltaf sagt að þetta rynni í gegn núna að þetta væri bara komið en samt ... vantaði alltaf eitthvað og ég fékk ekkert að vita. Ég var orðin hálf geðveik á þessu sko og mér kvíður rosalega fyrir þessu núna eða ... ef ég verð ólétt aftur að fara í gegnum þetta. Þetta var sko hræðilegur tími. [...] og ég gat aldrei fengið

að tala við þessa konu sem að kvittaði undir allar þessar neitanir sko það var bara ekki hægt, hún var ekkert ... það var ekki hægt að hringja neitt í hana sko.

Ingi leitaði sér upplýsinga um réttinn á netinu, í barnalögnum og í greinargerð með þeim og var ekki sáttur við að rökstuðning vantaði alveg með lagagreinum. Niðurstaða hans var sú að forsjárlaus faðir ætti engan rétt, eins og hann segir: „[...]Mín réttindi eru ... eða forsjárlausra eru sem sagt engin, eini möguleikinn á að fá að taka fæðingarorlof er, er ef að hún (samþykki) já. Með skriflegu samþykki sko.“

Jóhann hafði sjálfur ekki beint kynnt sér sín réttindi. Hann vissi þó að hann ætti eitthvað fæðingarorlof og að hann ætti kannski rétt á að hitta barnið og umgangast það. Hann telur að barnsmóðir hans hafi vitað meira um hans mál en hann, eins og hann segir:

Ég hafði í rauninni ekkert kynnt mér þessi mál neitt sérstaklega frekar og, og, en, en samt svona vissi eitthvað jú þú átt eitthvað fæðingarorlof og hún vissi það í rauninni betur en ég sko af því náttúrulega hún var búin að kynna sér sín mál og henni hefur sjálfssagt verið kynnt mín, minn réttur líka.

Aðeins einn viðmælandi Leifur hafði ekki kynnt sér réttindi sín til fæðingarorlofs, þar sem hann vissi ekki hvar upplýsingarnar væru að finna.

Skýrt kom fram í viðtölunum að netið var sá upplýsingagjafi sem helst var notaður. Marka má af frásögnum nokkra viðmælandanna að það sé ekki nóg til að vera fullviss um réttindin. Viðmælendur leituðu einnig upplýsinga hjá vinum og fjölskyldu, og víðar. Athyglisvert er að foreldrar þekktu ekki rétt sinn áður en meðgangan hófst þar sem greiðslur í fæðingarorlofi taka mið af launum ákveðið tímabil fyrir fæðingu barns. Einungis einn viðmælandi hafði fengið félagsráðgjöf varðandi rétt til fæðingarorlofs.

Þörf fyrir ráðgjöf varðandi fæðingarorlof

Viðmælendurnir voru spurðir að því hvort þeir hefðu fengið einhverja ráðgjöf, eða hefðu viljað fá ráðgjöf um það hvernig þau ætluðu að haga fæðingarorlofinu. Jafnframt voru þeir spurðir að því hvernig ráðgjöf þeir hefðu viljað sjá og hvern þeir sæju fyrir sér veita

slíka ráðgjöf. Ráðgjöf varðandi tilhögun fæðingarorlofs er eitthvað sem fáir viðmælendur höfðu hugleitt eða staðið til boða á meðgöngunni en flestir töldu að slík ráðgjöf hefði verið gagnleg. Eins og áður kom fram kynntu nær allir viðmælendanna sér réttindi sín í gegnum netið, en persónuleg ráðgjöf og aðstoð fyrir tilvonandi foreldra við að ná samkomulagi um fæðingarorlofið nefndu viðmælendur að gæti komið að góðum notum. Viðmælendur höfðu ólíkar þarfir fyrir ráðgjöf. Ráðgjöf innan heilsugæslustöðvarinnar, hjá félagsráðgjafa eða ljósmóður var nefnd sem dæmi. Jafnframt var einn viðmælandi sem nefndi að gott væri að ræða við barnasálfræðing um tengslamyndun. Nokkrir viðmælendanna hefðu viljað sjá Tryggingastofnun Ríkisins veita meiri og betri upplýsingar en raun bar vitni.

Ólík viðhorf komu fram hjá viðmælendunum varðandi þörf fyrir ráðgjöf, en flestir töldu að meiri ráðgjöf myndi hafa nýst þeim vel. Bylgju fannst það vanta að einhver hefði sest með henni og barnsföður hennar til að ræða fæðingarorlofið. Hún hefði viljað fá ráðgjöf frá aðila með þessa þekkingu og nefnir til dæmis félagsráðgjafa í þeim efnum. Ráðgjöfin væri í því formi að fólk gæti leitað hennar og þantað tíma eins og hún segir:

Bara eitthvað svona viðtal ... þú veist þar sem maður mætir bara hjá ... hvort sem það er félagsráðgjafi eða ... eða eitthvað svoleiðis sem hefur eitthvað um þetta að segja. Maður svo sem veit ekkert ... maður vissi bara svona hrátt hvaða rétt maður hafði ... svona það sem stendur á netinu og ... það sem þær nenntu að segja manni og svo bara frá öðrum.

Bylgju fannst sem fólkið hjá Tryggingastofnun Ríkisins hefði mátt vera liðlegra varðandi ráðgjöf. Hún upplifði sig þannig að hún væri fyrir þeim þegar hún fór þangað eða hringdi til að fá upplýsingar:

Ég fór alveg margoft þangað niður eftir og þá vantaði alltaf þetta og hitt og ... og maður hringdi kannski og átti að koma með einhver plögg og svo kom maður með allt sem hún bað um, og þá vantaði þetta og þá vantaði þetta og allt ... og maður var alltaf að fara fram og til baka, það var voða mikið svoleiðis, fyrir fæðingarorlofið. Þetta var orðið frekar þreytandi.

Dagný fékk enga ráðgjöf á meðgöngunni varðandi fæðingarorlof og hafði í raun aldrei velt því fyrir sér, en telur að það hefði verið mjög þægilegt þar sem þau væru ekkert sérlega góðir vinir, hún og barnsföður hennar. Hún hefði viljað að það hefði verið talað við hana og segir: „Ég hefði viljað að það hefði verið talað við mig af því að hann ... hérna ...ég veit að hann á barnið en hann einhvern veginn ... vill ekki gera neitt til að kynnast henni.“

Dagný sér fyrir sér sem ráðgjöfin ætti að vera innan heilsugæslustöðvarinnar og sér ljósmóðurina fyrir sér í þeim efnum, eða jafnvel félagsráðgjafa eða einhvern hjá Tryggingastofnun en hún veit ekki hvort félagsráðgjafi hafi verið starfandi þar sem hún sótti heilsugæslu, en hún telur að það mættu vera fleiri félagsráðgjafar víðar. Henni fannst samt að heilsugæslstöðin væri hvað best fallin til þess að sinna ráðgjöfinni þar sem foreldrar kæmu þangað á hálfmánaða fresti eða eitthvað álíka. Hún sér ráðgjöfina fyrir sér í formi viðtals, ásamt bæklingum og segir:

Ég hefði þú veist viljað fá viðtal, og svo náttúrulega alls konar bæklinga og stöff, netið er að vísu voða þægilegt líka (hlátur) það er bara svo ópersónulegt og þægilegt að fá einhverja persónulega ráðgjöf, ég hefði viljað hafa það svoleiðis ... einhvern sem sest niður með manni og ræðir um möguleikana.

Elísa talar um að hún hefði viljað fá ráðgjöf og þá sérstaklega ef hún hefði fengið meira út úr fæðingarorlofinu eins og hún segir:

Ef ég hefði getað fengið eitthvað meira út úr fæðingarorlofinu þannig að þú sérð að þetta er náttúrulega bara ofsalega stutt og er svo ósannngjarnt að einstæðir foreldrar fá ... eða þú veist ef faðirinn vill ekki taka fæðingarorlofið ... þau fá minna heldur en ...þetta bitnar bara á barninu ... þannig að ég hefði sko alveg verið til ef einhver hefði getað hjálpað mér eða frætt mig til að finna út úr einhverju þannig að.

Hún er ekki alveg viss um hvern hún sæi fyrir sér veita ráðgjöfina, en það yrði að vera einhver sem er vel að sér í þessum efnum.

Fjóra hefði viljað fá ráðgjöf, þar sem henni finnst vanta ýmsar upplýsingar og ferlið vera flókið. Hún telur ferlið ruglingslegt þar sem fólk þarf að fara á milli stofnana og allir benda á hvorn annan. Fjóra lýsir þessu á eftirfarandi hátt:

Að fá að vita eitthvað skilurðu ... maður verður kannski óléttur í fyrsta skipti og veit ekki neitt og maður ... þarf að byrja að læra á þetta allt saman skilurðu og ... er að fara að gera þetta allt í fyrsta sinn og hérna svo fær maður einhverjar upplýsingar þú átt að gera þetta, þetta og þetta og ... svo vantar eitthvað meira og meira og þetta er svo flókið sko.

Fjóra hefði þótt gott ef einhver hjá fæðingarorlofssjóði hefði sest niður með henni til að útskýra ferlið fyrir henni frá upphafi til enda, þar sem hún vissi í raun ekki mikið og fékk takmörkuð svör við þeim spurningum sem hún hafði. Haukur segist hafa viljað fá ráðgjöf á sínum tíma, en er ekki alveg viss hver ætti að sjá um hana. Hann telur þó félagsráðgjafa koma til greina eða Tryggingastofnun Ríkisins. Hann hefði viljað sjá ráðgjöfina í formi ráðlegginga til dæmis þegar barnsmóðir hans trúði ekki rökfærslum hans og áhuga á töku orlofsins eins og hann segir: „Ég var bara að sækjast eftir ráðgjöf um það hvað ég átti að gera með ... eins og hvað átti ég að koma með á móti því sem hún sagði ... þú veist af hverju ... ég hefði viljað sjá það.“

Ingi álitur að það hefði verið gott að hafa ráðgjöf og nefnir þá til dæmis ráðgjöf frá barnasálfræðingi eða álíka um tengslamyndun og hvernig fæðingarorlofið myndi nýtast best til að mynda tengslin.

Jóhann telur að enginn tapi á því að fá ráðgjöf varðandi fæðingarorlof. Gera þurfi mönnum ljóst hvað tíminn með barninu skipti miklu máli og að fólk þurfi að hafa jafnvægi í vinnu og umönnun barna eins og hann segir:

Ég held að það sé nauðsynlegt því ég geri mér alveg grein fyrir því ... Ég veit það bara sjálfur fyrir víst það skiptir svo miklu máli að grunntengslin milli foreldra sko móður og föður barns og þá föður í þessu tilfelli þau skipta rosalega miklu máli og meira að segja sko sá tími sem menn eru á kaf í vinnu og svona ... En þegar þú gefur ekki barninu þínu tíma, alveg sama hversu gamalt það er... þú ert að missa af miklu og barnið er að missa af miklu.

Jóhann er ekki viss hver væri heppilegastur til að veita ráðgjöfina né hvernig barnsmóður sín hefði brugðist við því að fara í ráðgjöf eða hvort hún hefði talið sig þurfa þess þar sem hún væri með ákveðna hluti á hreinu og þar á meðal fæðingarorlofið. Leifur hefði viljað sjá ráðgjöf, en er ekki viss um hvernig ráðgjöf það ætti að vera, en telur að einhver ráðgjöf sé betri en engin.

Aðrir viðmælendur töldu sig ekki hafa haft þörf fyrir ráðgjöf. Guðrún telur sig ekki hafa þurft á ráðgjöf að halda en vissi um tilvik er varðaði afturvirkkan útreikning á orlofi þar sem ráðgjöf hefði komið að gagni. Hún telur að ráðgjöf væri góð í þeim tilfellum þar sem ekki allt er klippt og skorið. Aðspurð um hvern hún myndi vilja sjá veita þessa ráðgjöf segist hún ekki vilja sjá Tryggingastofnun Ríkisins í því hlutverki. Hún telur að Tryggingastofnunin myndi fæla fólk frá þar sem ímynd stofnunarinnar væri einfaldlega þannig. Guðrún telur heppilegri í því sambandi og segir:

[...] þú veist ég held að það myndi vera miklu þú veist ... margir sem eru viðkvæmir á þessum tíma og ... þú veist bara ... bara mörgu að huga að og þessi þreyta og ... þannig að það að fara til tryggingastofnunar það ... er bara svona eitthvað meiriháttar mál eða þú veist.

Guðrún sér ljósmóðurina fyrir sér veita þessa ráðgjöf, hún væri þá búin að kynna sér þessi mál og gæti aðstoðað á byrjunarstigi máls.

Anna hefði ekki viljað fá sameiginlega ráðgjöf varðandi fæðingarorlofið, þar sem henni hefði þá fundist að hún væri að þvinga barnið að föðurnum. Henni finnst að hann eigi að koma þegar hann sé sjálfur tilbúinn til þess að nálgast son sinn eins og hún segir: „Ég meina ... hann kemur bara og talar við barnið þegar hann er tilbúinn til þess ... af því að ef ég þvinga honum að honum ... þá á það ekki eftir að gera neitt gott fyrir ... hvorki hann né barnið.“ Á meðgöngunni fór Anna í fæðingafræðslu fyrir einstæðar mæður. Þar kom félagsráðgjafi og fræddi tilvonandi mæður meðal annars um meðlögin og rétt föður. Jafnframt gátu þær spurt hann ýmissa spurninga sem brunnu á þeim. Anna spurði félagsráðgjafann um föðurættina og rétt þeirra, ef faðirinn sýnir ekki áhuga, þar sem henni fannst mikilvægt að barnið hefði val.

Karl var á þeirri skoðun að hann hefði ekki þurft á ráðgjöf að halda þar sem þau gátu alveg unnið úr þessu sjálf eins og hann segir: „Ég meina ég þarf ekki ráðgjöf til að fara í sumarfrí ... maður vinnur bara úr þessu sjálfur.“

Eftirfarandi tafla sýnir gervinöfn viðmælenda, hvar þau leituðu sér upplýsinga varðandi rétt til fæðingarorlofs, hvort þau hefðu viljað sjá ráðgjöf varðandi fæðingarorlofið og hvern viðmælendur hefðu viljað sjá veita slíka ráðgjöf.

Tafla 10. Gervinöfn, hvaðan upplýsingar um rétt til fæðingarorlofs komu, áhugi viðmælenda á ráðgjöf og hver ætti að veita hana.

Nöfn	Uppl. um fæðingarorlof.	Ráðgjöf	Hver ætti að veita ráðgjöfin
Anna	Hjá félagsráðgjafa	Já	Fór til félagsráðgjafa á meðgöngunni
Bylgja	Á netinu, heimasíða TR	Já	Félagsráðgjafi
Dagný	Á netinu, heimasíða TR	Já	Heilsugæslan, þá ljósmóðir eða félagsráðgjafi eða TR**
Elísa	Á netinu, heimasíða TR	Já	Einhver sem væri vel að sér í þessu
Fjóla	Á netinu og spyrja annað fólk	Já	Fæðingarorlofsjóður
Guðrún	Á netinu hjá TR og spyrja annað fólk	Já/nei*	Ljósmóðir
Haukur	Á netinu, heimasíðu TR og hjá ábyrgum feðrum	Já	Félagsráðgjafa eða TR**
Ingi	Á netinu, í barnalögum og greinagerðum	Já	Barnasálfræðing
Jóhann	Ekki beint en vissi smá	Já	Ekki viss
Karl	Á netinu	Nei	-
Leifur	Ekkert, vissi ekki hvert hann ætti að leita	Já	Ekki viss

* Almennt já, en ekki í hennar tilvikum

** TR, en nú er það fæðingarorlofsjóður sem sér um fæðingarorlofið

Greinilegt var á svörum viðmælenda að þörfin fyrir ráðgjöf er fyrir hendi. Þegar fólk er að eignast barn er það mjög einstaklingsbundið hvernig það tekur á hlutunum og hversu vel það er í stakk búíð til að takast á við þær breytingar sem framundan eru. Foreldrar þurfa að taka ýmsar ákvarðanir meðal annars um hvernig best sé að haga töku fæðingarorlofs. Þegar foreldrar eru ekki í góðu sambandi getur reynst erfitt að komast að samkomulagi um fæðingarorlof. Hér mætti einnig hafa í huga að tilhögun fæðingarorlofs er fyrsta sameiginlega verkefni foreldra sem eiga eftir að sjá fyrir og annast um barn til 18 ára aldurs og því mikilvægt að foreldrar fái eins góða faglega aðstoð og mögulegt er til að tryggja hagsmuni barns.

4.2. Fæðing og fæðingarorlof

Í þessum kafla er fjallað um það sem gerist eftir fæðingu: Samband foreldra eftir fæðingu barns; ákvörðun um og tilhögun fæðingarorlofsins; samband barns og foreldris; ábyrgðartilfinningu; hlutverk foreldranna í fæðingarorlofinu; áhrif orlofs á tekjur; brjóstgjöf og umönnun barns eftir að fæðingarorlofi lýkur.

Samband foreldra eftir fæðingu barns

Viðmælendur voru beðnir um að lýsa sambandi þeirra við barnsmóður/föður eftir að barnið fæddist. Misjafnt var hversu gott samband viðmælenda og foreldris var eftir fæðingu barns. Hjá nokkrum mæðrum var lítið samband við föður fyrir fæðingu barns og það breyttist ekki eftir fæðingu. Þessir feður eiga það sameiginlegt að hafa ekki tekið virkan þátt í meðgönguferlinu, né verið viðstaddir fæðinguna eða tekið fæðingarorlof. Í öðrum tilvikum voru feður í góðu sambandi við börn sín og ræktu umgengni við þau. Tveir viðmælendur telja að sambandið hafi versnað eftir fæðingu barnsins og nefnir annar að ástæðan fyrir því megi aðallega rekja til mismunandi skoðana foreldranna á föðurhlutverkinu. Í tveimur tilfellum telja viðmælendur að samband þeirra og barnsmóður/föður hafa styrkst eftir fæðingu barnsins. Allir kvenkyns viðmælendurnir eiga það sameiginlegt að fara einir með forsjá barnanna og einungis einn karlkyns viðmælandi fer sameiginlega með forræði með barnsmóður sinni. Feðurnir sem rætt var við rækja allir umgengi við barn sitt.

Samband foreldra eftir fæðingu var mjög mismunandi. Í nokkrum tilvikum höfðu foreldrar nær engin samskipti. Samskipti Önnu og barnsföður hennar voru mjög lítil eftir fæðingu sonar þeirra. Barnsfaðir hennar var í litlum tengslum við hana og soninn. Þau byrjuðu saman aftur í parsambandi en það varði einungis í mjög stuttan tíma. Í dag er nær ekkert samband á milli þeirra. Bylgja lýsir einnig litlum samskiptum við barnsföður sinn. Hún og barnsfaðir hennar voru ekki í miklu sambandi eftir fæðingu dóttur þeirra. Hann kom fyrst þegar hún var tveggja daga gömul, svo þegar hún var tveggja vikna og næst

þegar hún var fjögurra mánaða. Það er ekki mikið samband á milli þeirra í dag. Hjá Dagný og barnsföður hennar var sambandið frekar stirt eftir fæðingu dóttur þeirra. Hann hringdi fyrst þegar hún var þriggja mánaða og kom í kjölfarið í heimsókn. Barnsaðir hennar býr með annarri konu sem hann á jafnframt barn með. Barnsaðirinn hefur ekki tekið dóttur sína og treystir hún honum ekki til þess. Hún segir:

Ég gat ekki treyst því að hann kæmi með hana á réttum tíma eða skilaði henni á réttum tíma eða ... hvernig sem það væri. Ég einhvern veginn gat ekki treyst því að hann væri að segja mér satt þannig að það var ekki í boði af minni hálfu og það er það ekki ennþá. Hann hefur aldrei farið með hana sko.

Samband Fjólu og barnsföður hennar var ansi stormasamt eftir að sonur þeirra fæddist. Þau byrjuðu aftur saman en parsambandið endist í um það bil þrjá mánuði. Hún varð aftur þunguð eftir hann en fór í fóstureyðingu, þar sem hann ætlaði sér ekki að vera til staðar fyrir hana og var ekki sáttur við að hún væri þunguð aftur. Í fyrstu ætlaði hún að eiga barnið en snérist hugur á síðustu stundu. Hún telur að hún hefði rétt svo getað séð fyrir sér og syninum hvað þá að bæta einu barni við, hún segist ekki hafa getað gert börnunum það, ein í pínulítilli íbúð og því farið í fóstureyðingu.

Samband Elísu og barnsföður hennar, var einstaklega gott á meðgöngu, og tók hann mjög virkan þátt í meðgöngunni. Hann var viðstaddur fæðinguna og hafði mikinn áhuga á föðurhlutverkinu fyrstu vikuna og gisti heima hjá henni, en þegar kom að næstu viku fór hann að missa áhugann eins og segir hún: „... svo hitti hann hana bara alveg rosalega sjaldan fram til þriggja mánaða og þegar hún var þriggja mánaða hitti hann hana eiginlega ekki neitt þangað til hún varð eiginlega bara eins árs.“ Eftir þetta hitti hann dóttur sína nokkrum sinnum þegar hún fór í heimsókn til foreldra hans þar sem hann býr. Elísa vildi að stúlkan fengi að kynnast föðurfjölskyldu sinni og fór því oft með hana þangað í heimsókn. Hann hitti hana þar og lýsir hún því þannig:

„Hann hafði engan áhuga á að skoða hana kom bara fram við hana eins og fjarskylda frænku og ... heilsaði og labbaði svo bara í burtu þannig að

ég var ekkert að reyna að eltast við hann ... ég var meira svona að eltast við mömmu hans og pabba“.

Ástæðuna fyrir áhugaleysi hans telur Elísa vera meðal annars þá að hann hafi leiðst út í neyslu á þessum tíma og því hafi hann haft svona lítið samband. Í dag er hann fyrst farinn að sýna stúlkunni áhuga, tekur hana yfir nótt eða kvöldstund, en treystir sér ekki til þess að taka hana yfir helgi og telur Elísa að það komi kannski einhvern tímann.

Sambandið hjá Guðrúnu og barnsföður hefur styrkst eftir að dóttir þeirra fæddist eins og hún segir:

Við notuðum tímann alveg rosalega mikið og kynntumst (hlátur) kynntumst mjög vel og vorum stanslaust að ræða um hana og þú veist svona uppeldis þælingar okkar og náðum að stilla alveg rosalega vel saman þú veist ræða það sem við vorum ósammála um og ... finna það sem við vorum sammála um og hvernig við myndum vilja hafa þetta þannig að þú veist.“

Hjá Karli og barnsmóðir hans hefur ríkt gott samkomulag, bæði fyrir og eftir fæðinguna. Hann var viðstaddur fæðinguna og hafa þau verið í góðu sambandi sem foreldrar. Samkomulag ríkir um umgengni hans við son sinn, hann er þó ekki farinn að taka hann aðra hvora helgi, þar sem hann hefur heyrt að miðað sé við tveggja ára aldur í þeim efnunum. Samband Leifs og barnsmóður hans endaði endanlega stuttu eftir að sonur þeirra fæddist. Þó þarsambandið hafi slitnað ríkti gott samkomulag á milli þeirra, hvað barnið varðaði og gerir enn. Leifur er með góða umgengni við son sinn og tekur hann aðra hvora helgi, en segist vilja vera meira með hann.

Samband Hauks og barnsmóður hans var dálítið stirt til að byrja með eftir fæðingu drengsins en það styrktist aðeins með tímanum. Haukur fékk ekki að vera viðstaddur fæðingu sonarins og var hann ekki sáttur við það. Haukur reyndi að fara til þeirra á hverjum degi í einhvern tíma eftir að hann fæddist og fyrsta hálfu árið varð hann að láta sér nægja að heimsækja hann. Hann fór ekki að taka drenginn fyrir en síðar eins og hann segir:

Ég fór ekki að taka við honum eða heilan dag fyrir en kannski þegar hann var 8 mánaða og síðan þegar hann var orðinn eins árs þá var hann

kominn að gista þú veist hjá mér og núna er þetta bara þannig að hann kemur aðra hvora helgi og ... og ég fæ hann svona yfir sumarið þegar ég tek sumarfríð mitt og það er svona meira ... það eru orðin auðveldari svona samskiptin okkar á milli.

Eftir að drengurinn varð eldri eru þau farin að hugleiða að hann verði meira hjá honum. Drengurinn er orðinn fjögurra ára og er sjálfur farinn að sækjast eftir því að vera meira hjá föður sínum. Haukur telur tímann frá föstudegi til sunnudags vera frekar stuttan og hefði viljað hafa drenginn fram á mánudag og skila honum þá beint á leikskólann.

En foreldrar lýsa líka hvernig samband og samkomulag foreldranna getur versnað eftir fæðingu. Ingi telur að samband sitt og barnsmóðir hans hafi verið hræðilegt eftir að dóttir þeirra fæddist og segir það hafa farið versnandi og þá aðallega þar sem þau hafi mismunandi skoðun á föðurhlutverkinu. Hann telur barnsmóðir sína vera með mjög gamaldags viðhorf, þar sem henni fannst óþarfi að hann væri í miklu sambandi við dóttur sína fyrr en hún væri orðin tveggja eða þriggja ára og næturgisting ætti ekki að vera fyrir þann tíma. Ingi segir barnsmóðir sína hafa ætlað að haga málunum þannig að hann fengi að sjá dóttir sína þegar hún kæmi í bæinn, en hann var ákveðinn á sínu eins og hann segir:

[...]... átti að vera eitthvað svona sko og ég var bara alveg sko og ég var bara harður á því að ... að hérna að hitt væri rétt að, að sem sagt að vera bara eins mikið með henni eins og hægt væri. Ég er líka ... ég vil meina það skilurðu að barnið hafi bara sýnt fram á það að það var rétt (hlátur) eða ég meina það var búíð að gera svo mikið mál út af þessu næturgistingu og svoieðis sko og svo fyrstu nóttina sem hún gisti hjá okkur þá sofnaði hún á 5 mínútum, ekkert mál og ég var búinn að hringja í barnasálfræðing því að ég var orðinn alveg meðvirkur í öllu þessu hvað þetta væri mikið vesen [...]

Í dag er hann með umgengi aðra hvora helgi og er með dótturina frá föstudegi til sunnudags. Þar sem stúlkan býr úti á landi þarf hann að fljúga á föstudögum og sækja hana og svo aftur til baka með hana á sunnudag. Hann reynir að haga því þannig að á föstudögum tekur hann sér frí og reynir þá að ná fyrstu vélinni og á sunnudögum flýgur hann með henni í síðustu vélinni til baka.

Jóhann lýsir svipaðri reynslu og Ingi. Samskiptin hjá Jóhanni og barnsmóðir hans gegnu ágætlega til að byrja með. Hann var viðstaddur fæðinguna. Hann kom mikið í heimsóknir til þeirra mæðgna, nokkrum sinnum í viku. Á tímabili var hann heima hjá barnsmóður sinni með stúlkuna á meðan hún fór að vinna hálfan daginn. Upp úr áramótum 2004/2005 og fram eftir árinu, var hann farinn að finna fyrir því að hann væri óvelkominn. Upp frá því fór hann að ræða við barnsmóður sína um umgengnina en þau ræddu ekki beint fasta umgengni eins og hann segir: „[...] *Við ræddum í rauninni ekki neina sérstaka fasta umgengni aðra hvora helgi fyrr en um sumarið 2005 ... þá fór ég ... að ræða að reyna að koma því að, að fara að ræða það að ég myndi vilja fá hana aðra hvora helgi til mín.*“ En einhvern veginn dróst umræðan um fasta umgengni fram í nóvember og telur hann aðal ástæðuna kunna að vera að hann hefði ekki verið nógu kjarkmikill, þar sem hún hafði allt valdið. Á endanum urðu deilur þeirra á milli og þurfti Jóhann að sækja umgengnina til sýslumanns, sem hann fór til sumarið 2006 og í nóvember það ár sömdu þau um umgengnina. Eftir það hefur umgengnin gengið svo til áfallalaust fyrir sig. Í dag tekur hann dóttir sína aðra hvora helgi frá föstudegi til sunnudags.

Lýsingar foreldranna á samskiptum og sambandi eftir fæðingu sýnir glöggst hversu vandasamt verkefni það er að viðhalda góðum tengslum milli foreldra sem ekki búa saman. Einungis í tveimur tilvikum hefur foreldrum tekist að vera í góðum samskiptum bæði fyrir og eftir fæðingu. Mikilvægi þess að foreldrar séu í góðum tengslum er augljóst þegar horft er til hagsmuna barnsins. Samskipti foreldra geta haft bein eða óbein áhrif á barnið, þar sem börn greina oft ósætti foreldra. Feður lýsa líka erfiðleikum sem hafa komið upp varðandi umgengni við börn sín, einn viðmælandinn þurfti að sækja umgengisrétt til sýslumanns, sem lýsir vel hve erfið samskipti foreldra geta verið. Þá ræddu þrír feðranna um að umgengni frá föstudegi til sunnudags aðra hvora helgi væri ekki langur tími og hefðu viljað sjá þann tíma lengri. Einn þessara feðra flýgur út á land tvisvar í mánuði til að ná í dóttur sína .

Tilhögun fæðingarorlofsins

Viðmælendur voru spurðir hvort þeir höfðu rætt um tilhögun fæðingarorlofsins við barnsmóður/föður sinn. Einnig voru þeir spurðir hvernig eða hvort þeir og barnsmóðir/faðir hefðu hagað töku fæðingarorlofs og um ástæður fyrir þeirri tilhögun sem valin var. Misjafnt var hvort viðmælendurnir höfðu ráðfært sig við barnsmóður/föður á meðgöngunni varðandi tilhögun fæðingarorlofsins. Í tilvikum þar sem foreldrar ræddu sín á milli um hvernig fæðingarorlofinu skyldi hagað, ríkti gott samkomulag og skilningur hjá báðum aðilum um mikilvægi þess að báðir foreldrar tækju fæðingarorlof með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Í þeim tilfellum þar sem umræða um fæðingarorlof átti sér ekki stað, voru einnig lítil samskipti á milli foreldra á meðgöngu. Ástæður þess voru ólíkar, sambandsslit sem endaði frekar illa, áhugaleysi föður eða viðmælandi vissi ekki um réttinn sinn.

Misjafnt var hvernig og hvort viðmælendur sem og barnsmæður/feður þeirra höguðu fæðingarorlofinu eða höfðu tök á að taka það. Allar mæðurnar sem rætt var við fullnýttu rétt sinn til þriggja mánaða fæðingarorlofs og tóku einnig þá þrjá mánuði sem þær hefðu mögulega getað deilt með föður. Af fimm feðrum sem rætt var við tóku þeir orlof, styst einn mánuð og lengst 6 mánuði. Einn viðmælandinn sem var í námi hafði ekki tök á fæðingarstyrk, þar sem barnsmóðir hans fór ein með forsjónna og átti hann þar af leiðandi ekki rétt á styrknum (þessu hefur nú verið breyt sbr. kafla 1 um löggjöfina). Einn viðmælandi vissi ekki að hann ætti rétt á fæðingarorlofi. Einungis einn barnsfaðir mæðranna tók orlof en barnsmæður viðmælandanna fyrir utan eina tóku orlof. Sú sem ekki tók orlof var öryrki og því borgaði sig ekki fyrir hana að taka fæðingarorlof. Helstu ástæður þess að barnsfeðurnir nýttu sér ekki fæðingarorlofsrétt sinn má rekja til áhugaleysis, sambandserfiðleika og í einu tilfelli neitun móðurinnar. Nokkrar mæður nefndu að þær hefðu gjarnan viljað taka lengra fæðingarorlof og nefna í því skyni að þær hefðu viljað geta tekið út fæðingarorlofsrétt barnsföðursins í þeim tilfellum sem hann ætlaði ekki að nýta sér sinn rétt með barninu.

Í nokkrum tilvikum tóku feðurnir ekkert fæðingarorlof. Samskiptin hjá Önnu og barnsföður hennar voru frekar lítil á meðgöngunni og var tilhögun fæðingarorlofs ekki rædd. Samkomulag þeirra var hvorki gott á meðgöngunni né eftir fæðingu sonarins. Anna

tók sex mánuði í fæðingarorlof. Hún talaði um að barnsfaðir hennar hafi ekki ætlað sér að nýta rétt sinn til fæðingarorlofs og því hafi hún leitað til félagsþjónustunnar til að fá að taka hans þrjá mánuði. Ástæðunni lýsir Anna:

[...] Því mér fannst ósanngjarnt gagnvart barninu mínu að það bitnaði á honum að þurfa að fara til dagmömmu vegna þess að pabbi hans mundi ekki taka þessa þrjá mánuði. Þannig að ég fékk sem sagt ... sömu upphæð og ég hefði fengið fyrir meðlag ... í þessa þrjá mánuði.

Anna telur að barnsfaðir sinn hafi ekki nýtt sér orlofsrétt sinn þar sem hann var m.a. í fangelsi einhvern hluta fæðingarorlofsins og ekkert búinn að vinna til að eiga rétt á fæðingarorlofi. Jafnframt telur hún að hann hafi haft lítinn áhuga á syni þeirra. Hjá Bylgju var staðan svipuð, áhugaleysi föður var að hennar sögn helsta ástæða þess að þau höfðu ekki verið búin að ræða um tilhögun orlofsins, og ætlaði hann ekki að taka fæðingarorlof. Barnsfaðir hennar var ekki sáttur við það að hún væri þunguð og sagði hún að hann hafi ekki ætlað sér að taka þátt í foreldrahlutverkinu með henni. Bylgja telur að hann hafi ekki haft neinn áhuga á dóttur sinni og segir: „Ég meina fyrir það fyrsta þá vildi hann ekki þetta barn og ... það bara var enginn áhugi. Ég reyni alveg fyrst sko en en ... þú veist ... síðan varð ég bara að beygja mig.“ Bylgja tók sex mánuði í fæðingarorlof samfleytt. Barnsfaðir hennar tók hins vegar ekkert fæðingarorlof og hann hefur ekki tekið þátt hvorki í meðgöngu né umönnun dóttur sinnar eftir fæðingu. Bylgja sagði að ef hún hefði haft fjárhagslegan möguleika á að lengja orlofið í níu mánuði hefði hún gert það, en hún segist ekki hafa haft tök á því.

Staða Fjólu var álíka þeirra Önnu og Bylgju. Lítil samskipti voru milli hennar og barnsföður á meðgöngunni og var ekkert rætt um hvernig fæðingarorlofinu skyldi hagað. Barnsfaðir hennar flutti erlendis þegar þau komust af því að hún væri barnshafandi. Fjóla tók einnig sex mánuði samfleytt frá fæðingu sonarins en hún vissi ekki að hún hefði getað hagrætt því öðruvísi. Henni fannst þetta samt hafa verið fínt, en hefði viljað geta fengið tólf mánuði. Barnsfaðir hennar tók ekkert fæðingarorlof og segir hún að hann hafi ekkert viljað með það að gera. Hann hefði takmarkaðan áhuga á barninu og telur hún það vera ástæðu þess að hann tók ekkert orlof. Fjólu finnst það helst vera missir barnsföður hennar

frekar en sonarins að hann hafi ekki tekið fæðingarorlof og gefið sér að honum, þar sem sonur hennar þekki ekkert annað og lýsir hún því þannig:

[...]Þetta er bara algjörlega hans missir held ég hann hefur ekkert að bjóða honum ... Ég lít ekkert á þetta sem stráksins missir skilurðu því að karlinn hefur ekkert að bjóða en bara það að hann skuli vera að missa af öllu þessu sem er að gerast hjá litla sko ... Ég bara skil ekki svona, skil ekki hvernig fólk getur bara vitað af einhverjum börnum niðri í bæ og bara verið alveg sama. Mér finnst þetta bara alveg hræðilega sorglegt og það er bara allt of mikið um þetta ... alltaf að heyra þetta.

Dagný var í frekar erfiðri stöðu á meðgöngunni þar sem hún komst að því að barnsfaðir hennar ætti von á öðru barni á svipuðum tíma. Fyrir vikið voru samskiptin ekki mikil á meðgöngunni. Þau höfðu ekki rætt hvernig fæðingarorlofinu skyldi ráðstafað. Dagný tók fæðingarorlof í sex mánuði samfleytt, en barnsfaðir hennar ekkert. Dagný neitaði að skrifa upp á samþykkið fyrir hann, þar sem hún segir það hafa gefið augaleið að hann hafi ekki ætlað að nýta það til að kynnast dóttur þeirra. Hann hringdi í hana og bað hana um það en þá benti hún honum á að fæðingarorlofið væri ekki til þess að vera í fríi. Hún segir hann ekki hafa haft neinn áhuga á dóttir sinni þar sem hann sá hana fyrst þegar hún varð þriggja mánaða og hafði ekkert hringt í sig fyrr en þegar honum vantaði uppáskrift hennar. Dagný hafði ekki viljað haga orlofinu öðruvísi en segir jafnframt:

[...]Ég hefði viljað fá níu mánuði (hlátur) og náttúrulega lengra ef það hefði verið í boði en ég hefði viljað fá sem sagt þrjá mánuðina hans líka af því að hann ætlaði ekki að gera neitt, hann ætlaði ekki að kynnast barninu sínu.

Að hennar sögn var hann ekki sáttur við ákvörðun hennar en gerði jafnframt ekkert meira í því. Hún segir hann einnig ekki vera sáttur að dóttir þeirra skuli vera kennd við sig og segir: „mér finnst hann bara ekki eiga það skilið og þá bara er þetta svona (hlátur)“

Elísa og barnsfaðir hennar voru búin að ræða sín á milli hvernig þau ætluðu að haga fæðingarorlofinu og að hennar sögn hafði ríkt sátt á milli þeirra um tilhögun þess. Hún segir að hann hafði ávallt talað um það að hann vildi fara í fæðingarorlof, en svo

einhvern veginn þegar á hólminn var komið, varð aldrei neitt úr því að taka orlofið. Hún orðaði ætlun þeirra á eftirfarandi hátt: „*Já, ég ætlaði sko í sex mánuði og hann svo í þrjá mánuði, taka bara við og svo myndi hún fara til dagmömmu níu mánaða en ... en síðan bara varð ekkert úr því.*“ Elísa var ákveðin í að taka sex mánuði samfleytt frá fæðingu barnsins, þar sem henni fannst ekkert annað vera í boði. Barnsfaðir hennar tók ekki fæðingarorlof, þó hann hafi talað um á meðgöngunni að ætla í fæðingaorlof. Hún samþykkti að hann færi í þriggja mánaða fæðingarorlof eins og hann ætlaði sér, en svo varð aldrei úr því og telur hún ástæðuna vera: „*[...] Eftir að hún fæddist þá datt hann niður í neyslu þannig að ég held að það hafi bara verið aðal ástæðan, þau hittust eiginlega ekkert fyrsta árið þannig að.*“ Hann hafði eitthvað rætt við Elísu þegar dóttir þeirra var um eins árs, að fara að taka stúlkuna, en henni fannst það ekki alveg ganga upp eins og hún segir: „*[...] Líka bara af því að hún var komin til dagmömmu og hún bara komin með sitt líf einhvern veginn fannst mér og fara í þrjá mánuði fæðingarorlof með honum sem hún þekkti varla ... mér leist ekki alveg.*“ Elísa segist ekkert hafa dregið úr þessu hjá honum, en síðan varð aldrei neitt úr þessu. Í dag er hann aðeins farinn að taka dóttir sína, en fæðingarorlofstíminn er útrunninn og því of seint fyrir hann að taka það núna.

Þegar barnsmóðir hans Hauks var barnshafandi var hann í námi og átti þar af leiðandi ekki rétt á fæðingarorlofi heldur fæðingarstyrk. Á þeim tíma var fæðingarstyrkur ekki í boði fyrir feður sem ekki fóru með forræði, en því hefur nú verið breytt. Þar sem eina leiðin fyrir Hauk til að fá fæðingarstyrk var að barnsmóðir hans myndi samþykkja sameiginlegt forræði varð ekkert úr þessu hjá honum þar sem hún var ekki tilbúin til þess. Hann telur að ástæðurnar fyrir þessu nokkrar og segir:

Sko hún var bara ekki tilbúin í að samþykkja í fyrsta lagi vegna þess að við ... þekktumst ekkert voðalega mikið það er að segja að við vorum ekkert í föstu sambandi nema svona fimm sex mánuði og líka bara það að hún treysti mér, mér ekki bara til þess á þessum tíma bara treysti því ekki og síðan var hún að hugsa svo mikið um framtíðina já ok ef við erum með sameiginlegt forræði þá þýðir það að hann þarf alltaf að samþykkja að ... samþykkja til dæmis það að hún flytji til útlanda eða eitthvað svoleiðis.

Honum fannst þetta vera mjög furðulegt og finnst það enn þann dag í dag. Hann segist hafa beðið hana margoft um sameiginlegt forræði áður en sonur þeirra fæddist, en hún hafi ávallt neitað. Haukur sagði að hún hafði gefið sér það að hann hugðist ætla að græða á styrknum við það að fara að eignast barn en ekki nota það fyrir barnið. Hann benti á móti að hann þyrfti styrkinn til að undirbúa heimilið til þess að taka á móti barni.

Leifur og barnsmóðir hans höfðu ekkert talað um hvernig þau skyldu haga fæðingarorlofinu. Hann segist ekkert hafa verið að spá í fæðingarorlofi eins og hann segir: „Ég var að fara að eignast barn og var eiginlega ekkert að spá í svona einhverju öðru, eins og fæðingarorlofi.“ Leifur tók ekkert fæðingarorlof, þar sem hann segist ekki vita að hann hafi átt rétt til orlofs á sínum tíma þar sem hann hafi verið í námi.

En það voru einnig dæmi um feður sem tóku fæðingarorlof. Jóhann hafði ekki gert ráð fyrir því að taka fæðingarorlof þar sem hann var nýbúinn að fá vinnu og taldi sig ekki getað tekið fæðingarorlof strax sökum þess. Hann hafði ekki hugleitt fæðingarorlofið af neinu viti á meðgöngunni eins og hann segir: „Ekki á meðgöngunni nei ... ég, ég sko var meira að segja var í rauninni ekkert ... ég var í rauninni ekkert á því að taka fæðingarorlof eða feðraorlof þannig lagað nema kannski bara stuttan tíma.“ Jóhann tók einn mánuð í feðraorlof, en þrátt fyrir það fékk hann lítið að sjá dóttur sína. Móðirin skrifaði upp á einn mánuð en þegar Jóhann óskaði eftir því að fá að umgangast stúlkuna meira, tók hún það ekki í mál. Hann lýsir þessu þannig:

[...]Ég er kominn hérna í feðraorlof og ætla að fá að taka stelpuna líka eitthvað aðeins meira. Þú ert ekkert að fara að vera meira með hana sagði hún... En þá var ég reyndar ekki farinn að vera neitt fast með hana, heldur bara að koma í heimsókn... Og þarna fyrst fann ég svona fyrir vanmættinum, ég gat í rauninni ekkert gert og hérna ... og það að hún skyldi ... Við vorum búin að ræða það að ég myndi hafa stelpuna annan hvern laugardag og ég tók það. Ja það er þá ágætt allavega en einhvern veginn ómeðvitaður um hvað væri í gangi og ég gat í rauninni ekkert farið fram á meira, ég hafði í rauninni ekki efni á því að fara í lengra feðraorlof og í rauninni sko .

Jóhann telur að hann hefði átt að ræða um umgengnina við móðurina um leið og hann fór með pappírana til að skrifa upp á. Það má því staldra við það hvað uppáskrift móður vegna fæðingarorlofs föður raunverulega feli í sér.

Í tilfelli Guðrúnar ræddu hún og barnsfaðir hennar um það hvernig þau ætluðu að haga fæðingarorlofinu og skipta því með sér í sátt og samlyndi. Gott samkomulag var á milli þeirra og veltu þau þessu fyrir sér út frá hagsmunum þeirra beggja og barnsins. Þau ræddu um það hvort hann ætti að taka orlofið sitt eftir að hún væri búin með sitt eða hvort þau ættu að vera saman í orlofinu, þó það myndi ekki nýtast dóttir þeirra beint:

Við vorum einmitt að ræða þetta hvort hann ætti að taka þú veist lengri tíma fyrir aftan mitt orlof eða hvort við ættum að vera saman sem myndi náttúrulega ekki nýtast henni sko beint ... en svo bara eiginlega enduðum við á þessu og ... að ... að hann væri þarna með okkur þú veist ... ég var líka til í að hafa einhvern með mér svona já ... í svona daglegu amstri þannig að það var bara aldrei neitt mál ... aldrei neitt eitthvað einhver krísa eða ósætti.

Bæði Guðrún og barnsfaðir hennar tóku fæðingarorlof. Þau höguðu fæðingarorlofinu þannig að hún tók átta mánuði og hann þrjá. Tvo mánuði tók hann með henni, en hann bætti sumarfríinu sínu við þannig að hann tók samtals 3 mánuði með henni. Guðrúnu hefði fundist sniðugt að hann hefði tekið sína þrjá mánuði fyrir aftan hennar, en hún vildi frekar að hann tæki þessa tvo þegar barnið var nýfætt til að reyna að styrkja á tengslin á milli þeirra og hafa hann sem hluta af þeim fyrstu þrjá mánuðina. Þegar Guðrún fór að vinna aftur tók hann þriðja fæðingarorlofsmánuðinn sinn. Guðrún var mjög sátt við fyrirkomulagið eins og þau höguðu orlofinu og lýsir því á eftirfarandi hátt:

Það var bara alveg rosalega fínt ég hefði viljað hafa það þú veist ... lengra en mér fannst samt sko ... ég bakka ekkert með hitt að það hafi verið góð hugmynd ... af því að þau ... hann greinilega náði alveg mjög góðum tengslum við hana og og ... fór svona inni hlutverkið sem ég er ekki viss um að hann hafi gert annars. Þannig að hjá okkur var þetta eiginlega bara ... takast alveg fullkomlega.

Guðrún hefði viljað getað tekið lengra fæðingarorlof og hafði verið búin að velta fyrir sér níu mánuðum, en það hafi ekki gengið upp fjárhagslega.

Ingi og barnsmóðir hans voru búin að ræða sín á milli hvernig þau ætluðu að haga fæðingarorlofinu. Upphaflega planið var að hún tæki sína sex mánuði svo myndi hann skipta sínum mánuðum niður á móti henni með það í huga að lengja tímann sem dóttir hans yrði heima. Vegna breyttra aðstæðna hjá barnsmóður hans þar sem hún flutti út á land, breyttist fyrirkomulagið, en upphaflega stóð til að hann tæki allt fæðingarorlofið í Reykjavík, en síðan varð raunin önnur eins og hann segir:

Já ... já bara upphaflega sko þá sem sagt ætlaði ... ætlaði hún að vera hérna í bænum eða sem sagt ætlaði bara að búa hérna í Reykjavík og ... þá átti ég að taka þennan fyrsta mánuð og svo hefði hún farið þarna í frí þarna strax á eftir og svo átti ég að taka næsta mánuð strax á eftir því já ... þetta var eða svona hugsað svona til að lengja það að hún þyrfti að fara í leikskóla en svo bara breyttist þetta allt saman skilurðu með hérna ... flutningum og þá bara stóð maður frammi fyrir því skilurðu ... annað hvort þurfti maður að fara út á land og leigja íbúð ... eða þá að sleppa þessu.

Ingi tók fæðingarorlof ásamt barnsmóðir sinni. Hann tók þrjá mánuði og hún sex mánuði samfleytt. Hann skipti mánuðunum upp og tók einn mánuð í einu, þar sem hann þurfti að taka tvo þeirra úti á landi og því hafi þetta fyrirkomulag hentað best. Upphaflega ætlaði Ingi að taka alla mánuðina eftir að barnsmóðir hans byrjaði að vinna og tók fyrsta mánuðinn svoleiðis, en svo breyttist fyrirkomulagið þar sem hún fluttist út á land. Honum fannst sem tveir mánuðir væru fullmikið í einu úti á landi. Hann er mjög sáttur við að hafa tekið fæðingarorlofið svona í þrepum upp á tengslamyndun að gera. Ingi er ekkert viss um að barnsmóðir hans hefði skrifað upp á fæðingarorlofið ef hún hefði verið búin að ákveða að flytja út á land. Hann segir að það hefði verið rifrildi út af því, þar sem hann þurfti að fara líka út á land og leigja sér íbúð og fleira. Hann vildi hafa getað tekið allt fæðingarorlofið hérna í bænum, en svo fór ekki. Hann var mjög sáttur við að hafa skipt orlofinu upp í stað þess að taka það samfleytt eins og hann segir:

Upphaflega átti þetta að taka mánuð og svo mánuð um haustið ... ég held að það sé bara stórsniðugt fyrir sko ... forsjárlausu sem að eru ekki í

daglegu umgengni við börnin sko ... að skipta þessu ... af því ... að það gerast náttúrulega ákveðnir hlutir á mánuði skilurðu ... svo ef það er samfleytt í tvo mánuði þá gerist kannski ekkert rosalega mikið skilurðu ... en svo ef þú ferð aftur ... lætur líða þrjá mánuði og ferð svo aftur þá gerist meira skilurðu, meiri og meiri tengsl skilurðu ... Ég held að svona tengslamyndun sé bara betri svona en hérna .

Hjá Karli og barnsmóðir hans ríkti mikill sveigjanleiki hvað varðaði fæðingarorlofstöku hans. Þar sem barnsmóðir hans ætlaði sér ekki að taka neitt fæðingarorlof, hafði hann möguleika á að taka sína þrjá mánuði auk þá þrjá mánuði sem þau áttu sameiginlega. Þau ræddu þetta sín á milli og að sögn Karls hafði hann það í hendi sér hvernig hann vildi taka orlofið og segir hann: „Ég mátti bara taka þá hvenær sem ég vildi og stílaði ég það aðallega upp á sumarfrí og jólin.“

Karl tók því sex mánuði í fæðingarorlof þar sem barnsmóðir hans tók ekki fæðingarorlof. Barnsmóðir hans er öryrki og hafði þar af leiðandi lækkað í tekjum við það að taka fæðingarorlofið. Hann ákvað að taka sex mánuði þar sem hann var að vinna vinnu þar sem hann hækkaði í launum við það að fara í fæðingarorlof. Karl segir barnsmóður sína hafa verið hlynnta því að hann tæki sex mánuði og hafi því skrifað undir samþykkið. Hann tók fæðingarorlofið á rúmu ári og skipti orlofinu upp í þrjú tímabil. Fyrst tók hann einn mánuð stuttu eftir að sonur hans fæddist, síðan tók hann þrjá mánuði yfir jól og áramót og að lokum tvo mánuði sumarið eftir. Ástæðan fyrir því hvernig hann hagaði fæðingarorlofinu var sú að hann vildi eiga frí í kringum jólin og eiga gott sumarfrí og var hann mjög sáttur við fyrirkomulagið. Karl telur það hafa skipt miklu máli að hafa tekið fæðingarorlof varðandi samband sitt við son sinn og vegna þeirra nánú tengsla sem þróuðust á milli þeirra, eins og hann lýsir: „Ja það sýndi sig bara best þegar ég fór út á sjó ... og hann sá mig ekki í einhvern tíma bara hvað hann var ánægður þegar hann sá mig þegar ég kom og tók hann.“

Eftirfarandi yfirlitstafla sýnir gervinöfn viðmælenda, sambönd foreldra fyrir fæðingu barns, hvort viðmælendur eða barnsfeður hafi verið viðstaddir fæðinguna, samband foreldra eftir fæðingu, hversu marga mánuði mæður tóku í fæðingarorlof, hversu marga

mánuði feður tóku í fæðingaorlof, umgengni föður við barn og hvernig forsjá barns er háttað.

Tafla 11. Gervinöfn, samband foreldra fyrir fæðing, feður viðstaddir fæðingu, samband foreldra eftir fæðingu, fjöldi mánaða í fæðingarorlof mæðra, fjöldi mánaða í fæðingarorlofi feðra, umgengni feðra við barnið og hvernig forsjá barns er háttað.

Nafn	Samband f/ fæðingu	Viðstaddir fæðingu	Samband e/ fæðingu	Fæðingar- orlof mæðra	Fæðingar- orlof feðra	Umgengni föður við barn	Forsjá
Anna	Ekki gott	Nei	Ekki gott	6 mánuði	Ekkert	Engin	Móðir ein með forsjá
Bylgja	Gott	Nei	Ekki gott	6 mánuði	Ekkert	Engin	Móðir ein með forsjá
Dagný	Ekki gott	Nei	Ekki gott	6 mánuði	Ekkert	Engin	Móðir ein með forsjá
Elísa	Ágætt	Já	Lítið	6 mánuði	Ekkert	Lítill fyrsta árið, hefur aukist í dag	Móðir ein með forsjá
Fjóla	Ekki gott	Nei	Ekki gott	6 mánuði	Ekkert	Engin	Móðir ein með forsjá
Guðrún	Mjög gott	Já	Mjög gott	8 mánuði	3 mánuði	Regluleg	Móðir ein með forsjá
Haukur	Ekki gott	Nei	Gott	k.e.f.*	Ekkert	Regluleg	Móðir ein með forsjá
Ingi	Ágætt	k.e.f.*	Ekki gott	6 mánuði	3 mánuði	Regluleg	Móðir ein með forsjá
Jóhann	Ágætt	Já**	Gott fyrst	6 mánuði***	1 mánuður	Regluleg	Móðir ein með forsjá
Karl	Mjög gott	Já	Mjög gott	Ekkert	6 mánuði	Regluleg	Sameiginleg forsjá
Leifur	Ágætt	Já	Gott	6 mánuði	Ekkert	Regluleg	Móðir ein með forsjá

* Kom ekki fram í gögnunum

**Var á staðnum og kom inn hálf tíma eftir fæðinguna

*** Minnir að það hafði verið 6 mánuðir

Taflan sýnir yfirlit yfir fjölbreyttan veruleika foreldranna og barna þeirra. Sérstaka athygli vekur hversu mörg barnanna virðast ekki njóta umgengi við báða foreldra eins og þau eiga rétt á samkvæmt barnalögum.

Lýsingar mæðranna á afskiptaleysi feðra vekja einnig athygli í þessu sambandi og greinilegt enn og aftur hversu þörfín fyrir fræðslu og félagsráðgjöf er aðkallandi. Foreldrarnir virðast ómeðvituð um lagalegar skyldur sínar við börnin og deilur foreldra um hvernig haga beri samskiptum við barnið eru einnig í raun ákall um hjálp. Þá kom

einnig fram í þessum hluta viðtalanna að viðmælendurnir þekktu ekki rétt sinn, t.d. vissu margir ekki að hægt hefði verið að haga fæðingarorlofinu öðruvísi. Þarna er lýsandi dæmi um hvar ráðgjöf myndi nýtast, því þó fólk kynnir sér réttindi sín á netinu veit það ekki endilega alla söguna. Í nokkrum tilvikum höfðu foreldrar í góðri sátt deilt fæðingarorlofi og lýstu þeir jákvæðri reynslu af því, þótt þeir hefðu allir hagað orlofstöku feðra með ólíkum hætti þá voru ástæður þeirra þær sömu: Að efla tengsl barna og feðra.

Samband barns og foreldris

Viðmælendur voru spurðir að því hvaða áhrif þeir töldu tilhögun fæðingarorlofs hafa haft á samband barns og foreldra. Flestum viðmælendum bar saman um tengslamyndun foreldra og barna hæfist mjög snemma á æviskeiði barnsins. Flestir voru einnig sammála um mikilvægi þess að foreldri tæki fæðingarorlof og var nefnt í því tilviki að það myndi leiða til meiri umönnunar barns. Án fæðingarorlofs eða umgengi við börnin yrði lítil sem engin tengslamyndun.

Anna er á þeirri skoðun að ef barn og foreldri myndi ekki góð tengsl innan fyrstu sex til níu mánuðina sé það mjög erfitt. Anna telur að foreldri og barn eiga þá erfðara með að mynda tengslin og að ferlið taki lengri tíma auk þess sem það krefjist vinnu af hálfu foreldris. Vegna þessa telur hún það vera ólíklegt að sonur hennar og faðir hans eigi eftir að verða góðir vinir. Drengurinn er tæplega tveggja ára og hafa engin tengsl myndast á milli þeirra þar sem faðir hans komi ekki nálægt honum. Hún telur fyrstu þrjá mánuðina vera mikilvæga upp á samband barns og foreldris að gera, þar sem foreldrarnir verði að vera til staðar fyrir barnið til þess að það lifi og þau læri inná það og lýsir hún því þannig:

[...]Ég meina það þarf að fá ást og umúð og náttúrulega að fá næringu og allt það sko ... og sá sem að nærir það og sá sem gefur því ást og umúð er náttúrulega manneskjan sem hann vill vera hjá. Þannig að mér finnst það skipta öllu, þess vegna vildi ég einmitt fara fram á þessa þrjá auka mánuði þannig að hann gæti fengið þú veist Börn hljóta að finna fyrir því þegar þeim er hent svona ungum til dagmömmu því þau eru svo ógeðslega miklar ástverur þegar þau eru svona lítil og rífa þau frá tengslunum sem þau þekkja og send eitthvert til einherrar ókunnugar konu sem þeir þekkja ekki neitt. Mér fannst það bara ... fannst það bara

vera alger hryllingsmynd þannig að ég bara ... æ, mér fannst bara aðeins of vænt um hann að láta hann svona ungan til dagmömmu.

Bylgja telur fæðingarorlofið nauðsynlegt til að mynda tengsl og þetta sé tími sem ekki komi aftur. Hún hefði viljað getað verið lengur í fæðingarorlofinu og hefði viljað geta fengið þrjá mánuði aukalega eins og hún segir:

[...]Mér finnst bara að mæður og fedur sem eru alveg einir í þessu eigi að fá þessa þrjá mánuði aukalega til að vera heima með barninu sínu af því að þetta kemur náttúrulega bara niður á barninu að þurfa að fara í gæslu sex mánaða, þetta er náttúrulega rosalega ungt.

Dagný finnst fæðingarorlofið hafa í för með sér að foreldri og barn kynnist, sem sé mjög mikilvægt á þessum tíma. Hún heldur að ef barnsfaðir sinn hefði tekið þrjá mánuði í fæðingaorlof og ætlað að nota það til að kynnast dóttur sinni myndu þau þekkjast í dag, en þess í stað þekkjast þau ekkert. Elísa heldur að fæðingarorlofið geri mikið fyrir samband barns og foreldris og þá helst að styrkja góð tengsl á milli þeirra. Hún tekur sem dæmi að dóttir þeirra myndi frekar leita til sín en föður síns þar sem hún þekkir hann mun minna. Fjólu finnst það skipta heilmiklu máli að foreldrar taki fæðingarorlof upp á samband foreldris og barns að gera. Það skipti hana miklu máli að sonur hennar hafi hana alltaf og viti hvar hann hafi sig og lýsir hún því á eftirfarandi hátt:

Ég myndi vilja nota þessa fyrstu mánuði til þess að leyfa honum að finna öryggi skilurðu þarna fyrstu mánuði lífsins áður en maður fer að demba þeim út í eitthvað ... einhverja pössun skilurðu þá vill ég bara ... að hann læri fyrst hvernig hlutirnir eru skilurðu við mig, og þú veist okkar líf...geti svo skilurðu mig ... að hann hafi öryggi og ná þessum tengslum. Þess vegna myndi ég viljað hafa getað tekið hálf meina heilt ár í fæðingarorlof því að hérna þetta er bara ... fyrsta árið er bara magnaður tími þú veist ... svo er alltaf hætta á að maður missi af fyrsta skrefinu, fyrsta hlátrinnum og það bara alveg gengur ekki (hlátur) Maður má ekki missa af neinu.

Guðrún er alveg viss um að fæðingarorlof barnsföður síns hafi leitt til þess að hann tók meiri þátt í umönnun dóttur þeirra og sérstaklega fyrstu tveir mánuðir, þar sem þau voru saman í fæðingarorlofi. Þessir mánuðir segir Guðrún hafa verið mikilvæga, því annars

hefði hann verið eins og einhver helgarpabbi. Þar sem hann var inná heimili hennar fyrstu þrjú mánuðina að sumarfríinu meðtöldu, hafi myndast tengsl á milli hans og stúlkunnar sem hún er viss um að annars hefði ekki gerst. Guðrún telur fæðingarorlofið styrkja tengslin mikið og foreldrið læri inná barnið og kynnist því. Barnsfaðir hennar kynntist dóttur þeirra og varð ástfanginn af henni á þessum tíma sem hann hefði ekkert endilega orðið annars. Hún telur það mjög mikilvægt og segir: „[...]Ég skil ekki hvernig þetta var áður þegar pabbarnir tóku ekki fæðingarorlof (hlátur) það er bara fáránlegt concept.“

Hauki fannst erfitt að segja til um það hvaða áhrif hann héldi að fæðingarorlofið hefði á samband foreldris og barns, en segist vita það fyrir vist að sumir væru að nýta fæðingarorlofið á allt annan hátt heldur en það eigi að gera. Þrátt fyrir það veit hann um dæmi af vini sínum sem tók sitt fæðingarorlof og telur Haukur vin sinn hafa kynnst syni sínum miklu betur heldur en ef hann hefði ekki farið í fæðingarorlof. Hann telur það tilkomið vegna góðs tíma sem þeir áttu saman í fæðingarorlofinu. Haukur hefur sjálfur náð góðum tengslum við son sinn en segist hins vegar ekki vita hvernig þetta væri hjá þeim ef hann hefði tekið fæðingarorlof og alltaf verið með hann og bætir við:

Ég held að það sé mjög erfitt þú veist fyrir einstæðan faðir að fá það í gegn að taka fæðingarorlof snemma á lífsleið barns og þú veist heimta það að vera með hann sko eða með barnið það ... ég held að það sé bara mjög erfitt (hlátur) Ég meina þú sérð aldrei pabbann vera með fullt forræði og mamman tekur hann í tvær helgar í mánuði ... þú sérð það aldrei.

Ingi segir það vera tengslamyndunin sem verður helst á milli foreldris og barns og segir:

[...]Ef að ég hefði ekki farið í fæðingarorlof þá væri staðan ekkert svona eins og hún er í dag skilurðu ... öll tengsl skilurðu á milli, tengslamyndun á milli mín og dóttir minnar væru sko ... hafa aldrei verið neitt vandamál þetta hjálpaði alveg gríðarlega upp á.

Ingi segir samband hans og dóttur sinnar hafa verið fljótt að fara aftur á sama þrep eftir að fyrsta fæðingarorlofsmánuði lauk, þar sem það byggðist hægt og rólega ofan á þau tengsl sem fyrir höfðu myndast. Við næsta fæðingarorlofsmánuð hafði tengslamyndunin

aukist enn frekar og svo við þriðja fæðingarorlofs mánuðinn voru næturgistingar og fleira komið á, og síðan hafi þetta haldist sem búíð var að byggja upp. Ingi tekur sem dæmi:

[...]Nú missti ég samband við hana í sex vikur í sumar af því að móðir hennar var með hana í sumarfrí og sá hana ekki í sex vikur og ég var rosalega stressaður yfir því hvernig það yrði skilurðu og það var víst bara horfið ...ekkert mál ... ótrúlegt skilurðu hérna ... þá var ég skilurðu að fljúga, sækja hana á flugvællin og taka hana af mömmu hennar og fara með hana upp í flugvél skilurðu ... það var bara tóm hamingja[...]

Ingi telur það hafa hjálpað mikið hversu auðveldlega þetta gekk að hann hafi tekið fæðingarorlof. Hann bendir á að í fæðingarorlofinu hafi verið lagður grunnur að tengslum sem hafi gert honum kleift að rækja umgengni við dóttur sína þrátt fyrir að móðirin hafi flutt með hana út á land. Ef hann hefði einungis verið búinn að hitta dóttur sína hluta úr degi til að byrja með og hefði svo átt að sækja hana og fljúga burtu með hana hefði það orðið mjög erfitt. Þess vegna segir hann fæðingarorlofið eða feðraorlofið í raun vera mikilvægast fyrir forsjárlausu feður og börn þeirra.

Jóhann er á þeirri skoðun að með tilkomu þess að foreldri taki fæðingarorlof, geti það ekki annað en haft góð áhrif á barnið þar sem góð grunntengsl myndast og styrkist. Karl bendir einnig á mikilvægi þess að sátt ríki milli foreldra vegna fæðingarorlofstökunnar. Hann segir:

Sko ... þegar fólk býr ekki saman þegar kemur að því að taka fæðingarorlof þá er það náttúrulega númer alveg eitt, tvö og þrjú að vera í fullri sátt beggja aðila til þess að barnið lendi ekki á milli ... Það bara held ég að sé alveg grundvallaratriði þegar kemur að fæðingarorlofinu ef það er ætlast til þess að pabbinn taki þátt í umönnun barnsins þó að þau búi ekki saman að þá verður bara að ríkja sátt á milli foreldranna alveg frá a til ö, því annars endar þetta bara með því að barnið verður verkfæri í öllum samskiptum sem er bara því miður allt of algengt ... og það er bara staðreynd og þetta hefur maður séð hjá svo mörgum.

Karl heldur að það hafi skipt miklu máli varðandi samband sitt og sonarins að hann hafi tekið fæðingarorlof. Hann tekur dæmi þegar sonur hans hafði ekki séð hann í einhvern tíma, hvað sonurinn var ánægður þegar hann sá hann aftur. Karl telur það skipta miklu

máli að börnin fái að umgangast feðurna eða hitt foreldrið sem það býr ekki hjá og segist hafa séð það í sínu tilfelli. Leifur er sömu skoðunar og telur að þar sem feður taki fæðingarorlof með barninu nái þau meiri tengslum við þá, það hjálpi mikið til að vera með barninu og segir: „[...]Þetta er náttúrulega bara byrjunin á sambandi sem maður mun svo eiga við barnið sitt allt sitt líf.“

Allir viðmælendur í rannsókninni voru mjög meðvitaðir um mikilvægi tengslamyndunnar milli barna og foreldra. Þeir ræddu einnig um mikilvægi þess að slík tengsl sköpuðust meðan börnin væru ung. Mæður þeirra barna þar sem feður höfðu ekki ræktað tengsl, töldu einnig að erfitt yrði fyrir feðurna að koma seinna inni líf barna sinna.

Ábyrgðartilfinning

Viðmælendur voru spurðir af því hvort þeir töldu ábyrgðartilfinningu feðra/mæðra gagnvart barnauppeldinu öðruvísi hjá þeim foreldrum sem taka fæðingarorlof og þeim sem ekki taka fæðingarorlof. Margir viðmælendur telja að fæðingarorlofstaka ýti undir ábyrgðartilfinningu foreldranna. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú að eftir því sem foreldrar eru meira með börnin sín og sinni þeim, því ábyrgðarmeiri verða þeir. Einn viðmælandinn talaði um að foreldrar væru með sterka ábyrgðartilfinningu sem myndi styrkjast enn meira við það að taka fæðingarorlof. Viðmælandinn sem gat ekki tekið fæðingarorlof/styrk, sagðist ekki vera viss hvort fæðingarorlofið sem slíkt hefði áhrif, en taldi það geta verið. Að hans sögn ber hann ábyrgð á syni sínum og sagðist alltaf vera hræddur um að eitthvað kæmi fyrir hann.

Anna telur að ábyrgðartilfinningin sé meiri hjá þeim foreldrum sem taka fæðingarorlof heldur en ekki og lýsir því þannig:

Já það eru náttúrulega þessi tengsl, ég meina það hlýtur að vera. Ég alla vega sko ... ég er alltaf hrædd um hann þú veist maður myndar náttúrulega alveg ógeðsleg tengsl og fer að þykja svo ógeðslega vænt um barnið þú veist að ... það er bara ekkert ... þú færð verk við að horfa á hann þannig að það er eiginlega ekkert sem getur lýst því þannig að auðvitað hlýtur ábyrgðin að koma með ástinni.

Bylgja er á sömu skoðun varðandi ábyrgðartilfinninguna og Anna og sagði að mikið gerðist á þeim sex mánuðum sem foreldri er með barninu í fæðingarorlofi. Hún telur foreldrið öðlast mikla ábyrgð, þar sem það væri með barnið allan sólarhringinn. Þar sem annar aðilinn tæki engan þátt tengist hann ekki barninu og sýnir af þeim sökum minni ábyrgð. Bylgja óskar þess að allir feður myndu vilja taka fæðingarorlof, bæði fyrir sjálfan sig og barnið. Elísa og Dagný eru einnig á þeirri skoðun að það foreldri sem fer í fæðingarorlof beri meiri ábyrgð á barninu heldur en hitt sem gerir það ekki. Dagný telur að með því að taka sér frí frá vinnu eða skóla til að vera með barni og sinna því, beri viðkomandi ábyrgð á því. Fjóla er sammála þeim um að foreldrar sem fara í fæðingarorlof beri meiri ábyrgð á börnum sínum heldur en þeir sem ekki fara. Það foreldri sem tæki fæðingarorlof geri sér betur grein fyrir því sem er í gangi en sá sem tekur ekkert fæðingarorlof. Foreldri í fæðingarorlofi er með barninu allan daginn og lærir því um allt er viðkemur því. Guðrún tekur undir með þeim og lýsir því á eftirfarandi hátt:

Alveg klárlega, bara ekki spurning ... Ég held að það sé bara ekki hægt að líkja því saman ef hann hefði ekki gert þetta eins og ég sagði áðan þá væri þetta svona helgarpabbi sem að þetta væri meira skyldurækni. Ég er ekkert endilega að segja að hann elskaði hana eitthvað minna eða þannig en hann hefði tekið hana og ég er klárlega viss um það að hann hefði sinnt sinni skyldu, tekið hana aðra hvora helgi og svona en núna þú veist ... eins og þetta er hjá okkur núna ef hann sér að hann er með hana aðra hvora helgi svona langa helgi en en ef að hann sér hana ekki í tvo þrjá daga þá kemur hann og borðar með okkur eða tekur hana með í sund eða ... þú veist hann sækist eftir henni, þannig að ég held að það sé munurinn.

Aðrir voru ekki jafnvissir um að ábyrgðartilfinningin sé meiri hjá því foreldri sem tekur fæðingarorlof heldur en því sem ekki taki orlof, Haukur taldi þó að það gæti vel verið. Í sínu tilfelli lýsir hann ábyrgðartilfinningunni á eftirfarandi hátt:

Mér finnst hún bara fin sko, ég meina ég er alltaf að þæla í því sko, maður er alltaf hræddur um hann ef þú veist hann gerir eitthvað af sér sem gæti verið slys eða eitthvað sko þá náttúrulega bara uff sko þá fær maður alveg fyrir hjartað sko. Þannig að maður ber alveg ábyrgð á barninu sínu sko eða ég gera það alla vega og ég meina ég lenti í alvarlegu bílslysi og ég

hugsaði bara strax eftir þetta bílslys, guð minn góður ef barnið hefði verið með ... það hefði ekki verið mjög skemmtilegt að upplifa það, held ég.

Jóhann hefur svipuð viðhorf og Haukur og segir ábyrgðartilfinningu foreldra vera sterka og styrkist við það að taka fæðingarorlof. Hann telur það ómetanlegt að elska barnið sitt, þar þróist einhverjar tilfinningar sem fólk getur ekki fundið fyrir fyrr en eftir á. Hann segist vera mjög ánægður með að hafa fengið tækifæri til að vera viðstaddur fæðingu dóttur sinnar og fá að upplifa þessar tilfinningar gagnvart henni. Tengslin mynduðust snemma á milli þeirra og segir Jóhann að dóttir sín muni alltaf fylgja sér og ekkert kæmi þar á milli. Leifur tekur í svipaðan streng, telur ábyrgðina skapast við það að sjá um lítið barn, þar sem barnið treystir alfarið á foreldrið sitt þar sem það er svo lítið og hjálparlaust.

Aðrir voru ekki jafn sannfærðir um þýðingu töku fæðingarorlofs fyrir ábyrgðakennd gagnvart barni. Ingi gat ekki sagt til um það hvort honum myndist ábyrgðartilfinningin meiri hjá því foreldri sem tæki fæðingarorlofið, þar sem margar ástæður gætu legið fyrir því að menn tækju ekki fæðingarorlof. Þegar hann horfir á dæmið út frá forsjarlausum, hafa ekki allir kost á að taka fæðingarorlof, þar sem þá skortir vald til að ráða því.

Karl telur ábyrgðartilfinninguna persónubundna og segir að hún sé til staðar hjá sér og lýsir því þannig:

Ja, maður náttúrulega ber ábyrgð á börnunum sínum alveg frá a til ö maður vill alltaf tryggja þeim náttúrulega öryggi ... maður verður bara ... maður verður náttúrulega bara að sýna ábyrgðartilfinningu gagnvart börnunum en þetta er náttúrulega persónubundið hver og einn með sína ... það náttúrulega til raknir aumingjar hvað þetta varðar alveg sama bara hvort þeir fá orlofið geta hangið heima og gert ekki neitt.

Karl telur hins vegar ábyrgðartilfinninguna hjá sér ekkert vera meiri við það að taka fæðingarorlof, þar sem ábyrgðartilfinningin sé ekkert meiri þótt hann sitji heima með barnið eða sé í vinnunni.

Hlutverk foreldra í fæðingarorlofi

Viðmælendur voru spurðir hvert þeir teldu vera hlutverk foreldra í fæðingarorlofi. Flestir foreldrar voru á þeirri skoðun að hlutverk föður og móður í fæðingarorlofi væru þau sömu, fyrir utan að móðir getur gefið brjóst en ekki faðirinn. Einn viðmælandi benti á að þeir gætu samt gefið barninu brjóstamjólk úr pela. Flestir nefndu að hlutverk foreldra væri að kynnst barninu og hugsa um það en jafnframt, eins og að ofan greinir, að mynda tengsl við barnið.

Flestir foreldranna töldu báða foreldra hafa sömu hlutverk. Bylgja taldi að hlutverkin væru fyrst og fremst að sjá um barnið, kynnst því og mynda tengsl. Hún segir feðurna kannski ekki geta gert allt það sama og mæðurnar og nefnir þá helst brjóstagjöfina í því sambandi. Hún heldur að feður ættu að geta sinnt sömu verkum og mæður og nefnir sem dæmi að þvo þvott, fara með börnin í göngutúr, örva það og kenna. Bylgja tekur þó fram að mennirnir séu misjafnir eins og konurnar. Dagný segir hlutverkið vera að sinna barninu og kynnst því. Hlutverkin væru þau sömu hjá báðum foreldrum og hún segir:

[...]Þau hafa svona sama hlutverk nema mamman gefur brjóst en pabbinn ekki en þú veist hann getur verið með brjóstamjólk í pela þannig að ég held að þau hafi mjög svipuðu hlutverki að gegna og pabbar kunna að þvo þvott og allt sem þarf að gera ... allt sem tilheyrir barninu. Pabbar geta gert allt sem mömmur geta gert (hlátur)

Fjóla segir hlutverkið vera að hugsa um barnið, læra á það og foreldrahlutverkið. Henni finnst að fólk eigi að hjálpast að og telur fólk gera það þar sem áhugi væri til staðar hjá báðum aðilum. Guðrún segir hlutverkið vera umönnun, þar sem börnin eru svo ung þegar þau eru í fæðingarorlofinu. Foreldrarnir hafi sambærilegu hlutverki að gegna og segir hún það hafa verið þannig í þeirra tilviki. Haukur tekur undir að hlutverk foreldranna væru í raun þau sömu fyrir utan brjóstagjöfina og hann segir:

[...] Ég meina það er engin ein rétt leið til að til þess að ... þú veist taka bleyjuna af barninu (hlátur) eða neitt svoleiðis. Ég upplifi það þannig að ég

er bæði mamman og pabbinn þegar hann er hjá mér sko. Þannig að þú veist ... mér finnst hlutverkin þannig vera á jafnt .

Ingi nefnir að í sínu tilfalli hafi hann þurft að leggja meira upp úr tengslamyndun, þar sem móðirin hafi myndað tengsl á undan honum. Hann telur að hlutverk föður sé að leyfa barninu að kynnast sér, mynda tengsl og leggja grunnin til framtíðar og telur hann fæðingarorlofið bráðnaðsynlegt fyrir forsjárlausu feður og tekur sem dæmi:

[...] Bara eins og ég segi mín reynsla er sú hefði ég ekki fengið fæðingarorlof þá veit ég ekki hvernig staðan væri í dag, því þá hefði maður bara verið að hitta hana dag og dag og þá náttúrulega myndast engin tengsl á því og ... og barninu myndi skilurðu örugglega ekki ... endilega líða vel hjá mér skilurðu, væri kannski óöruggt í staðinn fyrir að vera 100% öruggt ... Þannig að fyrir forsjárlausan föður og barn og forsjárlaus föður þá held ég að þetta sé brýnt verkefni fyrir þjóðfélagið að tryggja öllum börnum þetta sem eiga feður sem vilja gera það sko.

Jóhann sagði hlutverk foreldranna vera fyrst og fremst að styrkja grunntengslin við barnið og upplifa sig sem foreldri, finna til ábyrgðar og tilfinninga. Með því að gefa sig að barninu, njóta þess að eiga barn og elska það, styrkist allar þessar tilfinningar og hann bætir við:

[...] og annast barnið og elska það og virða, því þetta er tími sem að þú upplifir aldrei aftur með barninu ... og ... þetta er svo mikilvægur tími að ég held að fólk sko, ég held að þú finnur þig sem foreldri í þessu .

Hlutverk foreldranna eru þau sömu að mati Karls en hann nefnir jafnframt það hlutverk að efla samband við systkini barnsins.

Tveir viðmælendur nefndu að mæður og feður væru ólík og þess vegna þyrftu börn á þeim báðum að halda. Leifur telur að barn þurfi ávallt á föður að halda þar sem hlutverk hans sé ólíkt hlutverki móður. Honum finnst að barn eigi alltaf að eiga aðgang að báðum foreldrum, þó barnið væri ávallt nánari móðurinni. Það væri nauðsynlegt þannig að barnið fái mismunandi sýn á hlutina og nefnir sem dæmi mismunandi áhugamál

foreldra. Anna tekur í svipaðan streng og segir mikilvægt að barnið fái að kynnast báðum kynjum, bæði móður og föður. Hún telur það vera mjög gott fyrir son sinn að hafa einhverja föðurmynd og leikur hún við hann eins og strákar myndu gera. Anna telur foreldrahlutverkin ekki mismunandi að öðru leyti, bæði eiga að sjá fyrir barninu og leyfa því að kynnast sér. Foreldrar geri hlutina hins vegar öðruvísi eins og hún segir:

[...] Karlmenn og konur gera hluti allt öðruvísi vegna þess að einhverju hluta vegna þá erum við ekki eins (hlátur) Þannig að þú veist ... það bara ... ég held líka bara upp á þroska barnsins að gera að fá að kynnast báðum kynjum því eins og ég sagði þá kunna þau ekki sömu hlutina, þau leggja áherslu á aðra hluti. Þannig að það er bara sama hlutverk en einhvern veginn sama hlutverk sem skiptist í tvö hlutverk, þú veist náttúrulega ... þú myndir ekki leika Pétur Pan eins og ég myndi leika Pétur Pan eða þú veist ... það er einhvern veginn ... það er eitthvað öðruvísi sem barnið gæti lært af hvoru kyninu þannig að.

Viðmælendur voru mjög samdóma um það að hlutverk foreldranna væru um flest sambærileg, nokkrir nefndu þó brjóstagiðfina sem ákveðna hindrun og tveir viðmælendur töldu það væri mikilvægt fyrir börn að kynnast bæði mæðrum og feðrum af því að þau væru ólík.

Áhrif fæðingarorlofs á tekjur

Í megindegri rannsókn Bryndísar Jónsdóttur (2007) kom fram að ein meginástæðan fyrir því að foreldrar tóku ekki fæðingarorlof var tekjuskerðing, því var spurt sérstaklega um þetta atriði í viðtölunum.

Fimm af þeim viðmælendum sem tóku fæðingarorlof fundu ekki fyrir tekjuskerðingu, þar sem þeir höfðu meira á milli handanna en þeir höfðu áður en orlofið hófst. Þrír viðmælendur upplifðu aftur á móti tekjuskerðingu, en létu það ekki á sig fá varðandi ákvörðun um orlofstökuna.

Anna fann ekki fyrir tekjuskerðingu á meðan orlofinu stóð, enda hafði hún verið atvinnulaus megnið af meðgöngunni. Hún bjó fyrstu níu mánuðina eftir að sonur hennar fæddist heima hjá móður sinni og þurfti ekkert að borga heim. Hún flutti út frá móður

sinni þegar sonur hennar var níu mánaða. Bylgja telur einnig að hún hafi haft meiri pening á milli handanna í fæðingarorlofinu heldur en áður þar sem hún hafi verið í lítilli vinnu. Því hafi hún ekki fundið fyrir neinni tekjuskerðingu. Hún telur sig ekki hafa getað dreift fæðingarorlofinu þar sem hún var ekki í námi á meðan fæðingarorlofinu stóð og átti því ekki rétt á námslánum. Þess vegna tók hún sex mánuði samfleytt til að geta framfleytt þeim. Hún hafði aldrei velt því fyrir sér að vinna á móti fæðingarorlofinu heldur vildi hún einbeita sér að dóttur sinni, en hún hefði viljað getað verið lengur í fæðingarorlofi. Henni fannst samt mjög erfitt að lifa á fæðingarorlofinu og hefði viljað sjá það hærra, þar sem hún hafði engin tók á að auka tekjur sínar á meðan á orlofinu stóð. Hún segist hafa þurft að lifa mjög sparlega, þar sem það kosti að eiga lítið barn.

Dagný upplifði einnig betri fjárhagslega stöðu þegar hún fór í fæðingarorlof, þar sem hún hafði haft lítil laun á meðgöngunni. Þar sem hún var í fullu námi fékk hún fullan fæðingarstyrk. Dagný bjó heima hjá móður sinni og eiginmanni hennar í fæðingarorlofinu. Fjóla hafði stóran hluta meðgöngunnar verið svo til tekjulaus eða á atvinnuleysisbótum og þar á undan verið með mjög lág laun. Hún flutti heim til foreldra sinna þar sem hún taldi það ekki ganga upp að vera að leigja og kaupa það sem til þyrfti. Hún bjó hjá foreldrum sínum þar til sonur hennar hafði náð fjögurra til fimm mánaða aldri og fór þá að leigja.

Það voru einnig dæmi um hið gagnstæða, þar sem foreldrar upplifðu tekjuskerðingu. Tekjulega séð kom fæðingarorlofið sér illa fyrir hjá Elísu. Hún fann fyrir mikilli tekjuskerðingu í fæðingarorlofinu þar sem hún hafði verið í illa launaðri vinnu og í námi fyrir meðgönguna og fékk ekki nema rúmlega áttatíu þúsund krónur á mánuði. Hún hafði ekki gert sér miklar vonir um upphæð orlofsins eins og segir:

Ég sem sagt ... ég var búin að búast við rosalega litlu vegna þess að ég vissi náttúrulega að það væri reiknað tvö ár aftur í tímann, þannig að ég bjó heima hjá mömmu minni í fæðingarorlofinu, síðan eftir að fæðingarorlofið var búið fór ég ... fluttum við út og það gekk alveg upp.

Guðrún vildi að hún hefði getað verið miklu lengur í fæðingarorlofinu, en segist hafa verið eins lengi og hún mögulega gat verið fjárhagslega. Upphaflega hafði hún velt

Því fyrir sér að vera í níu mánuði en það hafi ekki gengið upp fjárhagslega. Hún tók lán til að dekkja upp á það sem vantaði til að geta verið heima með dóttur sinni í átta mánuði. Ingi lýsir einnig tekjuskerðingu þar sem eftir tekjuárið 2005 hafi hann verið að fá miklar launahækkningar heldur en þegar hann sótti um fæðingarorlofið. Fæðingarorlofið hafi því verið 80% af gömlu laununum, en fyrir utan þetta hafi bæst við leigukostnaður fyrir tvo mánuði sem hann þurfti að vera úti á landi til að geta tekið fæðingarorlofið.

Jóhann fór einungis fram á einn mánuð í fæðingarorlof, þar sem hann hafði ekki efni á að taka fleiri mánuði á þessum tíma og hafði tekjuskerðingin sín áhrif. Ýmislegt var búið að ganga á hjá honum, kominn í nýja vinnu, búinn að standa í flutningum og fleira, þannig að fjárhagslega séð var einn mánuður finnst tími. Þar sem Karl skipti upp orlofinu sínu, var mismunandi hvernig fæðingarorlofsgreiðslurnar snertu hann. Til að byrja með var hann með meiri tekjur við það að vera í fæðingarorlofi heldur en hann hafði í vinnunni, en svo skipti hann um vinnu og fór á sjóinn. Hann sagðist hafa stór tapað á fæðingarorlofinu þá mánuði sem hann tók seinna tímabilið þar sem það hafi munað hundruð þúsunda á greiðslu fæðingarorlofs og launa.

Ofangreind dæmi sýna að foreldrar upplifðu misjöfn áhrif fæðingarorlofstöku á fjárhag, allt frá því að greiðslur hefðu aukið tekjur til þess að tekjuskerðingin takmarkaði möguleika foreldra á að taka eins langt orlof og þeir hefðu kosið. Fjórir viðmælendur bjuggu í foreldrahúsum á meðan orlofinu stóð, þar sem þær treystu sér ekki fjárhagslega að standa á eigin fótum, hræddar um að orlofið mundi ekki duga til að borga það sem borga þyrfti. Það vekur upp spurningar um hvort fæðingarstyrkjum sé ætlað að duga til framfærslu foreldris og barns.

Brjóstagjöf

Spurt var um brjóstagjöfina og hversu lengi barnið var á brjósti. Einnig var spurt hvort tímalengd fæðingarorlofsins hafi að einhverju leyti ráðið tímalengd brjóstagjafar. Allar mæðurnar sem rætt var við voru með börn sín á brjósti og var sú tímalengd frá þremur mánuðum og upp í ár. Í einu tilfelli hafði tímalengd fæðingarorlofs með brjóstagjöf að gera, þar sem erfiðleikar höfðu komið upp og viðmælandi því ákveðið að hætta með

barnið á brjósti þar sem hún þurfti fljótlega að fara út á vinnumarkaðinn. Einn viðmælandi, faðir tjáði sig um brjóstagjöf barnsmóðir sinnar og taldi móðurina hafa verið með barn þeirra of stutt á brjósti þar sem rannsóknir væru búnar að sýna fram á ágæti hennar. Hann telur að barn sitt veikist meira en önnur börn af þeim sökum.

Anna hætti með son sinn á brjósti þegar hann var eins árs. Henni fannst brjóstagjöfin vera leiðinleg en hún hélt brjóstagjöfinni áfram: „[...]ég gaf honum *eiginlega brjóst til að gefa honum brjóst því það er nefnilega rosalega hollt fyrir þau og svo bara þú veist þetta myndar náinn tengsl milli móður og barns en þú veist.*“

Hún hætti með drenginn á brjósti þegar hann fór til dagmömmunnar, þar sem hún vildi ekki að hann yrði pirraður hjá dagmömmunni út af brjóstinu. Hún segir það jafnframt hafa verið löngu tímabært að hætta með hann á brjósti.

Bylgja hafði dóttur sína á brjósti til ellefu mánaða. Fæðingarorlofið hafði engin áhrif á tímalengd brjóstagjafar þar sem dóttir hennar var svo stutt í leikskólanum þannig að það var auðvelt að samræma brjóstagjöfina við leikskólann. Dóttir Guðrúnar var á brjósti til níu mánaða. Guðrún segir að síðustu þrjú mánuðirnir hafi verið meira fyrir sig en hana, þar sem þetta hafi ekki verið að gera sig lengur.

Ástæður mæðra fyrir að takmarka brjóstagjöf við fáa mánuði voru misjafnar. Dagný var með dóttur sína á brjósti í þrjá mánuði þar sem brjóstagjöfin gekk illa. Ástæðuna fyrir því segir hún:

[...]Við vorum svo óþolinmóðar og hún tók aldrei brjóstið rétt og það var ógeðslega vont og hún var orðin alveg brjáluð því hún vildi fá mat strax þannig að við bara gáfumst upp (hlátur) fengum grænt ljós frá ljósmóðurinni og það var algjör lúxus að hætta með hana á brjósti (hlátur) þá fyrst var þetta þægilegt (hlátur) þetta var þægilegt.

Dagný segist hafa verið kvíðin fyrir að setja dóttur sína á brjóst, þar sem þetta hafi verið vont. Hún segir pelann hafa verið miklu þægilegri, því þá hafi hún ekki þurft að gráta á mat. Henni fannst líka auðveldari að fara frá ef hún þurfti að gera eitthvað.

Dóttir Elísu var á brjósti til fjöggra og hálfmánaða. Þegar hún var um fjöggra mánaða komu upp erfiðleikar með brjóstgjöfina og þar af leiðandi ákvað Elísa að hætta og segir:

[...]Jog ég ákvað að hætta með hana á brjósti því það var svo stutt þangað til ég átti að byrja að vinna og mér fannst ekki taka því að rembast við að láta þetta ganga og svo þegar það myndi ganga þá væri ég að fara út að vinna ... en ... ef ég hefði getað verið lengur heima hefði ég haft hana lengur á brjósti ... Brjóstamjólkin er svo mikilvæg og sérstaklega svona til að koma í veg fyrir þú veist ofnæmi, astma og svoleiðis og ég vildi ekki að hún fengi þetta því ég er svona með ofnæmi, astma og svoleiðis ... en svo fékk hún þetta allt ... Þannig að það er spurning hvort það hafi verið út af brjóstamjólkinni eða einhverju sem hún hefur fengið frá mér.

Í Elísu tilfelli hafði fæðingarorlofstíminn óbein áhrif á tímalengd brjóstgjafarinnar. Henni fannst ekki taka því að komast yfir erfiðleikana sem tengdust brjóstgjöfinni þar sem dóttir hennar var á leið til dagmömmu. Fjólu minnir að hún hafi verið með son sinn í fimm mánuði á brjósti, en hún lenti í erfiðleikum með brjóstgjöfina. Hún taldi þennan tíma góðan, þar sem hún var að fá sýkingar og fleira. Fæðingarorlofstíminn hafði engin áhrif á tímalengd brjóstgjafar. Barnsmóðir hans Hauks hætti með son þeirra á brjósti þegar hann var sex mánaða. Haukur vill meina að sonur sinn sé of mikið veikur sökum þess að hún hafi hætt með hann snemma á brjósti, þar sem rannsóknir hafi sýnt að ofnæmiskerfið styrkist eftir því sem börn eru lengur á brjósti.

Rannsaka þyrfti nánar hvernig foreldrar sem ekki búa saman og deila fæðingarorlofi sín á milli haga málum varðandi brjóstgjöf. Ekki kom fram í viðtölunum að fæðingarorlofstaka feðra hafi takmarkað möguleika mæðra til að halda áfram brjóstgjöf en margvíslegir erfiðleika komu upp hjá viðmælendum varðandi hana.

Umönnun barns eftir fæðingarorlof

Viðmælendur voru spurðir hvernig umönnun barnsins hafði verið hagað eftir að fæðingarorlofi lauk og hverjir gættu barnsins. Flest börn viðmælendanna fóru til dagmömmu eða leikskóla eftir að fæðingarorlofi lauk. Misjafnt var hversu gömul þau

voru þegar þau fóru í dagvistunina, en þau voru frá sex mánaða aldri til rúmlega eins árs. Sumir viðmælendur lýsa því hversu erfitt þeim þótti að setja barnið frá sér í dagvistun til þess að fara aftur út að vinna eða í nám.

Sonur hennar Önnu fór til dagmömmu eins árs, þar sem hún gat verið heima með hann í ár. Anna er á þeirri skoðun að börn sem eru sex mánaða gömul séu of ung til að fara til dagmömmu og vill hún að börnin eigi að eiga þess kost að vera lengur hjá foreldrum sínum. Hún fékk tíma hjá dagmömmunni til hálf þrjú og þurfti því að taka hluta námsins í fjarnámi og hluta í dagskóla. Hún segir það hafa gengið erfiðlega fyrst að samræma námið eins og hún segir:

Það gekk ógeðslega erfitt fyrst, en svo var þetta bara orðinn partur af rútínunni ... þú veist ég var byrjuð að geta troðið ræktinni inn á milli ... þú veist flýta sér úr skólanum, fara upp á bókasafn og læra fyrir heimavinnuna, flýta sér í ræktina, flýta sér úr ræktinni til að ná í hann og síðan fer hann bara með mér í búðina og ... þú veist ... ég tek bara til þegar hann er hérna heima og ... svona þannig ... Ég þarf bara að vera búin að gera allt fyrir hálf þrjú ef ég ætla að eiga eitthvað líf (hlátur).

Dóttir hennar Bylgju fór sex mánaða á einkarekinn leikskóla fyrir börn á aldrinum sex mánaða til tveggja ára. Hún reyndi ávallt að sækja hana um leið og hún var búin í skólanum. Henni fannst það mjög erfitt að senda hana svona snemma frá sér, þar sem hún var varla farin að sitja og lýsir hún tilfinningu sinni þannig:

Mér leið alveg ömurlega sérstaklega fyrst og mér var alveg búin að kvíða fyrir því þú veist í alveg tvo mánuði að fara að fara að setja hana frá mér; þú veist hún var náttúrulega bara ennþá ... var ekki nema sex mánaða þegar hún fór að borða, hún var bara alveg á brjósti liggur við þegar ég setti hana frá mér ... hún var það tengd mér [...]

Í dag reynist þetta ekkert mál. Bylgja vildi alls ekki fara með dóttur sína til dagmömmu, þar sem hún taldi það öruggara að setja hana á leikskóla með fullt af starfsmönnum. Hún sá líka fyrir sér að unnið væri meira með börnin á leikskólanum þar sem viss stefna væri og ýmisleg örvun í gangi til dæmis söngur, föndur og fleira. Barnsfaðir hennar hefur

ekkert komið að umönnun dóttur þeirra, en hún hefur fengið góða aðstoð frá föður sínum þegar stúlkan var mikið veik til að byrja með, og hún þurft að fara í skólann.

Dagný var á sömu skoðun og Bylgja og fannst dóttir sín vera allt of ung til að fara til dagmömmu sex mánaða, eins og hún segir: „*Mér fannst það hrikalegt, mér fannst það alveg agalegt, hún var svo lítil og bara rétt farin að sitja og ... hún var algjört baby já og mér fannst það agalegt. Ég hefði viljað vera lengur heima með hana.*“ Þótt Dagný hafi þótt það slæmt að þurfa að setja dóttur sína í dagvistun sex mánaða, segir hún að þetta hafi bara verið það eina í stöðunni og hafi því þurft að sætta sig við þetta. Dagný fékk jafnframt góða aðstoð frá móður sinni og manni hennar þegar hún var að vinna á nóttinni og þá hafi dóttir hennar verið hjá þeim.

Eftir að fæðingarorlofinu lauk hjá Elísu hjálpaði systir hennar henni með dóttur hennar og passaði fyrir hana í um það bil mánuð. Eftir það tók hún mánuð í sumarfrí, þannig að dóttir hennar fór til dagmömmu 8 mánaða. Elísu gekk vel að samhæfa vinnuna og umönnina eftir að hún lét færa sig á aðra vinnustöð í fyrirtækinu, þar sem meira tillit var tekið til hennar og hún nær dagmömmunni ef eitthvað kæmi upp á. Móðir hennar hefur aðstoðað hana mikið þegar þörf hefur verið á, en barnsfaðir hennar kom ekkert nálægt umönnun fyrsta árið en hefur í dag tekið dóttur sína aðeins til sín.

Fjóla byrjaði að vinna þegar sonur hennar var sjö mánaða og fór hann þá til dagmömmu. Henni fannst ekki auðvelt að setja hann frá sér til dagmömmu, en efast um að það hefði verið eitthvað betra við eins árs aldurinn. Hún segist kvíða fyrir því þegar hann fer á leikskóla, þar sem allt er stórt og finnst henni það hræðileg tilhugsun. Fjólu gekk vel að samhæfa vinnuna og umönnunina, þar sem hún var með dagmömmu allan daginn og var hún sjálf með sveigjanlegan vinnutíma. Barnsfaðir hennar hefur ekkert komið að umönnun drengsins, hvorki eftir að fæðingarorlofinu lauk né síðar.

Dóttir Guðrúnar fór til dagmömmu níu mánaða og Guðrún var sátt við það: „*Mér fannst það bara einhvern veginn allt í lagi ... eitthvað sem er búið að stimpla inni mann að sé bara gert ... og þú veist maður gerði það bara [...]*“ Guðrúnu fannst mjög erfitt að samræma vinnuna og umönnina og settu veikindi dóttur hennar strik í reikninginn og þreyta hennar sjálfrar. Það var mikið að gera í vinnunni hjá henni og þurfti hún oft að taka

vinnuna með sér heim og vinna heima á kvöldin. Hún telur það hafa tekið sig heilt ár að aðlagast þessu og ná góðri líkamlegri heilsu. Guðrún fékk aðstoð frá barnsföður sínum við umönnunina, og einnig frá ömmum stúlkunnar. Guðrún telur sig hafa ágætis net í kringum sig.

Sonur Hauks fór á einkarekinn leikskóla þegar hann var sex mánaða gamall. Hann kom ekkert að umönnun hans eftir að fæðingarorlofi barnsmóðurinnar lauk, en telur að móðir hennar hafi aðstoðað hana með umönnunina.

Dóttir Inga fór á leikskóla þegar hún var rétt rúmlega eins árs, þar sem engin dagamma var til staðar. Hann sá um aðlögun hennar á leikskólann fyrstu vikuna og var sú vika jafnframt síðasta vika hans í fæðingarorlofinu. Þegar upp var staðið fannst honum betra að setja hana á leikskólann en hann hafði haldið í fyrstu, þar sem hún tók leikskólanum vel og sá hann þá enga ástæðu til að gera eitthvað mál úr því. Hann telur að móðuramma hennar hafi aðstoðað barnsmóður sína með umönnunina, þar sem þær búa saman.

Jóhann segir að hann hafi komið að umönnun dóttur sinnar eftir að fæðingarorlofi barnsmóður hans lauk. Jafnframt hafi móðir og systir barnsmóður hans komið að umönnuninni og segir hann hana hafa gott bakland í kringum sig. Hann segir að móðir sín hafi boðist til að gæta dóttur hans, en hún hafi aldrei þegið það og sárnaði honum það. Jóhann sagðist ekki vera viss hvað dóttir hans var nákvæmlega gömul þegar hún fór í dagvistun, en finnst sennilegt að hún hafi verið um eins árs.

Foreldrarir lýsa margir efasemdum um að senda 6 mánaða gömul börn í dagvistun en þegar frá líður eru þeir sáttari við að setja börnin frá sér. Einstæðir foreldrar sem eru einir um umönnun barna sinna, í flestum tilvikum mæður þar sem feður rækja ekki umgengni við börn sín af einhverjum ástæðum, eru augljóslega í erfiðri stöðu hvað varðar samþættingu vinnu og umönnun barns. Margar mæður lýsa stuðningi ættingja og vina og hvernig þær brúa bilin með aðstoð nákominna.

4.3 Viðhorf foreldra til fæðingarorlofs

Í þessum síðasta hluta kaflans er fjallað um viðhorf foreldra til lengdar orlofsins og til þess að mæður hafi úrslitavald hvað varðar fæðingarorlofstöku feðra.

Lengd fæðingarorlofsins

Viðmælendur voru spurðir hver skoðun þeirra væri á núverandi fyrirkomulagi á tímalengd orlofsins og um álit þeirra á að foreldrar ættu sjálfsstæðan rétt til fæðingarorlofs. Skiptar skoðanir voru meðal viðmælenda á tímalengd orlofsins. Margir viðmælendunum töldu að fæðingarorlofið sé of stutt, og margir nefna ár sem ásættanlegan tíma. Þá voru einnig skiptar skoðanir á hvernig væri best að skipta fæðingarorlofinu á milli foreldra.

Nokkrir viðmælendanna eru ánægðir með kerfið eins og það er í meginráttum. Hauki finnst kerfið eins og það er í dag fínt og telur ekki að það þurfi að auka orlofið þar sem konan taki í flestum tilfellum þá þrjá mánuði sem foreldrar eiga sameiginlega. Fjóla er einnig mjög ánægð með að foreldrar geti verið saman í fæðingarorlofi, eða haft möguleika fyrir barnið að vera heima í níu mánuði. Henni finnst gott að foreldrar eigi sinn sjálfstæða rétt og geti skipt þessu ef þarf. Það að geta ákveðið orlofið í sameiningu finnst henni skipta mjög miklu máli. Karl telur einnig jákvætt að báðir foreldrar eigi sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs. Hann telur fæðingarorlofstímann finna hvað sig snertir, en telur að aðstæður hverju sinni ættu að ráða hvort það ætti að vera lengra. Þrír mánuðir er ágætur tími sem foreldrar eiga sjálfstætt og svo geta þeir valið eða hafnað hversu marga mánuði hvort tekur, en hafa sinn rétt. Jóhann hefur ekki beint myndað sér skoðun á sjálfstæðum rétti foreldra til orlofsins, en telur lengdina eins og hún er í dag ágæta, en hana megi líka endurskoða. Hann telur tímann með barninu dýrmætan og mætti ekki stytta, en misjafnt hvernig það myndi henta hverjum og einum að lengja tímann.

Önnu finnst lengd orlofsins of stutt og hefði viljað sjá fæðingarorlof í eitt ár. Foreldrar ættu að geta skipt ári á milli sín, svipað og fyrirkomulagið er í dag, en að tímabilinu yrði skipt upp í þrisvar sinnum fjóra mánuði. Anna telur að foreldrar ættu að sinna börnum sínum meira en leikskólinn sem nú væri eiginlega að ala þau upp.

Bylgja telur að það eigi að vera skylt fyrir móður að taka sex mánuði í fæðingarorlof og nefnir hún brjóstagiðfina í því sambandi. Henni finnst frábært að feður eigi rétt á sjálfstæðum þriggja mánaða rétti, þar sem það auki tengslin á milli föður og barns. Bylgju finnst að það megi breyta fyrirkomulaginu fyrir einstæða foreldra, þannig að mæður gætu nýtt sér rétt feðra í þeim tilfellum þar sem feðurnir ætli sér ekki að taka

orlof og yrði þá níu mánuðir. Hún telur það hafa komið niður á dóttur sinni að fá einungis að vera heima í sex mánuði, þar sem faðir hennar hafi ekki haft áhuga á að taka fæðingarorlofið og lýsir hún gremju sinni þannig:

Þetta er það eina sem situr í mér er að ég hefði viljað hafa rétt á lengri tíma í fullu orlofi, mér finnst þetta alveg ... frekar fúlt. Að ég hefði getað nýtt hans rétt af því að ... foreldrar sem eru í sambúð þeir fá níu mánuði en við fáum bara sex og þó svo að það væri undirskrifað frá pabbanum að vilja veita fæðingarorlofið til móður, fyrir rétt barnsins. Þá væri það alla vega sök bót í máli.

Bylgju finnst tólf mánuðir æskilegur tími í fæðingarorlof, þannig að barnið geti fengið að njóta sín heima fyrsta árið. Hún hefði viljað sjá skiptinguna þannig að móðirin ætti sex mánuði, faðirinn þrjá svo væru þrír mánuðir sem þau gætu skipt á milli sín, þannig að báðir foreldrar gætu tekið sex mánuði ef svo bæri undir. Elísa mælir einnig með árs löngu fæðingarorlofi og finnst að í þeim tilfellum þar sem faðirinn ætli sér ekki að nýta fæðingarorlofið, ættu mæðurnar að geta nýtt sér rétt föðurins til að vera lengur heima með barnið.

Fleiri taka undir hugmyndina um að móðir eigi sex mánuði. Ingi telur að út frá foreldrum séð þurfi ekki að lengja orlofstímann, en spurning út frá barninu séð, þar sem það hlyti að vera betra fyrir barnið að vera í umsjá foreldra sinna til eins árs eða lengur. Hann telur langeðlilegast ef bætt yrði við þremur mánuðum, að móðirin myndi fá fleiri mánuði og segir:

[...] Sex mánuðir eru kannski ekki neitt voðalega mikið fyrir konu sem er búin að fæða sko, ef hún væri með 8 mánuði og svo væru 4 til viðbótar eða eitthvað svoléiðis. En já, ég myndi segja að það væri ekkert af því að lengja fæðingarorlofið.

Leifur tekur einnig undir þá skoðun að mæður ættu að hafa sex mánuði og feður hámark þrjá mánuði og að það ætti ekki að vera neitt val. Hann telur að barn þurfi meira á móður sinni að halda en föður þegar það er lítið og hjálparvana.

Dagný telur að fæðingarorlofið verða að vera lengra en það er í dag. Hún telur sex mánuði vera lítið fyrir börnin þar sem þau væru það lítil og ættu að geta verið hjá foreldrum sínum til eins árs. Hún kys að sjá meira frelsi varðandi það hvernig foreldrar skipta með sér orlofinu, og nefnir sem dæmi ef faðirinn vill vera heima í sjö mánuði og mamma tvo þá ætti það að vera í lagi.

Guðrún telur að fæðingarorlofið sé of stutt. Henni finnst að mæðraorlofið hafi verið skert með tilkomu feðraorlofsins og fer það mjög í taugarnar á henni, þar sem þær hafi haft óskiptan sex mánaða rétt og lýsir þessu á eftirfarandi hátt:

Þannig í rauninni gæti hann tekið 6 og hún þrjá í staðinn fyrir átti hún sex alveg í friði og mér finnst að það ætti að vera níu óskiptur réttur kvenna og karla ætti að vera þrjár alveg lágmark en það væri alltaf viðbót. Það fer mjög í taugarnar á mér að þetta feðraorlof er hampað rosalega sem einhverju æðislegum landvinningi á meðan verið var að skerða fæðingarorlof kvenna. Mér finnst sú umræða aldrei hafa verið ... þú veist ... þannig að ... en ég vill alveg klárlega að þeir hafi sinn rétt og helst lengra en þrjá mánuði. Þannig að það sé bara óskipt.

Með tilliti til ástandsins í dagvistarmálum finnst Guðrúnu það gott fyrir barnið að vera heima til eins og hálf árs að lágmarki. Börnin fari þá beint á leikskóla og byrji á aldrinum eins og hálf til tveggja ára. Henni finnst fáránlegt að setja barn níu mánaða til dagmömmu, meðal annars þar sem það er svo lítið ennþá og kann varla að sitja.

Eftirfarandi tafla sýnir gervinöfn viðmælenda, skoðun þeirra á tímalengd fæðingarorlofsins eins og hún er í dag, hvernig þau myndu vilja sjá tímalengd orlofsins og hvernig þau myndu vilja sjá því skipt upp.

Tafla 12. Gervinöfn, tímalengd orlofsins eins og hún er í dag, tímalengd eins og þau myndu vilja og hvernig orlofið ætti að skiptast upp við þá tímalengd í mánuðum.

Nöfn	Tímalengd orlofsins	Vilja sjá tímalengdina	Skipting orlofsins í mánuðum
Anna	Of stutt	1 ár	Móðir 4, faðir 4. sameiginlegt 4.
Bylgja	Of stutt	1 ár	Móðir 6, faðir 3, sameiginlegt 3.
Dagný	Of stutt	1 ár	Skipt upp að vild
Elísa	Of stutt	1 ár	Ef faðir tekur ekki sitt, þá má móðurinn
Fjóla	Of stutt	k.e.f.*	k.e.f.
Guðrún	Of stutt	1,5 ár	k.e.f.
Haukur	Fín	k.e.f.	k.e.f.
Ingi	Of stutt f. Barnið	1 ár	Móðir 8, faðir 4.
Jóhann	Fín	k.e.f.	k.e.f.
Karl	Fín	k.e.f.	k.e.f.
Leifur	Fín	k.e.f.	Móðir 6, faðir 3.

*k.e.f. kom ekki fram í gögnunum

Athyglisvert er hversu ólík viðhorf foreldranna eru til lengdar orlofs og skiptingar. Allt frá ári þar sem hvort foreldri hefur 4 mánaða sjálfstæðan rétt og 4 mánaða sameiginlegan til þess að halda núverandi 9 mánuðum og tryggja móður 6 mánuði og feðrum 3.

Samþykki móður

Viðmælendur voru spurðir um skoðun sína á því að feður sem ekki fara með forsjá barna sinna gætu einungis tekið fæðingarorlof með samþykki móðurinnar. Viðmælendurnir höfðu ólíkar skoðanir. Feður sem rætt var við fannst samþykki mæðranna ekki nauðsynlega tryggja hagsmuni barns. Einn viðmælandi taldi að ferlið ætti að vera þannig að feður myndu sækja um fæðingarorlofið til sýslumanns eða hjá Tryggingastofnun Ríkisins og við umsóknina færi visst ferli í gang. Í því ferli þyrftu feður að sýna fram á að alvara væri með fyrirhugaðri orlofstöku. Einum viðmælandanum fannst að það ætti að vera sjálfssagður réttur feðra að taka fæðingarorlofið svo framarlega sem þeir væru viðurkenndir sem feður barnanna. Mæðurnar gerðu einnig ákveðna fyrirvara við þetta

fyrirkomulag en töldu þó margar að samþykki mæðra gæti komið í veg fyrir að óverðugir feður, þeir sem ætluðu að misnota orlofið eða gætu ekki tekist á við föðurhlutverkið, fengju orlof. Þær nefndu þó að þetta hefði í för með sér að mæður gætu einnig neitað verðugum feðrum um að fá að taka fæðingarorlof.

Inga finnst það alls ekki rétt að mæðurnar geti ákveðið hvort feðurnir taki fæðingarorlofið. Hann segist vilja sjá þetta þannig að feður myndu sækja um fæðingarorlofið og lýsir því svona:

Ég myndi bara sækja um fæðingarorlofið ... þú veist ég ætti bara rétt á því eins og allir aðrir feður og það yrði að vera einhver ástæða fyrir því að ég tæki það ekki skilurðu, og hérna ... Þetta náttúrulega er flóknara ef menn búa ekki saman en ... þar gæti komið, sálfræðingur, sýslumaður eða einhver sem ákveddi hvernig þetta væri best .

Ingi segir það þekkjast að forsjarlausir menn sem eignast hafa barn, væru að neyða mæðurnar til að skrifa undir samþykkið og nota svo orlofið í frí. Honum finnst að í slíkum tilfellum ætti að láta mennina endurgreiða fæðingarorlofið. Ferlið ætti að vera þannig að feður myndu sækja um fæðingarorlofið til sýslumanns eða hjá Tryggingastofnun Ríkisins og þar færi ákveðið ferli í gang, þar sem feðurnir þyrftu að sýna fram á að alvara væri með fyrirhugaðri fæðingarorlofstöku. Með þessu fyrirkomulagi væri hlutunum betur borgið:

*[...] Þá ertu náttúrulega að taka þetta vopn úr höndunum á mönnunum skilurðu út af því hérna þá geta þeir ekkert verið að þvinga barnsmóður sína að til að skrifa upp á orlofið sem þeir ætla ekki að nota. Það er þá í höndunum á einhverjum öðrum skilurðu að ... að gefa þeim grænt ljós á þetta en ég myndi bara segja að svona væru reglurnar bara, það á bara að vera skilyrtur réttur forsjarlausra foreldra að hérna að taka fæðraorlof
[...]*

Með þessu þyrftu feður ekki að treysta eingöngu á samþykki barnsmóðurinnar. Hann segir það oft vera rætt að börn feðra sem ekki taki fæðingarorlof sé mismunað því þau fái styttra fæðingarorlof með foreldrum sínum en þau börn þar sem báðir foreldrar taki fæðingarorlof. Til að hægt sé að ráða bót á því segir hann:

[...] Og menn sem ekki ætla að taka fæðingarorlof ... þá eiga bara mæðurnar að fá það, þann tíma skilurðu út af því að hérna þá situr barnið við sama borð og önnur börn. En þú getur ekki sett svona reglu ef að hann ætlar ekki að taka feðraorlof þá fær mamman það fyrr en þú ert búin að tryggja það að menn sem vilji taka fæðingarorlof og geti það og hafi burði til þess, geti gert það. Og þegar þú ert búin að tryggja það, þá getur þú farið að tryggja það að ... að hérna að hvaða móðir heldur þú að myndi skrifa undir fæðingarorlofið hjá manningnum sínum eða barnsföður sínum ef hún væri að gefa þrjá mánuði sem hún myndi hafa ... hún þyrfti að vera ansi góð manneskja þú veist til að gera það. Þannig að þetta myndi sko aldrei hvetja til þess að fleiri feður færu í fæðingarorlof fyrr en ... fyrr en sem sagt að það væri búin að tryggja þeim sem vilja gera það og ætla að gera það og eru heilir í því rétt til að gera það og þá getur þú líka jafnframt tryggt öllum börnum 18 mánuði eða 9 mánuði.

Jóhann telur fyrirkomulagið um samþykkið vera úr takt við tímann og segir:

[...] Mér finnst að þetta eigi að vera í lögum og mér finnst fáránlegt að móðurinn eigi að fá aukið vald til þess að ráða því hvort að faðirinn fari í feðraorlof af hverju er móðurinn, af hverju á móðurinn að ráða því.

Jóhann myndi vilja sjá að skýrt væri í lögum að forsjárlausum feðrum væri tryggður sá réttur að þeir hefðu ákveðinn tíma í feðraorlof, þar sem það gæti ekki verið nema gott fyrir barnið. Karl tekur í svipaðan streng, honum finnst fáránlegt að feður þurfi samþykki móðurinnar, þar sem þeir væru skyldugir að borga með börnunum. Hann skilur ekki hvers vegna þeir ættu þá ekki rétt að taka fæðingarorlofið og þeir séu ekki ókunnugir menn heldur feður barnanna. Karl telur að þetta eiga að vera sjálfssagður réttur feðra svo framarlega sem þeir væru viðurkenndir sem feður barnsins. Hann vill sjá jafnan rétt beggja foreldra og þar sem búin væri að skylda mæður til að feðra börnin þá ætti ekki lengur að þurfa samþykki þeirra fyrir orlofinu.

Leifi fannst að feður ættu að eiga sinn rétt í flestum tilvikum, en þar sem vesen væri á sambandi móður og föður þyrfti að dæma um orlofið. Í þeim tilfellum þar sem sambandið væri stirt á milli þeirra, en barnið myndi vilja fá föður sinn, finnst honum að móðurinn ætti ekki að geta stjórnað því. Með því finnst honum sem móðirin væri með of mikil völd og ekkert jafnrétti í því, eins og hann segir:

Já sko bara ... punkturinn er þessi að ef faðirinn vill eyða tíma með barninu sínu fyrstu mánuði ævi þess og foreldrarnir eru ekki saman þá finnst mér að góður faðir eigi rétt á að taka sér fri og vera með barninu sínu og fá að kynnast því alveg eins og móðurinn á þennan rétt, eða mér finnst það.

Haukur telur sitt tilfelli hafa verið sérstakt, en í hans tilviki gat hann ekki fengið fæðingarstyrk nema að vera með sameiginlegt forræði (sem nú hefur verið breytt), en móðirin tók það ekki í mál. Hauki finnst alls ekki sanngjarnt að hún gæti ráðið því hvort hann fengi fæðingarorlof eða ekki. Honum finnst fátíðlegt að hafa ekki getað fengið fæðingarstyrkinn án þess að vera með sameiginlegt forræði, þar sem sannað væri að hann væri faðir barnsins.

Mæðurnar sem áttu börn með feðrum sem höfðu ekki haft samskipti við börnin töldu allar að fæðingarorlofstaka þyrfti að vera háð samþykki móður. Ástæðan var þó ekki sú að nauðsynlegt væri að foreldrar samþættu orlofstöku sína heldur að mæðurnar gætu þá stoppað þá feður sem ekki væru verðugir í því að taka orlof. Því fannst þeim leitt að góðir feður þyrftu líka að fá samþykki mæðra sem hugsanlega gætu misbeitt valdi sínu í þessum efnum.

Anna telur vera skiptar skoðanir á samþykki móðurinnar og tekur hún dæmi frá hennar tilfelli:

[...] ef þú átt barnsföður eins og minn þá finnst mér að móðurinn eigi að ráða því, en náttúrulega ef móðurinn er algjör, afsakaðu orðbragðið mitt tík, þá náttúrulega er það rosa leiðinlegt af henni að leyfa pabbanum ekki að taka það ef hann er þú veist í góðu lagi og náttúrulega ef pabbinn vill það sárlega og hún bara nei þá .

Anna telur að með fyrirkomulagi samþykkisins sé ríkið að vernda börnin frá því að menn sem eru í rugli, geti tekið fæðingarorlof einungis vegna peningana eða frísins. Bylgja horfir á samþykkið út frá sinni eigin reynslu. Þar hefði hún viljað getað ráðið því hvort barnsfaðir hennar færi í fæðingarorlof eða ekki. En hún bendir einnig á að annað geti átt við um feður sem hafa áhuga á börnum sínum og segir:

[...] en þetta er náttúrulega allt öðruvísi sko ef þeir hegðuðu sér öðruvísi ... þeir náttúrulega ... ef þeir þú veist ef þeir hafa alveg svakalega áhuga á barninu og vilja kynnast því og eru svona með frá fyrsta degi þá væri það náttúrulega svolítið glatað ef mamman getur bara sagt nei ... en það eru alveg þannig tilfelli líka þannig að ... mér finnst þetta soldið svona ... það verður að horfa svolítið á aðstæður.

Dagný tekur í svipaðan streng og fannst það vera fint að feður þurfi samþykki hjá móðurinni til að taka fæðingarorlof. Hins vegar telur hún ekki alla feður slæma og í tilfellum þar sem mæðurnar eru ósanngjarnar finnst henni það ekki við hæfi. Hún vill trúna því að mæður séu skynsamur og leyfi feðrum að taka fæðingarorlofið í þeim tilgangi að kynnast barninu, sinna því og bera ábyrgð á því. Ef feður ætli ekki að nota fæðingarorlofið fyrir barnið, heldur einungis í þeim tilgangi að skemmta sér, geta þeir haldið áfram að vinna og skemmt sér um helgar eins og hún segir.

Fjóla er gagnrýnni á þetta fyrirkomulag, hún skilur þetta upp að vissu marki að mæður þurfi að samþykkja, en finnst hálf skrýtið að móðirin hafi það í höndum sér að ákveða hvort barnsfaðir hennar fái orlof eða ekki, eins og hún segir:

[...] Að kona geti bara ákveðið það að nei mér list ekki nógu vel á það hvernig hann er að gera þetta og hitt og þá ætlar hún ekkert að skrifa undir skilurðu maður veit ekkert hvað er í gangi í hausnum á henni. Þannig að mér finnst þetta ekkert alveg rétt sko ... svona miðað við hvernig sumt fólk er.

Guðrúnu fannst erfitt að svara hvað henni fyndist um samþykki móðurinnar en telur það ekki vera bara já eða nei svar. Hún segir þetta flókið mál þar sem feðurnir geta verið mjög ólíkir og aðstæðurnar mismunandi. Í grunnin telur hún rétt móðurinnar mikinn og tekur sem dæmi:

En ... að ákveða það ... þetta er náttúrulega ... þú ert að láta frá þér þínu lítið barn í hendurnar á einhverjum öðrum manni og hann á þá ... á þeim tíma að hafa fullt yfirráð yfir þeim manni nei yfir barninu sem er bara eitthvað þínulítið og ... maður teystir ekkert hverjum sem er í það og ef að foreldarnir eru ekki saman þú veist það er einhver ástæða fyrir því [...]

Hún telur að þetta þurfi að skoða betur.

Viðhorf viðmælanda til samþykkis móður eru mismunandi eftir því hvort um feður eða mæður er að ræða en hjá öllum má greina ákveðna gagnrýni á núverandi fyrirkomulag. Hugmyndir foreldranna um breytt fyrirkomulag eru um margt athyglisverðar.

Niðurstöður og umræða

Tilgangur þessarar rannsóknar var að öðlast þekkingu og skilning á viðhorfi foreldra sem ekki fara sameiginlega með forsjá til fæðingarorlofstöku. Á tímabilinu 2001-2005 fæddust 15.5% allra barna utan hjónabands og sambúðar. Árið 2005 fæddust 631 barn af 4280 utan hjónabands og sambúðar. Í nær öllum tilvikum fara mæður þessara barna einar með forsjá. Samkvæmt lögum um fæðingarorlof þarf forsjárlaust foreldri samþykki þess foreldris sem fer með forsjá barns til að geta nýtt sér fæðingarorlof.

Mjög fáar erlendar rannsóknir hafa beinst sérstaklega að því hvernig foreldrar sem ekki búa saman haga fæðingarorlofi en niðurstaða meginlegrar rannsóknar, meðal foreldra sem áttu sín fyrstu börn árið 2003, sýndi að marktækur munur var á þátttöku feðra í fæðingarorlofi eftir fjölskyldustöðu. Í tilfellum þar sem móðir bjó ein með barni sínu höfðu 59.6% feðranna tekið orlof borið saman við 81.9% fjölskyldna þar sem tveir foreldrar bjuggu á heimilinu. Nokkuð algengara var að feður tækju orlof þegar foreldrar fóru sameiginlega með forsjá en örlítið vantar á að munurinn sé marktækur, en 72% (n=50) feðra sem fara sameiginlega með forsjá með móður taka orlof borið saman við 53.2% (n=47) þegar móðir fer ein með forsjá. Sem sagt, rétt rúmlega helmingur feðra þeirra barna sem ekki fóru með forsjá tóku fæðingarorlof.

Til þess að afla nánari upplýsinga um aðstæður og viðhorf einstæðra foreldra var framkvæmd eigindleg viðtalsrannsókn. Niðurstöður hennar endurspeglar þær margbreytilegu aðstæður sem barnafjölskyldur búa við. Í ljós kom að samband foreldra fyrir fæðingu var mjög mismunandi, í sumum tilvikum höfðu foreldrar verið í

parsamböndum sem slitnaði upp úr en í öðrum tilvikum höfðu þeir ekki verið í sambandi. Sumir slitu parsambandi í góðu en í öðrum tilvikum höfðu komið upp leiðindi og deilur. Þá höfðu foreldrarnir þekkt í mjög mislangan tíma, sumir höfðu verið vinir um árabíl, en aðrir þekktust nær ekkert. Hinir verðandi foreldrar höfðu einnig mismikið samband á meðgöngu. Einstaka foreldrar lýstu mjög markvissri vinnu í þessa veru, t.d. í tilfelli Elísu og barnsföður hennar sem gistu saman öðru hverju eftir að þau enduðu parsambandið til að faðirinn fengi að kynnast “bumbunni”. Í þessu tilviki lögðu foreldrar vinnu í að efla samband þeirra beggja við barnið á meðgöngu til að styrkja tengsl beggja við barnið eftir fæðingu. En dæmin um foreldra sem ekki náðu að vinna sjálfir í þessum anda vekur upp spurningar um þörf fyrir ráðgjöf á meðgöngu. Við að lesa lýsingar foreldranna á sambandi við hitt foreldrið og hversu vandasamt það reynist í flestum tilvikum að þróa foreldrasamband við oft erfiðar aðstæður staðfesti að okkar mati þörfina fyrir foreldra- og fjölskylduráðgjöf fyrir verðandi foreldra á meðan á meðgöngu stendur. Það t.d. að ljúka erfiðu parsambandi sem hefur einkennst af deilum og ósamkomulagi og ætla um leið að byggja upp samband sem foreldrar sem ætla að ná saman um umönnun og uppeldi barns er ekki einfalt verk. Það að hlúa að góðum tengslum milli foreldra á meðgöngunni til að leggja grunn að því sameiginlega verkefni sem þeir eiga fyrir höndum og í flestum tilvikum varir út lífið, er dýrmætt og gæti komið í veg fyrir erfiðleika og deilur síðar. Af lýsingum foreldranna má ráða að markviss fjölskylduráðgjöf gæti nýst foreldrum í þessari stöðu vel, bæði til að vinna með parsambandið, og ef þörf krefur lok þess, og einnig til að leggja grunn að foreldrahlutverkinu.

Í ljósi þess að ákvörðun um barneign er bæði stór og afdrifarík er eðlilegt að foreldrar bregðist misjafnlega við fréttum um þungun, sérstaklega ef hún hefur ekki verið á dagskrá og er óvænt. Mæðurnar lýstu í viðtölunum meiri sátt og gleði en feðurnir gerðu. Viðbrögð feðranna virðast neikvæðari en mæðranna, en neikvæð afstaða feðranna breytist oftast þegar leið á meðgöngu en þó ekki í öllum tilvikum. Líðan feðra á meðgöngu hefur hlotið takmarkaða athygli en þessar niðurstöður benda til að þörf sé á meiri stuðningi við feður á þessu tímabili. Það gæti að sjálfsögðu einnig átt við feður í sambúð. Mæður fá stuðning í heilsugæslu í sambandi við mæðravernd en lítið skipulagt starf hefur verið með

feðrum á meðgöngu. Þá eru heilsugæslustöðvar misjafnlega í stakk búnar til að veita félagsráðgjöf og sálfræðipjónustu. Það virðist einnig vera þörf á að veita grundvallarfræðslu um hvað foreldrahlutverk felur í sér og hvaða skyldur foreldri hefur, burt séð frá fyrirkomulagi forsjár. Lýsingar mæðranna á feðrum sem létu sig hverfa benda til að mikið starf sé óunnið í því sambandi.

Mjög mismunandi var hversu mikinn þátt feðurnir höfðu tekið í meðgönguferlinu. Af frásögnum viðmælanda má glögglega sjá að ýmsir þættir, svo sem samband foreldranna á meðgöngu, aðstæður beggja foreldra og áhugi feðranna hafa áhrif á þátttöku feðra í meðgönguferlinu. Einnig mátti greina ákveðna óvissu um hvert hlutverk feðra í þessum aðstæðum gæti verið. Það eru ákveðnar væntingar gerðar til feðra sem eru í sambandi við barnsmæður en væntingar til hlutverks feðra sem ekki búa með barnsmæðrum á meðgöngu eru óljósari. Mögulega gætu bæklingar eða stutt myndbönd með dæmisögum um foreldra sem tekist hafa á við að undirbúa sig undir að verða foreldrar án þess að vera í parsambandi verið leiðbeinandi fyrir foreldra í þessum aðstæðum.

Viðmælendur voru spurðir hvort þeir hefðu þekkt rétt sinn til fæðingarorlofs, og hvaðan þeir hefðu fengið upplýsingar. Í ljós kom að viðmælendur höfðu ekki kynnt sér rétt sinn fyrir þungunina og tókust á við það verkefni á meðgöngu, flestir með því að afla upplýsinga af heimasíðu Tryggingastofnunar Ríkisins. Aðeins einn viðmælandi naut þjónustu félagsráðgjafa. Einn viðmælandi lýsti óvissu sinni varðandi það að afla sér sjálfur upplýsinga með þessum hætti, því erfitt væri að vita hvenær viðkomandi hefði skilið hlutina til hlítar. Í viðtölunum kom einnig á daginn að í nokkrum tilvikum höfðu foreldrarnir ekki gert sér grein fyrir möguleika á sveigjanleika varðandi töku orlofsins.

Viðmælendurnir voru spurðir að því hvort þeir hefðu fengið einhverja ráðgjöf, eða hefðu viljað fá ráðgjöf um það hvernig þau ætluðu að haga fæðingarorlofinu. Jafnframt voru þeir spurðir að því hvernig ráðgjöf þeir hefðu viljað sjá og hvern þeir sæju fyrir sér veita slíka ráðgjöf. Ráðgjöf varðandi tilhögun fæðingarorlofs er eitthvað sem fáir viðmælendur höfðu hugleitt eða staðið til boða á meðgöngunni en flestir töldu að persónuleg ráðgjöf hefði verið gagnleg. Margir nefndu að ráðgjöf innan heilsugæslunnar

hjá félagsráðgjafa eða ljósmóður myndi nýtast vel. Hér er mikilvægt að hafa í huga að tilhögun fæðingarorlofs er fyrsta sameiginlega verkefni foreldra og því mikilvægt að foreldrar fái eins góða faglega aðstoð og mögulegt er til að tryggja hagsmuni barns eins og best verður á kosið.

Eins og áður sagði var samband viðmælanda, við barnsmæður/feður, misjafnt á meðgöngu og það átti einnig við eftir fæðingu barns. Hjá nokkrum mæðrum var lítið samband við föður fyrir fæðingu barns og það breyttist ekki eftir fæðingu. Þessir feður eiga það sameiginlegt að hafa ekki tekið virkan þátt í meðgönguferlinu, né verið viðstaddir fæðinguna eða tekið fæðingarorlof. Í öðrum tilvikum voru feður í góðu sambandi við börn sín og ræktu umgengni við þau. Athygli vekur að tveir viðmælendur telja að sambandið hafi versnað eftir fæðingu barnsins og nefnir annar að ástæðan fyrir því megi aðallega rekja til mismunandi skoðana foreldranna á föðurhlutverkinu. Í tveimur tilfellum telja viðmælendur að samband þeirra og barnsmóður/föður hafi styrkst eftir fæðingu barnsins. Allir kvenkyns viðmælendurnir eiga það sameiginlegt að fara einir með forsjá barnanna og einungis einn karlkyns viðmælandi fer með sameiginlegt forræði með barnsmóður sinni. Feðurnir sem rætt var við eru í virkri umgengi við barn sitt.

Lýsingar foreldranna á samskiptum og sambandi eftir fæðingu sýnir glöggst hversu vandasamt verkefni það er að viðhalda góðum tengslum milli foreldra sem ekki búa saman. Einungis í tveimur tilvikum hefur foreldrum tekist að vera í góðum samskiptum bæði fyrir og eftir fæðingu. Mikilvægi þess að foreldrar séu í góðum tengslum er augljóst þegar horft er til hagsmuna barnsins. Samskipti foreldra geta haft bein eða óbein áhrif á barnið, þar sem börn greina oft ósætti foreldra. Feður lýsa líka erfiðleikum sem hafa komið upp varðandi umgengni við börn sín, einn viðmælandinn þurfti að sækja umgengisrétt til sýslumanns, sem lýsir vel hve erfið samskipti foreldra geta verið. Þá ræddu þrír feðranna um að umgengni frá föstudegi til sunnudags aðra hvora helgi væri ekki langur tími og hefðu viljað sjá þann tíma lengri. Einn þessara feðra flýgur út á land tvisvar í mánuði til að ná í dóttur sína. Ekki leikur vafi á að með markvissri fjölskyldu- og félagsráðgjöf væri hægt að styðja foreldra í að takast á við mörg þau úrlausnarefni sem þeir þurfa að fást við á fyrstu ævimánuðum barns.

Foreldrar höguðu fæðingarorlofi nær allir á þann veg að mæður tóku nær allar 6 mánuði en mjög mismunandi var hversu langt fæðingarorlof feður tóku, allt frá engu upp í 6 mánuði. Enn og aftur verður að nefna hversu flókið verkefni það er fyrir foreldra sem ekki þekkjast vel og bera ekki traust til hvors annars að deila með sér umönnun ungra barna. Í tilvikum þar sem foreldrar voru í góðu sambandi, ríkti gott samkomulag og ræddu þeir sín á milli um hvernig fæðingarorlofinu skyldi hagað með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Allir voru foreldrarnir meðvitaðir um mikilvægi þess að mynda tengsl foreldra og barna á unga aldri og tengslamyndun var foreldrum, sem náðu vel saman um uppeldi og tilhögun fæðingarorlofs, mjög ofarlega í huga.

En þeir foreldrar sem ekki náðu saman um hvernig haga skyldi fæðingarorlofstökunni voru líka meðvitaðir um mikilvægi tengsla foreldra og barns, en náðu þó ekki að vinna með þær hindranir sem komu í veg fyrir að feður tækju fæðingarorlof. Ástæðurnar voru misjafnar, lítil samskipti á milli foreldra á meðgöngu, sambandsslit sem endaðu frekar illa, áhugaleysi föður og í einu tilviki þekkti faðir ekki rétt sinn. Í einu tilviki neitaði móðir að skrifa undir orlofstöku þar sem hún efaðist um að faðirinn myndi nýta tímann til að sjá um barnið. Í einu tilviki átti faðir ekki rétt á fæðingarstyrk nema að hann færi með forsjá barns, en þeirri tilhögun hefur nú verið breytt og forsjárlaust foreldri á rétt til fæðingarstyrks með sömu skilyrðum og til orlofs, þ.e. að forsjáforeldri staðfesti að viðkomandi foreldri fái umgengni við barnið á meðan orlofi stendur. Foreldrarnir upplifðu áhrif fæðingarorlofstöku á fjárhag á mjög mismunandi hátt, allt frá því að greiðslur hefðu aukið tekjur til þess að tekjuskerðingin takmarkaði möguleika foreldra á að taka eins langt orlof og þeir hefðu kosið.

Margir viðmælendur telja að fæðingarorlofstaka ýti undir ábyrgðartilfinningu foreldranna. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sögð sú að eftir því sem foreldrar eru meira með börnin sín og sinni þeim, því ábyrgðarmeiri verða þeir. Einn viðmælandinn talaði um að foreldrar væru með sterka ábyrgðartilfinningu sem myndi styrkjast enn meira við það að taka fæðingarorlof. Viðmælendur voru einnig spurðir um hlutverk foreldra í fæðingarorlofi. Flestir nefndu að hlutverk foreldra væri að kynnast barninu og hugsa um það en jafnframt, eins og að ofan greinir, að mynda tengsl við barnið. Flestir

foreldrar voru á þeirri skoðun að hlutverk föður og móður í fæðingarorlofi væru þau sömu, fyrir utan að móðir getur gefið brjóst en ekki faðirinn. Einn viðmælandi benti reyndar á að þeir gætu samt gefið barninu brjóstamjólk úr pela. Viðmælendur voru mjög samdóma um það að hlutverk foreldranna væru um flest sambærileg. Mæður höguðu brjóstgjöf með ólíkum hætti en einungis í einu tilviki réðst lengd brjóstgjafar tímabils í raun af lengd fæðingarorlofs. Rannsaka þyrfti nánar hvernig foreldrar sem ekki búa saman og deila fæðingarorlofi sín á milli haga málum varðandi brjóstgjöf. Ekki kom fram í viðtölunum að fæðingarorlofstaka fedra hafi takmarkað möguleika mæðra til að halda áfram brjóstgjöf en margvíslegir erfiðleika komu upp hjá viðmælendum varðandi hana.

Viðmælendur voru spurðir hvernig umönnun barnsins hafði verið hagað eftir að fæðingarorlofi lauk og hverjir gættu barnsins. Flest börn viðmælendanna fóru til dagmömmu eða leikskóla eftir að fæðingarorlofi lauk. Misjafnt var hversu gömul þau voru þegar þau fóru í dagvistunina, en þau voru frá sex mánaða aldri til rúmlega eins árs. Sumir viðmælendur lýsa því hversu erfitt þeim þótti að setja barnið frá sér í dagvistun til þess að fara aftur út að vinna eða í nám. Foreldrarnir lýsa margir efasemdum um að senda 6 mánaða gömul börn í dagvistun en þegar frá líður eru þeir sáttari við að setja börnin frá sér. Einstæðir foreldrar sem eru einir um umönnun barna sinna, í flestum tilvikum mæður þar sem fedur rækja ekki umgengni við börn sín af einhverjum ástæðum, eru augljóslega í erfiðri stöðu hvað varðar samþættingu vinnu og umönnun barns. Margar mæður lýsa stuðningi ættingja og vina og hvernig þær brúa bilið með aðstoð nákominna. Þá nefndu mæður í þessum aðstæðum hversu óréttlátt þeim þótti að fedur sem ekki hirtu um að taka fæðingarorlof né hafa samband við börn sín gætu í raun rænt þau þriggja mánaða fæðingarorlofi, ein móðir benti á að missir fedra væri reyndar mestur í því samhengi.

Viðmælendur voru spurðir hver skoðun þeirra væri á núverandi fyrirkomulagi á tímalengd orlofsins og um álit þeirra á að foreldrar ættu sjálfsstæðan rétt til fæðingarorlofs. Skiptar skoðanir voru meðal viðmælenda á tímalengd orlofsins. Margir viðmælendur töldu að fæðingarorlofið sé of stutt, og margir nefna ár sem ásættanlegan tíma. Þá voru einnig skiptar skoðanir á hvernig væri best að skipta fæðingarorlofinu á

milli foreldra. Allt frá ári þar sem hvort foreldri hefur 4 mánaða sjálfstæðan rétt og 4 mánaða sameiginlegan til þess að halda núverandi 9 mánuðum og tryggja móður 6 mánuði og feðrum 3.

Að lokum voru viðmælendur spurðir um skoðun sína á því að feður sem ekki fara með forsjá barna sinna gætu einungis tekið fæðingarorlof með samþykki móðurinnar. Feðurnir töldu samþykki mæðranna ekki nauðsynlega tryggja hagsmuni barns. Einn viðmælandi taldi að ferlið ætti að vera þannig að feður myndu sækja um fæðingarorlofið til sýslumanns eða hjá Tryggingastofnun Ríkisins og við umsóknina færi visst ferli í gang. Í því ferli þyrftu feður að sýna fram á að alvara væri með fyrirhugaðri orlofstöku og feður gætu ekki neytt mæður til að skrifa upp á orlof sem þeir misnotuðu sem frí. Hann benti ennfremur á að ef feður lýstu því yfir í þessu ferli að þeir vildu eða gætu ekki tekið fæðingarorlof þá hefðu skapast forsendur hjá yfirvöldum til að veita mæðrum rétt til að nýta það. Mæðurnar gerðu einnig ákveðna fyrirvara við það að þurfa að samþykkja orlofstöku feðranna en þó nefndu þær að slíkt gæti komið í veg fyrir að óverðugir feður, þeir sem ætluðu að misnota orlofið eða gætu ekki tekist á við föðurhlutverkið, fengju orlof. Þær nefndu þó að þetta hefði í för með sér þá hættu að mæður gætu einnig neitað verðugum og góðum feðrum um að fá að taka fæðingarorlof, og að það væri ósanngjarnt. Það fyrirkomulag að foreldri sem fer eitt með forsjá barns geti í raun neitað forsjárlausu foreldri um fæðingarorlof virðist í raun í nokkurri andstöðu við markmiðsgrein laganna, þar sem segir í 2. gr.: „Markmið laga þessara er að tryggja barni samvistir við báða foreldra. Þá er lögum þessum ætlað að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.“ (Lög um fæðingar- og foreldraorlof). Einn feðranna sem tók þátt í rannsókninni, lagði mikla áherslu á að vera í umgengni við dóttur sína og tók fæðingarorlof í því skyni. Þegar barnsmóðir hans flutti út á land með barnið ákvað faðirinn að fljúga tvisvar í mánuði og ná í það til þess að hann gæti áfram verið í umgengni við barnið. Hann bendir á, í viðtalinu, að þetta hefði ekki verið mögulegt ef hann hefði ekki verið búinn að mynda tengsl við barnið í fæðingarorlofinu. Hans niðurstaða er að fæðingarorlofið sé í raun mikilvægast fyrir feður sem ekki búa með

börnum sínum því feður sem búi á heimili barna sinna fái allt önnur tækifæri til að mynda tengsl við börn sín.

Miðað við þá áherslu sem löggjafinn leggur á að báðir foreldrar hafi skyldur við börn sín, án tillits til þess hvort þeir deila heimili með þeim eða ekki, þá er mikilvægt að styðja foreldra betur á meðgöngu og reyndar eins lengi og þörf krefur, til þess að þeir geti hagað málum eins og best hentar barni þeirra. Hér hefur verið bent á að með öflugri félags- og fjölskylduráðgjöf megi mæta foreldrum t.d. eins og viðmælendur bentu á, í sambandi við aðra þjónustu sem þeir njóta á heilsugæslustöðvum á meðgöngu. Samkvæmt áætlun í jafnréttismálum fyrir tímabilið 2004-2008 á heilbrigðisráðuneytið að vinna að því að koma á sérstakri feðrafræðslu sem hluta af þeim undirbúningi sem verðandi foreldrum er boðið upp á vegna fæðingar. Þá er einnig lögð áhersla á að tryggja að starfsfólk heilbrigðistofnanna sé meðvitað um mikilvægi þess að feður séu virkir þátttakendur við meðgöngu, fæðingu og umönnun barna (Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 2004-2008). Rannsóknir á þörfum foreldra barna fyrir stuðning, félagsráðgjöf og fræðslu á meðgöngu gætu varpað frekara ljósi á hvernig megi sem best tryggja börnum samvistir við báða foreldra, öryggi og umönnun beggja foreldra á fyrstu æviárum, hvort sem foreldrar þeirra búa saman eða ekki.

Guðný Björk Eydal

Rannveig S. Ragnarsdóttir

Heimildir

Alþingistíðindi, 1999-2000. 125. Löggjafarþing. Reykjavík: Alþingi .

Alþingistíðindi, 2007-2008. 135. Löggjafarþing. Reykjavík: Alþingi.

Bryndís Jónsdóttir. (2007). *Upplifun foreldra á fæðingarorlofi*. Óútgefin MA ritgerð: Háskóli Íslands, Viðskipta-og hagfræðideild.

Bygren, M. og Duvander, A. Z. (2006). Parents' Workplace Situation and Fathers' Parental Leave Use. *Journal of Marriage and Family*, 68, 363-372.

- Duvander, A. Z. og Sundström, M. (2000). Family division of childcare and the sharing of parental leave among new parents in Sweden. Í A.Z. Duvander (ritstj.), *Couples in Sweden. Studies on family and work*, (bls. 1-28). Stockholm: Swedish Institute for Social Research.
- Ellingsæter, A. L. og Leira, A. (ritsj.). (2006). *Politicising Parenthood in Scandinavia: Gender Relations in Welfare States*. Bristol: Policy Press.
- Esterberg G. K. (2002). *Qualitative Methods in Social Research*. Boston: Mc Graw Hill
- Eydal, G. B. & Satka, M. (2006). Social work and Nordic welfare policies for children present challenges in the light of the past. *European Journal of Social Work*, 9(3), 305-322.
- Eydal, G.B. (2008/í prentun). Policies promoting care from both parents - the case of Iceland. Í Eydal, G.B. og Gíslason, I.V. (Ristj). *Equal rights to earn and care*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Finch, N. (2006). Childcare and parental leave. In J. Bradshaw & A. Hatland (Eds.), *Social policy, employment and family change in comparative perspective*, pp. 119-142. Cheltenham: Edward Elgar.
- Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum 2004-2008. Sótt 08.09.2008 á http://kosningar.is/media/acrobat-skjol/jafnretti_til_fjogurra_ara.pdf.
- Good Gingrich, L. (2008). Social exclusion and double jeopardy: The management of Lone Mothers in the Market-State Social Field. *Social Policy & Administration*, 42, 379-395.
- Guðný Björk Eydal (2006a). Policies and Caring Fathers in the Nordic Countries. 2nd International Conference of the WELLCHI-Network *Well-being of children and labour markets in Europ Different kind so risks for children resulting from various structures and changes in the labour markets* March 31-April 1 2006 University of Hamburg, Germany. Sótt 8. September 2008 af http://www.cliimu.org/webs/weelchi/conference_2/streamb/bjork.pdf
- Guðný Björk Eydal. (2006b). Þróun og einkenni íslenskrar umönnunarstefnu 1944-2004. *Uppeldi og menntun*, 15(2), 9-29.
- Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson. (2008). Family policy in Iceland. An Overview. Í I. Ostner og C. Schmitt (ritstj.), *Family policies in the context of family change*, (bls. 109-127). Wiesbaden: VS Verlag fur Sozialwissenschaften.
- Haas, L. (1992). *Equal Parenthood and Social Policy*. Albany: State University of New York Press.
- Hagstofa Íslands. (2007). *Landshagir 2007*. Reykjavík: Höfundur.
- Hearn, J. og Pringle, K. (2006). Men, masculinities and children: some European perspectives. *Critical Social Policy*, 26, 365-389.
- Hook, J. L. (2006). Care in context: Men's unpaid work in 20 countries, 1965-2003. *American Sociological Review*, 71(4), 639-660.

- Ingólfur V. Gíslason. (1997). *Karlmenn eru bara karlmenn. Viðhorf og væntingar íslenskra karla*. Reykjavík: Skrifstofa Jafnréttismála.
- Ingólfur V. Gíslason. (2006). *Fostering Caring Masculinities. Icelandic National Report*. Akureyri: Jafnréttisstofa.
- Ingólfur Gíslason. (2007). *Fæðingar- og foreldraorlof á Íslandi- Þróun eftir lagasetninguna árið 2000*. Akureyri: Jafnréttisstofa.
- Kiernan, K. (2005). *Non-residential Fatherhood and Child Involvement: Evidence from the Millennium Cohort Study*. London: Centre for Analysis of Social Exclusion.
- Kiernan, K. (2006). Non-residential fatherhood and child involvement: Evidence from the millennium cohort study. *Journal of Social Policy*, 35, 651-669.
- Leira, A. (1999). Cash-for-child care and daddy leave. Í P. Moss and F. Deven (Ritstj.) *Parental Leave: Progress or Pitfall? Research and Policy Issues in Europe*, bls. 267-287. Hague and Brussels: NIDI CBGS Publications.
- Leira, A. (2002). *Working parents and the welfare state- family change and policy reform in Scandinavia*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Lewis, J. (2007). Men, women, work, care and policies. *Journal of European Social Policy*, 16(4), 387-392.
- Lög um fæðingarorlof nr. 91/1980.*
- Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000.*
- Moss, P. og M. O'Brien (ritstj.). (2006). *Employment Relation Research Series no. 57- International Review of Leave Policies and Related Research*. London: Department of Trade and Industry.
- Nepomnyaschy, L. og Waldfogel, J. (2007). Paternity leave and fathers involvement with their young children. *Community, Work and Family*, 10(4), 427-453.
- Neuman, W. L. (2003). *Social Research Methods: Qualitative and Quantitative Approaches*. Boston: AB
- O'Brien, M. (2005). *Shared caring: bringing fathers into the frame*. Manchester: Equal Opportunities Commission.
- O'Brien, M. (2007). Fathers, work and family life. *Community, Work & Family*, 10(4), 375 – 386.
- O'Brien, M., Brandth, B. og Kvande, E. (2007). Fathers, work and family life. *Community, Work & Family*, 10(4), 375 – 386.
- Rostgaard, T. (2002). Setting Time Aside for the Father - Father's Leave in Scandinavia. *Community, Work and Family* 5(3), 343-364.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir (2000). *Áfram foreldrar. Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir (2005). Réttur barna og velferð við skilnað foreldra- Um lýðræðishugsun og hagsmuni. *Tímarit lögfræðinga*, 55(2), 183-196.
- Social Security in the Nordic Countries 2003. Scope, expenditure and financing* (2004). Copenhagen: Nordic Social-Statistical Committee.
- Social Security in the Nordic Countries 2005. Scope, expenditure and financing* (2007). Copenhagen: Nordic Social-Statistical Committee.
- Tanaka, S. og Waldfogel, J. (2007). Effects of parental leave and work hours on fathers' involvement with their babies. Evidence from the millenium cohort study. *Community, Work and Family*, 10, 409-426.
- Taylor, S. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods. A guidebook and resource*. New York: John Wiley and Sons.
- Tryggingastofnun ríkisins. (2007). *Staðtölur almannatrygginga, 2007*. Reykjavík: Höfundur.
- Þorgerður Einarsdóttir. (1998). *Gegnum súrt og sætt*. Reykjavík: Jafnréttisnefnd Reykjavíkurborgar.
- Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2004). *Culture, Custom and Caring: Men's and Women's Possibilities to Parental Leave*. Akureyri: Centre for Gender Equality.

Viðauki 1. Viðtalsvísir

Bakgrunnsspurningar,

- Hvort er barnið þitt stelpa eða strákur?
- Hvaða ár fæddist hann/hún og í hvaða mánuði?
- Hvað varst þú gömul/gamall þegar barnið fæddist?
- Hverjir búa á lögheimili barnsins?
- Á barnið einhver systkini, alsystkini, hálsystkini?
 - o Hvað eru þau gömul og hvað átt þú mörg þeirra?
- Hefur þú lokið einhverri menntun, eða ertu í námi?
 - o Hvaða menntun og hvenær?
- Hver er núverandi hjúskaparstaða þín?

Fæðingarorlof

- Hafði meðgangan áhrif á vinnutilhögun þína t.d.
 - o (draga úr vinnu, hætta, færð/ur til í starfi?)
- Þekktir þú til réttinda þinna til fæðingarorlofs?
 - o Hvaðan voru þær upplýsingar komnar?
- Tóku þið bæði fæðingarorlof?
- Ef nei, af hverju ekki?
 - o Ef já, hvernig var skipting fæðingarorlofsins háttað hjá ykkur?
 - o Hvað tókst þú marga mánuði í fæðingarorlof? Samfleytt?
 - o Foreldrar samtímis
 - o Vannstu eitthvað með fæðingarorlofinu?
- Hvernig sömdu þið um tilhögun orlofsins?
- Hvers vegna ákvaðstu að taka fæðingarorlofið á þann hátt sem þú tókst það?
- Voru þið bæði sátt við fyrirkomulag fæðingarorlofs?
 - o Ef ekki, hver var ósáttur og hvers vegna?
- Hver voru viðbrögð atvinnurekenda við ósk um fæðingarorlof?

- Hvernig tók vinnuveitandi þinn í að þú tækir fæðingarorlof?
 - En vinnufélagar
- Hvernig leið þér yfir að yfirgefa vinnustaðinn í þennan tíma?
- Fékkst þú eða þið einhverja ráðgjöf um það hvernig þú/þið ætluðu að haga fæðingarorlofinu? Hjá hverjum
- Hefðir þú viljað að þú/þið hefðuð fengið einhverja ráðgjöf
 - Hvernig ráðgjöf hefðir þú viljað sjá
 - Hjú hverjum hefðir þú viljað sjá hana?
 - Í hvaða formi hefðir þú viljað sjá hana?
- Tekjuskerðingin hafði hún einhver áhrif á fæðingarorlofstökuna?
 - Sveigjanleiki í töku orlofs, var það eitthvað sem þú nýttir þér?

Að fæðingarorlofi loknu

- Hver var staða (nám, starf) þín fyrir fæðingu barns?
 - Fullt starf, hluta starf?
- Hafa einhverjar breytingar orðið á stöðu þinni (starfi, námi) síðan barnið fæddist?
 - Hverjar
 - Hvers vegna
 - Hvað var barnið gamalt þegar þær áttu sér stað?
- Hver er staða (nám, starf) þín í dag?
 - Fullt starf/nám, hluta starf?
- Hvernig var umönnun barnsins hagað þegar fæðingarorlofi lauk?
 - Hver/hverjir gættu barnsins?
- Áttir þú kost á sveigjanlegum vinnutíma þegar þú hófst störf eftir fæðingarorlof,
 - Ef já, hvernig nýttir þú þér það?
- Hvernig gekk að samræma vinnu og umönnun barnsins?

- Hafði fæðingarorlofið þau áhrif að foreldrar tóku báðir þátt í umönnun barns eftir að því lauk?

Samband föður og móður fyrir fæðingu

- Hvernig var samband þitt og föður/móður háttað fyrir fæðingu?
- Hversu vel þekktust þið?
- Hver voru fyrstu viðbrögð þín þegar þú vissir að þú/hún væri barnshafandi?
 - Breyttist það á meðgönguferlinu
- Tókst þú/hann þátt í meðgönguferlinu
 - Hvernig þá?

Samband föður og móður eftir fæðingu

- Hvernig var samband ykkar háttað eftir fæðingu barnsins?
- Hefur samband ykkar breyst eitthvað frá fæðingu barnsins?
- Hvernig er búsetu og forsjá barns háttað?
- Hefur búseta eða forsjá barns breyst eitthvað frá fæðingu barns?
- Hverjir búa á heimili föður/móður sem á ekki lögheimili með barninu?

Samband föður/móður við barn

- Dróstu einhvern lærdóm á þeim tíma sem þú varst í fæðingarorlofinu?
- Kom eitthvað á óvart í fæðingarorlofinu sem þú hafðir ekki átt von á?
 - * Eitthvað í tengslum við barnið
 - * Eitthvað varðandi sjálfan þig
 - * Eitthvað varðandi aðra í umhverfinu þín
- Hvaða áhrif telur þú að tilhögun orlofstöku hafi á samband barns við foreldra?
 - Hvernig var það í þínu tilfalli?
- Telur þú að ábyrgðartilfinning fedra/mæðra, gagnvart barnauppeldinu, hafi breyst eitthvað við það að taka fæðingarorlof?

- Var barnið á brjósti og hvað lengi? Hafði fæðingarorlofið sem slíkt áhrif á tímalengd brjóstagjafar?

Í lokin

- Hver er skoðun þín á því að forsjárlausir feður geta einungis tekið fæðingarorlof með samþykki móðurinnar?
- Hver er skoðun þín á núverandi fyrirkomulagi með tímalengd orlofsins?
- Hver er skoðun þín á því að foreldrar eigi sjálfsstæðan rétt til fæðingarorlofs?
- Hvert telur þú að hlutverk föður/móður sé í fæðingarorlofi?
- Hvert er viðhorf þitt til feðra/mæðra sem taka fæðingarorlof?
- Hefðir þú, litið til baka, vilja haga þeim tíma sem fæðingarorlofið stóð yfir á annan hátt í dag? Hvernig
 - Eitthvað sem þú sérð eftir
 - Eitthvað sem stóð uppúr

Viðauki 2. Upplýst samþykki

Heiti rannsóknar: Hvernig haga einstæðir foreldrar fæðingarorlofi?

Mér undirritaðri/undirrituðum hefur verið kynnt ofangreind rannsókn og efni hennar. Mér er ljóst að markmið þessarar rannsóknar er að öðlast þekkingu og skilning á viðhorfi foreldra sem ekki fara sameiginlega með forsjá barns til fæðingarorlofstöku.

Um verður að ræða u.þ.b. einnar klukkustundar viðtal, þar sem leitast verður við að öðlast innsýn í fjölbreytilegar aðstæður barnafjölskyldna og skilning á því hvernig foreldrar, sem ekki búa saman, taka ákvarðanir um tilhögun orlofsins. Viðtölin verða hljóðrituð og skráð af Rannveigu S. Ragnarsdóttir og mun hún sjálf vinna úr efninu. Mér er ljóst að fylgst verður fyllstu reglum um trúnað og nafnleynd samkvæmt kröfum Persónuverndar og siðanefndar Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands.

Gögn verða auðkennd með númerum og bókstöfum þann tíma sem verið er að vinna úr þeim. Einungis Rannveig og umsjónarmaður rannsóknarinnar munu sjá útskrift viðtalanna og mun nöfnum viðmælenda, staðheitum og öðrum persónugreinanlegum upplýsingum þá hafa verið breytt. Að lokinni rannsókn og skrifum lokaskýrslu og greina, verður gögnunum eytt. Í lokaskýrslunni verða m.a. meginþemu úr viðtölunum dregin fram og mögulega verður vitnað beint til viðtalanna í texta lokaskýrslunnar og greina.

Ég get dregið mig til baka úr rannsókninni á hvaða stigi sem er.

Ávinningur minn með þátttöku í rannsókninni verður sá að fá tækifæri til að ræða reynslu mína, upplifun og aðstæður um tilhögun fæðingarorlofsins. Niðurstöður rannsóknarinnar geta veitt þekkingu á högum einstæðra foreldra og hvernig löggjöfin nýtist þeim, sem er

mikilvæg bæði fyrir íslenskt þjóðfélag og eins þau lönd sem hyggjast taka upp löggjöf sem byggir á hinni íslensku fyrirmynd.

Með undirskrift minni staðfesti ég þátttöku mína í þessari rannsókn og að mér er ljóst hvað í þáttökunni felst, ásamt rétti mínum til að draga mig til baka úr rannsókninni á hvaða stigi sem er.

Ég undirrituð/undirritaður lýsi því hér með yfir að ég er reiðubúin(n) að taka þátt í þeirri rannsókn sem hér um ræðir, án greiðslu eða umbunar.

Dagsetning: _____

Nafn: _____

Dr. Guðný Björk Eydal, dósent í félagsráðgjöf við HÍ og
umsjónarmaður rannsóknarinnar